



**SKOÐUN** Unnur Brá Konráðsdóttir skrifar um biðlista eftir hjúkrunaryrjum. **14**



**MENNING** Hallveig og Hrönn bjóða upp á Kabarfur á Berjadögum. **20**



**LÍFID** Robin Williams átti að baki fjölbreyttan og farsælan feril í Hollywood. **22**



**SPORT** Dagur Sigurðsson var í gær ráðinn þjálfari þýska landsliðsins. **26**

**URVALIÐ ER HJÁOKKUR**  
0% VERTI  
VERU VÖRN

**NÝR 4BLS BÆKLINGUR**  
STÚTFULLUR AF SNILLD MEÐ PÓSTNUM Í DAG

**TÖLVUTEK**  
Flugljávarlík • Hællarmúsi 3 • 103 0000 | Akkaraeyri • Smáskóli 3 • 430 0000

# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur  
13. ágúst 2014  
188. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## MARKAÐURINN



### Vilja auka tengsl frumkvöðla og fjárfesta

Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Klak Innovit, segir að nýsköpunar- og frumkvöðlasetrið vilji leggja meiri áherslu á að tengja saman sprotafyrirtæki og fjárfesta. Það sé helsta áskorunin í dag.

## FRÉTTIR

### Færri en áætlað var

Færri nemendur innritast í menntaskóla en forsendur fjárlaga ráðgerðu. **2**

**Bregðast hart við** Greining á hatursorðræðu leiðir í ljós að hart er brugðist við orðum innflytjenda. **4**



Bolungarvík	8°	NNA 3
Akureyri	8°	NV 4
Egilsstaðir	9°	SV 5
Kirkjubæjarkl.	11°	SV 3
Reykjavík	14°	NA 2

**Hægvíðri** í dag verður yfirleitt hægur vindur eða hafgola. Þjart að mestu sunnan- og vestantil en skýjað og stöku skúrir NA-til. Hiti all að 18°C. **4**

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk | Fartölvur



# Hakk hefur hækkað um 15%

Nautahakk hefur hækkað um tíu prósent umfram verðþróun á 18 mánuðum. Vegna skorts á hakkefni hefur það verið flutt inn í miklu magni. Verndartollar eru gagnrýndir þegar aukin eftirspurn leiðir til verðhækkana.

**NEYTENDUR** Á einu og hálfu ári hefur nautakjöt í heildina hækkað um tæp átta prósent í verði. Það er mun meiri hækking en á öðrum kjöttegundum, en lambakjöt og fuglakjöt hefur til að mynda lækkað um tvö til þrjú prósent í verði á síðustu átján mánuðum.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær hefur innflutningur á nautakjöti tífaldast hér á landi vegna aukinnar eftirspurnar og minni framleiðslu innanlands. Sérstaklega hefur innflutningur á nautgripakjöti til hakkgerðar aukist síðustu misseri og á sama tíma hefur nautahakk hækkað um tæp fimmtán prósent í verði.


Verndartollar eru á innfluttu nautakjöti þrátt fyrir að innlend framleiðsla anni ekki eftirspurn á markaði. Það gagnrýnir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu,

enda ætti vara sem hækkingar í verði vegna skorts ekki að njóta verndartolla.


„Okkar sjónarmið er að á meðan innlendir framleiðendur geti ekki annað eftirspurn eigi að fella niður þessa tolla,“ segir Andrés. „Þetta bitnar á neytendum, það liggur í hlutarins eðli. Það er verið að halda uppi verðinu með tollum og svo með vöntun á vörunni, þá gildir gamla lög málið um framboð og eftirspurn, og verðið hækkar enn meira.“

Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, bendir á að tollar hafi verið lækkaðir í febrúar síðastliðnum með svokölluðum opnum tollkvóta. Spurður af hverju verndartollar séu þó enn á innfluttri vöru sem annars fáist ekki í landinu, svarar hann að þannig sé löginn og framkvæmt sé samkvæmt þeim.

### Verðbreyting á kjöti janúar 2013–júlí 2014



### Verðhækkun á nautahakki



Skv. heimildum Hagstofu

„Reglan er að vernda innlenda framleiðslu, þannig að innflutta verðið felli ekki innlenda verðið,“ segir Ólafur. „Ef innflutningsverðið er lægra er lagður tollur á mismuninn.“

Ólafur er þá spurður hvort ekki skjóti skökku við að vernda inn-

lendar verðhækkunar með tollum. „Við getum ekki vitað hvort skorturinn sé að valda þessum verðhækkunum eða eitthvað annað. Það eru sveiflur í kjötverði, einnig á heimsmarkaði, sem gætu einnig útskýrt þessa hækkingu.“ -ebg



**HVALASÝNING Í UNDIRBÚNINGI** 1.700 fermetra hvalasýning, sú stærsta sinnar tegundar, verður opnuð úti á Granda á næstunni. Hvalslíðin koma frá Kína og þurfti 18 fjörutíu feta gáma til að flytja þau til landsins. Erlingur Snær Erlingsson, sem vinnur við flutninga og samsetningu á líkónunum, segir þau vera frá 25 kílóum upp í tvö tonn á þyngd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Leita að íslenskum leikurum: Matrix-systkini til Íslands

**KVIKMYNDIR** Leikstjórnarnir Lana og Andy Wachowski hafa valið Ísland sem einn af tókustöðum nýrrar sjónvarpsseríu, Sense8. Systkinin er vel þekkt í Hollywood þar sem þau leikstýrðu og skrifuðu meðal annars Matrix-þríleikinn og Cloud Atlas og skrifuðu V for Vendetta.

Tökur hefjast hér á landi 26. ágúst og standa til 6. september en Eskimo-Casting leitar nú að íslenskum aukaleikurum fyrir seríuna. „Við leitum að fólki á aldrinum 18-70 ára af öllum stærðum og gerðum og engar leikreynslu er krafist. Einnig leitum við að fólki sem er vant hjúkrunar- og læknistörfum sem og klassískum tónlistarmönnum,“ segir Andrea Brabin, eigandi Eskimo. -áp/ sjá síðu 30w

## Viðskipti Rússa og Íslendinga með sjávarafurðir hafa margfaldast á áratug: Milljarða verðmæti til Rússlands

**SJÁVARÚTVEGUR** Í fyrra fluttu Íslendingar út sjávarafurðir að verðmæti 18,6 milljarðar króna til Rússlands. Aukningin er



32-föld frá árinu 2003.

Rússneski markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir vex hvað hraðast af þeim mörkuðum sem Ísland á viðskipti við og því er nýsett innflutningsbann til landsins mikið áhyggjuefni fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki.

Í nýrri greiningu Íslenska sjávarklasans, eftir hagfræðingana Bjarka Vigfússon og Hauk Má Gestsson, kemur fram að útflut-

ingur á heilfrystum makríl vegi mest í vexti útflutningsverðmæta til Rússlands, en frýsting hefur verið helsta leið framleiðenda uppsjávafisks til aukinnar verðmætasköpunar. Á síðasta ári skapaði heilfrystur uppsjávafiskur útflutningsvirði upp á 38 milljarða, þar af skilar Rússlandsmarkaður 14 milljörðum, eða ríflega 37 prósentum.

- shá / sjá síðu 12

**BÁTUR DAGSINS**

MIÐVIKUDAGAR  
**Pizzabátur**

Abéins **549kr**

**SUBWAY**  
Ferskleiki er okkar bragð.

**BÁTUR DAGSINS**

MIÐVIKUDAGAR  
**Pizzabátur**

Abéins **549kr**

**SUBWAY**  
Ferskleiki er okkar bragð.

**Aukakílóin burt!**

„Sykurlöngunin hvarf og mittistmálið minnkaði“

natures aid  
**Raspberry Ketones ADVANCED**  
400mg with Green Tea  
60 CAPSULES

www.genurvel.is



## SPURNING DAGSINS



Gunnar, eruð þið að verða óttalegt Bakk-pakk?

„Heyrðu, það gengur alla vega svo vel að við erum komin með vissu bakk-flæði.“

Gunnar Hansson er handritshöfundur og vinnur nú við tökur ásamt fríðu kvikmyndatökuliði að myndinni Bakk.

Eineggja þríburarnir sem fæddust í Kaupmannahöfn aðfaranótt sunnudags eru við góða heilsu:

## Amma heimsækir þríburana í næstu viku

**FÓLK** Íslensku eineggja þríburarnir sem fæddust í Kaupmannahöfn aðfaranótt sunnudags dafna vel.

„Þetta gengur rosalega vel hjá þeim. Þau reikna með að þurfa að vera kannski mánuði inni á sjúkrahúsinu á meðan þeir eru þetta litlir,“ segir amma drengjanna, Brynja Siguróladóttir, aðspurð.

Hún ætlar að fljúga til Danmerkur til að sjá barnabörnin í næstu viku og hlakkar mikið til.

„Þetta er bara yndislegt kraftaverk, það er ekki hægt að segja annað.“

Danskir fjölmiðlar hafa sýnt fæðingunni áhuga og ein sjónvarpsstöð hefur þegar óskað eftir viðtali við foreldrana á sjúkrahúsinu. Foreldrarir voru ekki tilbúnir í það í gær, enda er móðirin, Karin Kristensen, enn að jafna sig.

Sonur Brynju og faðir þríburanna, Jóhann Helgi Heiðdal, lauk meistaranámi í Danmörku fyrir

tveimur árum og hefur búið í Kaupmannahöfn síðan. Systir hans er einnig búsett í borginni og á einmitt von á barni 26. ágúst. „Ég ætlaði að vera mætt á svæðið þegar þau kæmu öll en ég vona að ég verði komin í tæka tíð í þetta sinn,“ segir amman lukkulega.

En þarf hún ekki að flytja út til Danmerkur til að passa öll þessi börn? „Jú, ég held það. Ég verð alla vega þrjár vikur núna og svo sjáum við til hvernig allt fer.“



**KOM Í HEIMINN** Einn þríburanna sem komu í heiminn aðfaranótt sunnudags. MYND/ÚR EINKASAFNI

- fb



**MÓTMÆLENDUR HANDTEKNIR** Myndin er tekin sumarið 2013, stuttu eftir að Mohammed Morsi forseta hafði verið steypt af stóli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Egyptalandsstjórn sökuð um glæpi gegn mannkyni:

## Fjöldamorð á mótmælendum

**EGYPTALAND, AP** Fjöldamorðin á mótmælendum í Egyptalandi á síðasta ári eru ein þau verstu í sögunni og jafnast á við morðin á mótmælendum á Tiananmen-torgi í Peking árið 1989.

Þetta fullyrða mannréttindasamtökin Human Rights Watch, sem hafa sent frá sér harðorða skýrslu um atburðina í Kaíró sumarið 2013.

Í skýrslunni eru egypsk stjórnvöld sökuð um glæpi gegn mannkyni. Sameinuðu þjóðirnar eru hvattar til þess að hefja rannsókn á fjöldamorðunum, þar sem athyglinni verði einkum beint að Abdel Fattah el Sissi, sem nú er orðinn forseti, og um það bil tíu yfirmönnum í öryggissveitum hans.

Samtökin segja her og lögreglu hafa orðið að minnsta kosti 817 mótmælendum að bana eftir að Mohammed Morsi forseta var steypt af stóli í byrjun júlí.

- gb

Rannsaka brot gegn unglengi:

## Kynferðisbrot á Húsavík kært

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri hefur til rannsóknar meint kynferðisbrot karlmanns á sjötugsaldri gagnvart dreng rétt innan við tvítugt. Að sögn Gunnars Jóhannssonar, yfirmanns rannsóknardeildar, var brotið kært í júní síðastliðnum og á að hafa átt sér stað á Húsavík. Hvorugur mannanna er þó búsettur þar. Mbl.is greindi fyrst frá. Gunnar vill lítið gefa upp um málið til viðbótar en segir að rannsókn gangi vel og að málið verði líklega sent Ríkissaksóknara með haustinu.

- bá

Kalkþörungavinnsla í skoðun:

## Vonir um að ný störf skapist

**BOLUNGARVÍK** Tilboð Íslenska kalkþörungafélagsins í gömlu loðnubræðslu í Bolungarvík hefur verið samþykkt.

Áætlanir fyrirtækisins eru að framleiðsla hefjist innan fjögurra ára og talið er að vinnslan skapi 15-20 störf.

Samkvæmt samtali bb.is við Elías Jónatansson, bæjarstjóra Bolungarvíkur, hillir undir að það náist stór áfangi í atvinnumálum í Bolungarvík.

Unnið hefur verið að því að fá fjárfesta til að setja af stað kalkþörungavinnslu í Bolungarvík frá árinu 2009.

- ebg

# Menntaskólanemar færri en áætlað var

Færri nemendur innritast í framhaldsskóla en forsendur fjárlaga ráðgerðu. Ráðuneytið mun óska eftir 400 milljónum króna í fjárlögum til að styrkja rekstur framhaldsskóla. „Komnir niður fyrir rekstrarhæfar forsendur,“ segir skólameistari.

**MENNTUN** Færri nemendur munu setjast á skólabeck í menntaskólum landsins en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir þegar fjárlagafrumvarpið var samþykkt í október í fyrra. Svigrúmið sem verður til við þessa fækkun nemenda verður nýtt til að bæta rekstrarforsendur skólanna. Fjárframlög til menntastofnana verða því ekki skert sem nemur fækkun nemenda. Einnig mun ráðuneytið óska eftir 400 milljónum króna á fjárlögum.

Samkvæmt upplýsingum úr menntamálaráðuneytinu er verið að safna saman tölum um fjölda nemenda við menntaskóla landsins og endanlegur fjöldi nemenda verður ekki ljós fyrr en í fyrstu viku september. Hins vegar sé ljóst að fækkun nemenda verði töluverð en það mun ekki koma niður á fjárframlagi til skólanna.

Jón Már Héðinsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri, fagnar því að ekki verði skert fjárframlög til skólanna og segir að þarna sé ákveðin viðurkenning á því að sumir skólar séu komnir niður fyrir rekstrarhæfar forsendur sem þurfi að lagfæra. „MA og MR til dæmis, skólar sem eru eingöngu með bóknám, eru með mjög lágan kostnað á hvern nemanda og það er almennt orðið viðurkennt að bóknámsskólar geti ekki lengur skilað hverjum ársnemanda fyrir svo lága upphæð.“

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ársáætlanir ríkisstofnana fyrir árið 2014 kemur fram að nokkur fjöldi menntaskóla landsins muni eiga í erfiðleikum með



**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI** Fækkun nemenda mun ekki hafa áhrif á rekstrargrundvöll skólanna og 400 milljónum mun verða bætt í reksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

að standast áætlanir. Alls eru 12 menntaskólar tilgreindir í skýrslunni sem munu eiga í erfiðleikum með að halda sér innan fjárheimilda ef ekkert verður aðhafst. Í skýrslunni kemur einnig fram að menntamálaráðuneytið áformi að óska eftir 400 milljónum króna viðbótarframlagi á fjárlögum til að stemma stigu við þessari þróun.

Jón Már telur þann stakk sem sé sniðinn bóknámsskólum of þröngur og skoða verði stöðu þeirra sérstaklega. „Það hefur staðið til að leiðrétta þetta.

**MA og MR til dæmis, skólar sem eru eingöngu með bóknám, eru með mjög lágan kostnað**

Jón Már Héðinsson, skólameistari MA.

Við höfum fundað um málefnið, skólameistarar bóknámsskólanna, og einnig með ráðherra og það er ákveðinn skilningur í ráðuneytinu á okkar málum.“ segir Jón Már.

sveinn@frettabladid.is

Leggst gegn því að tilskipun ESB um innistæðutryggingar verði lögfest:

## Vilja sextán milljóna tryggingu

**VIÐSKIPTI** Drýstingur er á EES-ríkin af hálfu Evrópusambandsins að innleiða tilskipun um innistæðutryggingar í bönkum þar sem sparifjáreigendur njóta verndar að lágmarki 100 þúsund evra, jafnvirði 16 milljóna króna, fari banki á hliðina. Á sameiginlegum fundi efnahags- og viðskiptanefndar og utanríkismálanefndar í dag var farið yfir nýja tilskipun Evrópusambandsins um innistæðutryggingar en þar segir:

„Aðildarríki skulu sjá til þess að tryggingavernd samanlagðra innstæðna hvers innstæðueiganda sé að lágmarki 100.000 evrur ef innstæðurnar verða ótiltækar.“

Þetta þýðir að hver innstæðueigandi geti að lágmarki fengið 16 milljónir króna greiddar úr innistæðutryggingarsjóði sem stjórnvöld þurfa að setja á laggirnar.

Íslenska ríkið er skuldbundið



**Á ÞINGFUNDI** Frosti Sigurjónsson leggst gegn því að innistæðutryggingin verði í lög. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

samkvæmt EES-samningnum til að innleiða þessa tilskipun í Íslenska löggjöf þar sem hún snýr að fjármálaþjónustu sem fellur undir samninginn. Drýstingur er af hálfu ESB á að EES-ríkin lögfesti tilskipunina að aðalefni sínu. Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hefur miklar efasemdir um réttmæti þess. „Þarna

er verið að tala um að setja 0,8 prósent af innstæðum í sjóð en hérna er mikil samþjöppun í bankakerfinu ólíkt því sem er víða erlendis. Fáir stórir bankar, þrjár stærstu bankarnir með 90 prósent af markaðnum. Það leiðir af eðli máls að það er ekki hægt að búa til tryggingakerfi á svo fábreyttum markaði,“ segir Frosti.

- þþ

**SIRKUS ÍSLANDS**  
— FJALDAR ÓLUFU —  
REYKJAVÍK - ÍSÁFJÖRDUR - AKUREYRI - SELFOS - KEÐLAVÍK

**KEÐLAVÍK**

**13. - 17. ÁGÚST**

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [WWW.SIRKUSISLANDS.IS](http://WWW.SIRKUSISLANDS.IS)

Coca-Cola TVG-ZIMSEN

mid.is



BLAÐAMAÐUR MORGUNBLAÐSINS  
SETUR NÝTT ÍSLANDSMET!

# HRINGINN OG 250 KM AÐ AUKI Á EINUM TANKI



RENAULT **CLIO** DÍSL  
VERÐ FRÁ: 2.890.000 KR.



RENAULT **CAPTUR** DÍSL  
VERÐ FRÁ: 3.590.000 KR.



RENAULT **MEGANE** SPORT TOURER DÍSL  
VERÐ FRÁ: 3.590.000 KR.



(Bílinn sem blaðamaður Morgunblaðsins prófaði)

## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbílnir frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílalaðs Morgunblaðsins, ók á dögnum Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki á einungis einni 60 l tankfyllingu eða u.þ.b. 1.520 km leið. Við óskum Malín og öllum Renault eigendum til hamingju og minnum á að: **ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT!**

[ ... ég var farin að halda að eitthvað mikið væri að  
aksturstölvunni, sem sífellt sagði að ég gæti ekið um  
1.000 kílómetra til viðbótar miðað við aksturslag.]

Malín Brand, Bílalað Morgunblaðsins



www.renault.is



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080



SVONA ERUM VIÐ



**125** súluungar voru skráðir í veiðiskýrslur árið 2012. Árið 2001 voru þeir 1.196 talsins.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir réttmætt að nota tilraunalyf gegn ebólu:

# Meira en þúsund manns hafa látið lífið

**SPÁNN, AP** Alþjóðlega heilbrigðisstofnunin, WHO, hefur komist að þeirri niðurstöðu að siðferðilega réttmætt sé að nota lyf, sem enn eru á tilraunastigi, á sjúklinga sem smitast hafa af ebólueirunni.

Einungis tveir Bandaríkjamenn og einn Spánverji hafa til þessa fengið að njóta góðs af lyfjum, sem hugsanlega gætu hjálpað ebólusmituðum. Spánverjinn lést í gær en Bandaríkjamennirnir tveir eru sagðir vera á batavegi.

Afríkubúar hafa hins vegar enn engin lyf fengið, þrátt fyrir að veiran hafi á þessu ári lagt meira en þúsund manns að velli í fjórum Afríkuríkjum: Gíneu, Sierra Leóne, Líberíu og Nígeríu.

„Ef til eru lyf sem gætu bjargað mannlífum, eins og tilraunir á dýrum benda til, eigum við þá ekki að nota þau til þess að bjarga mannlífum?“ spyr Marie-Paule Kieny, aðstoðarframkvæmdastjóri stofnunarinnar. Hins vegar tók hún fram að ekki mætti vekja falskar vonir um að fundin væri örugg leið til þess að lækna ebólu: „Það er alls ekki svo,“ sagði hún á blaðamannafundi á Spáni í gær.

Sumir sérfræðingar telja engan veginn ljóst að þróun nýrra lyfja eða bóluefna sé komin það langt að þau geti skipt sköpum í baráttunni við ebólu.



**BARIST VIÐ EBÓLUNA** Heilbrigðisstarfsmaður á sjúkrahúsi í Síerra Leóne skoðar ebólusmitaða sjúklinga.



**Í GLERBÚRI** Í stað þess að standa í sólinni eða í heitri kompu stendur öryggisvörður í Peking í loftkældu glerbúri vegna þess mikla hita sem er í Kína þessa dagana.

## Hitinn getur náð fjörutíu gráðum í hitabylgjum í Kína: Óbærilegur hiti í Peking

**PEKING, AFP** Oft verður hitinn nær óbærilegur í Peking í Kína yfir sumarið og fer stundum upp í fjörutíu gráður.

Undanfarin ár hafa hitabylgjur gengið reglulega yfir borgina og önnur héröð landsins, með þeim afleiðingum að fólk lætur lífið eða þarf að leggjast inn á spítala vegna hitans. Þetta sumarið er engin undantekning í Peking en hitinn hefur farið allt upp í 37 stig. Peking er eins og gufuklefi og hefur fólk verið ráðlagt að halda sig innan-dyra. Þeir sem þurfa að mæta í vinnu reyna að kæla sig niður eins og öryggisvörðurinn á myndinni sem stendur í loftkældu glerbúri.

## Ráðuneytið svarar fyrir sig: Telur sjóðinn innan heimilda

**STJÓRNSÝSLA** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vill taka skýrt fram að Framkvæmda-sjóður ferðamannastaða er innan fjárheimilda. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu á vef ráðuneytisins.

Í tilkynningunni segir að nýtt-komin skýrsla um fjárreiður ríkissjóðs taki ekki tillit til aukafjár-veitingar sem ríkistjórnin veitti, um 380 milljóna króna, auk tæp-lega 200 milljóna sem sjóðurinn átti ósnertar frá fyrra ári.

## Púsund sýna stuðning í verki: Sniðganga vörur frá Ísrael

**MANNRÉTTINDAMÁL** Ríflega þúsund Íslendingar hafa ákveðið að sýna stuðning í verki við mann-réttindar- og frelsisbaráttu Pal-estínnumanna og kaupa ekki ísra-elskar vörur.

Á Facebook-síðu hópsins, Við kaupum ekki vörur frá Ísrael, er safnað saman upplýsingum um vörur frá Ísrael sem seldar eru á Íslandi, hvar þær fást, sem og upplýsingum um alþjóðleg fyrir-tæki sem styðja aðgerðir Ísraels-manna.

# Harðar brugðist við orðum innflytjenda

Mannréttindastjóri undrast ekki að innflytjendur veigri sér við að blanda sér í umræðuna um innflytjendamál. Greining á hatursorðræðu leiðir í ljós að hart er brugðist við orðum þeirra. Algengast að fordómafull ummæli falli í garð múslima.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það er eins og innflytjendur eigi ekki að fá að tjá skoðun sína á málefnum sínum,“ segir Anna Kristinsdóttir, mann-réttindastjóri Reykjavíkurborgar.

Í gær kynnti mannréttindaráð Reykjavíkur greiningu á haturs-orðræðu sem Bjarney Friðriks-dóttir, doktorsnemi í Evrópuráð-gjöf, vann fyrir ráðið. Þar kemur fram að Íslendingar bregðast harð- ar við ef innflytjandi hefur sig í frammum um málefni innflytjenda en þegar íslenskur talsmaður gerir það.

Samkvæmt greiningunni ber talsvert á ummælum sem ein-kennast af kynþáttafordómum í umræðunum á íslenskum fréttanetmiðlum. Algengast er að slík ummæli séu sett fram í garð múslima. Skemmt er að minn-ast morðhótunum sem Salmann Tamimi kærði, fyrrverandi for- maður Félags múslima á Íslandi, en sá ósömi leit dagsins ljós í umræðunni um byggingu mosku í Reykjavík. Einnig eru algeng ummæli sem einkennast af þjóð- ernishyggu og ný-rasisma, sam- kvæmt greiningunni.

Bjarney hafði úr nægu að móða því hún las tæp fimmtán þúsund ummæli og var aðeins fjórðungur þeirra skrifaður af konum.

Reykjavík er nú í aðlögunarferli til að fylla flokk Evrópuráðsins yfir alþjóðlegar borgir eða Inter-cultural city eins og verkefni ráðs- ins er kallað. Alls eru sextíu borgir á þeim lista og svo Reykjavík komist á hann verður hún meðal annars að standast úttekt sem eftirlitsmenn ráðsins munu gera og



**FRÁ BÆNASTUND MÚSLIMA** Svo virðist sem innflytjendur eigi ekki að fá að tjá skoðanir sínar á málefnum innflytjenda.

## GREINING Á HATURSORÐRÆÐU

### Jákvætt

- Upplýst fólk tekur jafnan til varna fyrir minnihlutahópa þegar fordómafull ummæli eru sett fram.
- Reykjavík er í tilraunaverkefni með Intercultural city og því munu eftirlitsmenn frá Evrópuráðinu gera úttekt á því á haustmánuðum hvernig borgin þjónar innflytjendum.

eru þeir væntanlegir á haustmánuðum. Þeir munu kanna hvernig borgin sinnir innflytjendum.

Efnisflokkarnir sem skoðaðir voru í greiningunni voru flóttá-

### Neikvætt

- Fólk af erlendum uppruna virðist ekki eiga að líðast að hafa gagnrýna rödd í samfélaginu.
- Fordómafull ummæli, sem rætur eiga að rekja til staðalímnda, eru algeng, einkum gegn múslimum.
- Þeir sem láta slík ummæli falla virðast ekki þekkja takmörk tjáningarfrelsisins.
- Nokkrir halda úti vefsíðum þar sem haturs- og hræðsluáráðri er beint gegn múslimum, óspart notað í um-ræðunni um byggingu mosku.

fólk, fólk af erlendum uppruna eða innflytjendur, bygging mosku í Reykjavík, jafnrétti kynjanna, feminismi, kynferðislegt ofbeldi og hinsegin fólk.

Fram til 31. ágúst gefum við afslátt sem nemur virðisaukaskattinum af öllum okkar eldhúslinum.

**kvik**  
Allir eiga að geta eignast flott eldhús

**Kvik Reykjavík:**  
Suðurlandsbraut 16. Sími 5880500

### Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 32°	Friedrichshafen 18°	New York 26°
Apena 36°	Gautaborg 22°	Orlando 33°
Basel 22°	Kaupmannahöfn 22°	Ósló 20°
Berlín 24°	Las Palmas 27°	París 21°
Billund 21°	London 22°	San Francisco 20°
Frankfurt 20°	Mallorca 30°	Stokkhólmur 22°

**Á MORGUN**  
Hæg SV-átt austantil en 7-13 m/s V-til.

**ÞÓSTUDAGUR**  
Hæg breytileg átt í fyrstu, hvessir síðdegis.

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður

**HÆGT KÓLNANDI** Í dag verður yfirleitt hæg N-átt eða hafgola. Í nótt snýst vindur í suðvestlægari áttir en áfram verður hægviðri að mestu. Á föstudag hvessir heldur er líður á daginn, fyrst NV-til. Áfram hlýjast S- og SV-til en kólnar lítillega í veðri.

**AUGLÝSINGADELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jon@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is

**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



# VILTU NÝJA ÁSKORUN?



SKRÁÐU ÞIG Á  
PÓSTLISTANN  
OG ÞÚ GÆTIR  
UNNIÐ 150.000 KR.  
GJAFABRÉF  
DREGIÐ 30. ÁGÚST '14

[www.promennt.is](http://www.promennt.is)

## NÁMSKEIÐ

# VEFSÍÐUGERÐ • GRAFÍSK HÖNNUN

Promennt býður upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða sem bæta stöðu þína á sviði upplýsingatækni. Þeir sem hafa áhuga á grafískri hönnun og/eða vefsíðugerð ættu ekki að láta þessi námskeið framhjá sér fara.

### ▶ VEF SÍÐUGERÐ – allur pakkinn

Sérlega hagnýtt og vandað námskeið fyrir þá sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegrri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Námskeiðið hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

- PHOTOSHOP MYNDVINNSLA FYRIR VEFINN
- HTML og CSS
- DREAMWEAVER
- WORDPRESS
- LOKAVERKEFNI

Þátttakendur setja upp eigin vef frá grunni og fá aðstoð við að koma sér upp léni og vista síðuna á Netinu. Jafnframt er lögð sérstök áhersla á leitarvélabestun og að vefur virki jafnt í öllum vöfrum og snjalltækjum.

Hefst: **8. september** • Tími: **18-21:30** • Lengd: **115 std.** • Verð: **147.000 kr.**  
Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **24.500 kr.**

### ▶ GRAFÍSK HÖNNUN

Sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir. Þátttakendur læra að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF).

Tekin eru fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin í dag:

- Photoshop (myndvinnsla)
- Illustrator (teikning)
- InDesign (umbrot)

Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum. Einnig fá þátttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms.

Hefst: **2. sept.** • Tími: **18-21:30 (lau. 9:30-13:00)** • Lengd: **105 std.** • Verð: **169.000 kr.**  
Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **26.167 kr.**

STÖK NÁMSKEIÐ	HEFST	LENGD	VERÐ
WordPress – vefurinn minn	10. sept.	26 std.	39.000 kr.
Margmiðlunarsmiðjan	15. sept.	120 std.	28.000 kr.
Dreamweaver HTML og CSS	22. sept.	52 std.	66.000 kr.
Photoshop fyrir byrjendur	8. sept.	21 std.	39.000 kr.
Photoshop 2	28. okt.	36 std.	64.000 kr.
Illustrator	18. nóv.	36 std.	64.000 kr.
InDesign	6. sept.	31 std.	59.000 kr.

Skráning fer fram á vefnum okkar [www.promennt.is](http://www.promennt.is) og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

”Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.  
Íris Magnúsdóttir, markaðsstjóri Wice ehf.



Gæðavottun  
fræðsluáðila



Promennt er eini  
Microsoft-vottaði  
skólinn á Íslandi



Hjá Promennt er  
einnig boðið upp á  
fjarkennslu í beinni



Hjá Promennt er  
boðið upp á dag-  
og kvöldnám



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hlut í hvaða fyrirtæki hyggjast Arion banki og lífeyrissjóðir selja?
2. Hver er forstjóri Sjúkratrygginga?
3. Hve mikið hefur innflutningur nautakjöts aukist frá því í fyrra?

SVÖR

1. Bakavör 2. Steingrímur Arni Ártason 3. Innflutningur hefur tífaldast

## Uppbygging bættrar aðstöðu ferðamanna með stígagerð og nýju bílastæði fyrirhuguð við Goðafoss: 30 milljónir í framkvæmdir við Goðafoss

**PINGEYJARSVEIT** Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við Goðafoss fyrir um 30 milljónir króna. Deiliskipulagsvinna er langt á veg komin. Tillögurnar eru unnar af Landslagi ehf. og Glámu-Kím arkitektum fyrir Þingeyjarsveit.

Tillögurnar eru nú í vinnslu og búið er að kynna þær fyrir landeigendum og í skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar og hafa þær alls staðar fengið jákvæðar undirtektir. Stefnt er að því að endanleg tillaga að deiliskipulagi fari í formlegt deiliskipulagsferli síðar á þessu ári.

Búið er að veita styrki til verkefnisins úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða upp á 15

milljónir króna vegna stígagerðar, merkingar og uppgræðslu samkvæmt deiliskipulagi. Einnig var veittur jafn hár styrkur vegna átaks til uppbyggingar á ferðamannastöðum 2014.

Helga Erlingsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri Hörgársveitar, hefur verið ráðin tímabundið sem sérstakur verkefnisstjóri til að halda utan um framkvæmdirnar við Goðafoss.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur lýst ánægju sinni með verkefnið þar sem Goðafoss sé fjölsóttasti ferðamannastaður sveitarfélagsins og telur brýnt að laga aðgengi ferðamanna við fossinn.



**GOÐAFOSS** Búið er að veita 15 milljóna króna styrk til verkefnisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KEMUR Í DAG** Heimsóknin er í kveðju-skyni. NORDICPHOTOS/AFF

### Anders Fogh til Íslands: Hittir ráðherra og alþingismenn

**UTANRÍKISMÁL** Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, kemur til Íslands í dag í boði Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra. Heimsóknin er liður í undirbúningi fyrir leiðtogafund bandalagsins, sem haldinn verður í Wales dagana 4.-5. september. Jafnframt er um kveðjuheimsókn framkvæmdastjórans að ræða, en hann lætur af störfum í lok næsta mánaðar. Anders Fogh Rasmussen mun meðal annars eiga fundi með forsætisráðherra og Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra og heimsækja Alþingi á meðan á heimsókn hans stendur. Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins heldur af landi brott að morgni fimmtudags. -jhh



**FJÁRLAGANEFND** Fjárlaganefnd Alþingis kom saman til fundar í gær. Á fundinn voru kallaðir fulltrúar ráðuneyta sem bera ábyrgð á stofnunum sem eru komnar fram úr fjárheimildum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

## 100 milljónir fram úr fjárheimildum

Niðurskurður á Hagstofunni varð til þess að Landsbókasafn/Háskólabókasafn gat ekki sent út reikninga á réttum tíma. Það varð til þess að Hagsýsla ríkisins segir safnið hafa farið 100 milljónir króna fram fjárheimildum á fyrri hluta ársins.

**EFNAHAGSMÁL** Samkvæmt árs-hlutauppgjöri Hagsýslu ríkisins fór Landsbókasafn/Háskólabókasafn 106 milljónir fram úr fjárheimildum á fyrri hluta ársins.

„Við kaupum áskriftir að erlendum fræði- og vísindatimaritum, fyrir skóla landsins, stofnanir og bókasöfn og tryggjum að allir landsmenn hafi aðgang að þessu efni í gegnum vefinn Hvar.is Undanfarin ár höfum við sent út reikninga fyrir þessum áskriftum í júní en í ár dróst það fram í júlí og það skýrir 60 til 70 milljónir af framúrkeyrslunni,“ segir Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður.

Ingibjörg segir að það sé nokkuð flókið reiknilíkan á bak við áskriftarreikningana, sem hafi byggst á tölum frá Hagstofunni. Það hafi hins vegar orðið niðurskurður á Hagstofunni og stöðugildi þess sem sá um tölurnar hafi verið lagt niður. „Niðurskurður á Hagstofunni orsakaði vandræði hjá okkur,“ segir landsbókavörður.

Hún segir að það hafi því dregist að senda út reikningana. Menntamálaráðuneytið hafi loks útvegað tölur inn í reiknilíkanið og þá hafi verið hægt að senda út reikningana. Reikningarnir verði væntanlega greiddir innan skamms.

Ingibjörg segir að kjarasamningar sem gerðir voru á fyrri helmingi ársins hafi líka sett strik í reikninginn auk annarra kostnaðarhækkana en þrátt fyrir

### Fjárlaganefnd fundar um framúrkeyrslu

Fjárlaganefnd kom til fundar í gær til að ræða framúrkeyrslu stofnana á vegum ríkisins. Komið hefur fram hjá formanni og varaformanni nefndarinnar að framúrkeyrsla stofnana sé litin alvarlegum augum.

Fulltrúar þriggja ráðuneyta komu til fundar við nefndina að þessu sinni; Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og umhverfisráðuneytinu.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, sagði að þessi þrjú ráðuneyti hefðu fært nægar skýringar á framúrkeyrslum sinna undirstofnana og því ekki þörf á að forstöðumenn stofnana þyrftu að koma fyrir nefndina.

Fulltrúar velferðarráðuneytis og innanríkisráðuneytis koma á fund nefndarinnar þann 25. ágúst en undir þeim ráðuneytum eru Sjúkratryggingar og Vegagerðin sem stefna hvað lengst fram úr fjárheimildum.

það eigi hún von á að þegar árið verður gert upp í heild verði Landsbókasafn/Háskólabókasafn innan fjárheimilda.

Veðurstofa Íslands fór 123 milljónir króna fram úr heimildum á fyrri helmingi ársins, samkvæmt útreikningum Hagsýslunnar. Veðurstofan hafnar því og segir að rekstur Veðurstofu Íslands sé að miklu leyti fjármagnaður með sértekjum eða sem nemur tæpum 60 prósent af heildarfjármögnun stofnunarinnar og má þar nefna þjónustu við alþjóðaflugugið, Ofanflóðasjóð og þjónustu- og rannsóknarverkefni. Vegna þessa er dreifing tekna innan ársins ójöfn og er reynt að gera ráð fyrir því í greiðsluáætlun ársins. Umfjöllunin í fréttum byggist á ársfjórðungsstöðu fjárreiða ríkissjóðs en ekki var búið



Undanfarið ár höfum við sent út þessa reikninga fyrir þessum áskriftum í júní en í ár dróst það fram í júlí og það skýrir 60-70 milljónir af framúrkeyrslunni.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður.

að færa allar sértekjur fyrstu sex mánuði ársins til tekna í bókhaldi stofnunarinnar þegar staðan var tekin út, sem skýrir frávikkið.

johanna@frettabladid.is



**STRÆTÓ** Það er ódýrara fyrir námsmenn að fá faran en að borgarbúa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Hagstæð kjör fyrir nema: Sala á nema-kortum hafin

**SAMFÉLAGSMÁL** Sala á nema-kortum fyrir veturinn 2014-2015 hjá Strætó bs. hófst í gær. Alls seldust 4.161 nema-kort á síðasta vetri. Kortið kostar 42.500 og gildir til 31. ágúst 2015. Séu farnar tvær ferðir á dag fimm sinnum í viku jafngildir það því að hver ferð kosti 82 krónur. Námsmenn sem skráðir eru til náms í framhaldsskóla eða háskóla á höfuðborgarsvæðinu og með lögheimili í einu þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að Strætó bs. eiga þess kost að kaupa kortin sem veita þeim aðgang að almenningsvögnum Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu. -jhh



**SAGT UPP** Verkamaður stendur við hjólbarda, sem kveikt hefur verið í fyrir utan höfuðstöðvar RR Donelly í Buenos Aires. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Róður þyngist í Argentínu: Uppsagnir og verkföll herja á

**ARGENTÍNA, AP** Bandaríska stórfyrirtækið RR Donnelly, sem er á lista yfir 500 stærstu fyrirtæki heims, hefur lokað verksmiðju sinni í Argentínu og sagt upp 400 manns.

Þetta fengu verkamenn fyrirtækisins skýndilega að vita í gær, þegar þeir mættu til vinnu. Engar skýringar voru gefnar aðrir en þær að efnahagsvandinn sé orðinn óvirdanlegur.

Þá eru þúsundir flugfarþega strandaglópar í höfuðborginni Buenos Aires vegna verkfalls flugmanna, sem krefjast 35 prósent launahækkunar.

Greiðslubrot argentínska ríkissjóðsins nýverið hefur ekki bætt úr skák. -gb



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Farþegum sem koma til landsins hefur fjölgað stórléga á undanföllum árum. Þar með fjölga starfsmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Nærri 300 í sumarstörfum: Starfsmönnum Isavia fjölga

**SAMGÖNGUR** Starfsmenn Isavia í sumar eru alls 1.135 í 1.056 stöðugildum sem er 6,5% aukning frá sama tíma í fyrra. Þessi fjölgun starfsmanna fylgir auknum fjölda ferðamanna sem fer um Keflavíkflugvöll, en fjöldinn fór yfir 500 þúsund í júlí. Meðalfjöldi starfsmanna utan háannatíma er að jafnaði 884 í 791 stöðugildi. Sumarstarfsmenn eru alls 283 og langflestir í Keflavík eða alls 254.

Þá hafa 14 nýir nemar í flugumferðarstjórn tekið til starfa hjá Isavia en þar starfa alls um 100 flugumferðarstjórnar í flugstjórnarmidstöðinni í Reykjavík og flugturnunum í Keflavík, Reykjavík og á Akureyri. -jhh





Line innréttingar  
Postulínshandlaugarborð.  
Breidd 60 til 120 cm.  
Dýpt 46 cm.



# Gæði

# Úrval



# og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18  
laugardaga lokað í sumar  
Ármúla 31 - Sími 588 7332

# i-t.is



- fyrir þitt heimili



# 20% afsláttur



**Voltaren** Fæst án lyfseðils. Lesið leiðbeiningar í fylgiseðli vandlega fyrir notkun.

## Landsbyggðin

Glerártorg Akureyri  
Hrísalundur Akureyri  
Dalvík  
Hella  
Hveragerði  
Hvolsvöllur  
Keflavík  
Selfoss  
Vestmannaeyjar  
Þorlákshöfn

## Höfuðborgarsvæðið

Austurver  
Domus Medica  
Eiðistorg  
Fjörður  
Hamraborg  
JL-húsið  
Kringlan

**Lyf & heilsa**  
Við hlustum!



**SKÓLASTJÓRINN** Ólafur Haukur Johnson segist ætla að finna sér eitthvað annað að gera en reka Hraðbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Endalok hjá Hraðbraut

Menntaskólinn hraðbraut mun ekki taka til starfa á fimmtudaginn. Eigandi skólans segir að eigur hans séu komnar á brunaútsölu og hyggst snúa sér að öðru.

**MENNTAMÁL** Eigandi Menntaskólans Hraðbrautar segir að fram undan sé brunaútsala á eignum skólans. Hraðbraut mun ekki taka til starfa á fimmtudag vegna skorts á nemendum.

Menntaskólinn Hraðbraut tók fyrst til starfa árið 2003 og hefur útskrifað um 500 nemendur. Skólinn hefur ekki verið starfræktur síðastliðin tvö ár en áformað var að hefja kennslu við skólann á ný næstkomandi fimmtudag. Ekkert verður af þeim áformum vegna skorts á nemendum sem höfðu tök á því að greiða skólagjaldið sem er 890 þúsund krónur fyrir skólaárið.

„Það voru 30 nemendur sem ætluðu að hefja nám en svo hefur kvarnast mjög hratt úr þeim hópi. Maður skilur það. Þetta er feikilega há upphæð, 890 þúsund krónur, í samanburði við að borga lítið sem ekkert í öðrum skólum,“ segir Ólafur Haukur Johnson, eigandi Hraðbrautar.

Ólafur segir að búið sé að endurgreiða flestum nemendum skólagjaldið og þeir verði aðstoðaðir við að fá inni í öðrum framhaldsskólum.

Ólafur gagnrýnir að hið opin-

„Það voru 30 nemendur sem ætluðu að hefja hér nám en svo hefur kvarnast mjög hratt úr þeim hópi. Þetta er feikilega há upphæð, 890 þúsund krónur.“

Ólafur Haukur Johnson, eigandi Hraðbrautar.

bera styðji ekki við bakið á Hraðbraut en þjónustusamningi við skólann var sagt upp árið 2012. Hann segir að skólinn útskrifi nemendur með talsvert minni tilkostnaði fyrir hið opinbera en aðrir framhaldsskólar. Tíðindin marki líklega endalok skólans.

„Það er ekkert fram undan annað en nánast að halda brunaútsölu á eignum skólans og snúa sér að einhverju öðru í framtíðinni. Það er fyrst og fremst dæmurlagt fyrir íslenska framhaldsskóla að svona valkostur skuli ekki vera fyrir hendi vegna þess að ríkið er algjörlega ófært um að bjóða upp á svona valkost,“ segir Ólafur Haukur. - jfk

„Ég hafði komið víða við í vinnu. Síðasta starfið fyrir námið hjá NTV var kokkastarf. Eftir Kerfisstjórabrautina fékk ég frábært starf hjá Isavía.“

Guðni Thorarensen  
Kerfisstjóri hjá Isavía

**Upplýsingar og skráning:**  
544 4500 / [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

# KERFISSTJÓRABRAUT

## NÝR STARFSVETTIVANGUR Á EINU ÁRI!

### Helstu upplýsingar:

Lengd: 371 stundir

Verð: 583.000.-

### Dagnám

Hefst: 26. ágúst 2014

Lýkur: 5. maí 2015

Dagar: þri & fim: 8.30 - 12.30  
fös: 13.00 - 17.00

### Kvöld- og helgarnám

Hefst: 25. ágúst 2014

Lýkur: 5. maí 2015


Dagar: mán & mið: 18 - 22  
lau: 8.30 - 12.30

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast viðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilana- greiningu á vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Námið samanstendur af 3 námskeiðum:

- Tölvuviðgerðir
- Win 7/8 & Network+
- MCSA Netstjórnun

Gefinn er 10% afsláttur af öllum pakkanum. Þrjú alþjóðleg próf innifalín: „Microsoft Certified Solutions Associate“



Ekki sannað að maður hafi nýtt sér ölvun konu:

## Sýknaður af ákæru um kynferðisbrot

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur sýknað karlmann af ákæru um nauðgun að loknu balli nærri Blönduósi 5. október í fyrra. Taldi dómurinn ósannað að maðurinn hefði af ásetningu notfært sér ölvun og svefndrunga stúlkunnar sem sakaði hann um nauðgun. Einn dómari skilaði sératkvæði og vildi sakfella.

Stúlkan fór á gistiheimili á Blönduósi fyrir miðnætti. Taldi hún sig vera orðna af drukna og ætlaði að leggjast til hvílu, áður en þrjár vinkonur hennar, sem voru með henni í för, kæmu upp á herbergið að lokinni skemmtun.

Þegar ein af vinkonunum þremur var komin upp í rúm varð hún vör við hljóð sem kom frá rúmi brotaþola. Reis hún á fætur og sá ákærða, reif af honum sængina og rak hann á dyr.

Stúlkan sem brotið var á sagði fyrir dómi að hún hefði verið sofandi og dreymt að maðurinn hennar væri kominn. Hún hafi þá fundið fyrir einhverjum atlotum.



**BLÖNDUÓSI AÐ SUMARLAGI** Vinkonurnar voru að skemmta sér á Blönduósi í október. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

Hún kvaðst vita það eitt að hún hafi vaknað nakin að neðan með karlmann ofan á sér. Hún hafi ekki boðið honum upp í til sín.

Dómari komst að þeirri niðurstöðu að ákærða hafi ekki getað verið ljóst að brotaþoli væri andsnúinn atlotum hans. Því sé ósannað að hann hafi af ásetningu notfært sér ástand konunnar.

- ktj,jhk

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN  
– VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

**ntv**



RÝMUM TIL FYRIR  
NÝJUM VÖRUM!

RISA

ÚTSALA  
30-70%  
AFSLÁTTUR!



35%

AFSLÁTTUR

FARYN  
Queen Size rúm (153x203 cm)  
FULLT VERD 282.083 kr.  
ÚTSÖLUVERD  
183.360 kr.  
= 35% AFSLÁTTUR!

CACIOS  
King Size (193x203 cm)  
FULLT VERD 305.466 kr.  
ÚTSÖLUVERD  
152.732 kr.  
= 50% AFSLÁTTUR!

50%  
AFSLÁTTUR

CELESTIAL DIAMOND  
King Size rúm (193x203 cm)  
FULLT VERD 331.233 kr.  
ÚTSÖLUVERD  
99.370 kr.  
= 70% AFSLÁTTUR!

70%  
AFSLÁTTUR

ÓTRÚLEGT  
TILBOD!

50 til 70% AFSLÁTTUR  
AF SÝNINGAR-  
OG SKIPTIRÚMUM

SILVIA  
HÆGINDASTÓLL  
FULLT VERD 43.700 kr.  
ÚTSÖLUVERD  
34.960 kr.



rekkjan

HEILSURÚM





**HRAKNING-AR** Þúsundum flóttamanna hefur tekist að komast yfir landamærin til Sírlands. NORDICPHOTOS/AFP

# Jasídar enn innikróaðir

Sameinuðu þjóðirnar segja lífsnauðsynlegt að útvega þeim, sem enn eru á hrakningi í fjallshlíðunum hjá bænum Sindsjar, næringu og vatn sem allra fyrst.

**ÍRAK** Þúsundir Jasída eru enn innikróaðar í fjöllumunum í norðanverðu Írak. Þeir hafa verið þarna í meira en tíu daga, að mestu matar- og vatnslausir og margir orðnir illa haldnir.

Vígasveitir herskára íslamista hröktu þá frá bænum Sindsjar, sem þeir náðu á sitt vald í byrjun mánaðarins. Tugir þúsunda flúðu frá bænum og margir þeirra hafa nú komist yfir landamærin til Sírlands, en Sameinuðu þjóðirnar segja lífsnauðsynlegt að útvega þeim sem enn eru á hrakningi aðstoð.

Fjölmargir kristnir íbúar Íraks hafa einnig hrakist á flótta undan ofbeldi hinna herskáu íslamista sem nú hafa mánuðum saman haft

stóra hluta landsins á sínu valdi.

Stjórn Núrí al Malíkis hefur verið kennt að nokkru um ólguna í landinu, sem minnkað hefur mótstöðuna gegn vígasveitum samtakanna Íslamsks ríkis. Malíki hefur dregið taum sjá-múslima en hunsað að stórum hluta hagsmuni súnnía, Kúrda og annarra þjóðernishópa í landinu.

Forseti landsins hefur nú ákveðið að fela Haider al Abadi, flokksbróður Malíkis, að mynda ríkisstjórn, en Malíki hefur engan hug á að gefa eftir forsætisráðherraembættið. Honum hefur samt ekki tekist að afla sér stuðnings annarra á þingi til að mynda nýja ríkisstjórn eftir þingkosningarnar í vor. gb

## ÍSLAMSKT RÍKI

Samtök vígamanna sem vilja þröngva eigin öfgatúlkun trúarinnar upp á múslima, en vekja almennt frekar ótta en aðdáun. Þessi hópur nefndi sig áður Íslamskt ríki í Írak og Sírlandi, en þar áður kölluðu forverar þeirra sig Al Kaída í Írak. Gegndarlaust ofbeldi þeirra gekk meira að segja fram af Al Kaída, samtökum Osama bin Ladens, sem vildu ekkert hafa með þennan hóp vígamanna að gera.

## SJÍA-ARABAR

Um 60 prósent íbúa Íraks eru sjíatrúaðir arabar. Þeir eru því með drjúgan meirihluta í landinu og fara létt með að sigra í kosningum. Núrí al Malíki, sem verið hefur forsætisráðherra í tvö kjörtímabil, er sjá-múslimi.

## SÚNNÍ-ARABAR

Um fimmtungur íbúa landsins eru súnní-arabar. Þeir eru í minnihluta og hafa verið hafðir útundan við stjórn landsins undanfarið. Einræðisherrann Saddam Hússein var súnní-arabi en tókst að beygja aðra þjóðernishópa undir sig.

## KÚRDAR

Kúrdar eru tæplega fimmtungur landsmanna. Flestir eru þeir súnní-múslimar, en meðal þeirra er einnig að finna sjá-múslima. Þeir hafa nokkra sjálfstjórn og vilja helst stofna sjálfstætt ríki í norðurhluta landsins.

## JASÍDAR

Jasídar teljast til Kúrda en aðhyllast trúarbrögð sem eiga rætur í kenningum Zaráþústra en hafa orðið fyrir margvíslegum áhrifum frá flestum öðrum trúarbrögðum í Mið-Austurlöndum, þar á meðal kristni, íslam og gyðingdómi.

## ASSÝRÍUMENN

Kristnir menn hafa verið um fimm prósent íbúa Íraks. Flestir eru þeir

## ÞJÓÐFLOKKAR OG TRÚARHÓPAR Í ÍRAK



Íbúar Íraks eru rúmlega þrjátíu milljónir, en skiptast í ólíka hópa eftir þjóðernum og trúarbrögðum. Þeir helstu eru síndir á kortinu. Innbyrðis spennan og átök milli þessara hópa hafa verið viðloðandi og hætta talin á að landið klonfni á endanum í tvö eða jafnvel þrjú ríki.

Assýríumenn, en sumir eru Armenar. Þeir búa víða um landið, en flestir þó í norðurhlutanum og hafa hrakist tugþúsundum saman undan sókn Íslamska ríkisins.

## TÚRKMENAR

Túrkmenar eru skyldir Tyrkjum. Þeir hafa verið eitthvað innan við tíu prósent landsmanna og eru þriðji stærsti þjóðernishópur landsins, næst á eftir Aröbum og Kúrdum. Þeir eru ýmist súnnítrúar eða sjár.

**NÚRÍ AL MALÍKI** hefur verið forsætisráðherra síðan 2006 og hefur engan áhuga á að gefa eftir embættið, þótt hann njóti ekki stuðnings meirihluta þingsins lengur.



www.volkswagen.is

## VW Tiguan. Kominn í sportgírinn.

**Tiguan Sport & Style Diesel 2.0 TDI á freistandi tilboði:**  
**6.750.000 kr.**  
Þú sparar 715.000 kr.

Nú bjóðum við Volkswagen Tiguan Sport & Style drekkhlaðinn af sportbúnaði, á freistandi tilboði sem erfitt er að standast. Komdu og reynsluaktu þessum frábæra bíl. Það kæmi okkur ekki á óvart ef þú vildir taka hann með þér heim eftir rúntinn.



Das Auto.



Eina sérværslun landsins  
með grill og garðhúsgögn

# Grillbúðin

# SUMMAR ÚTSALA

[www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

Þekktustu  
merkin á  
einum stað

VELDU  
GRILL  
SEM ENDIST  
OG ÞÚ  
SPARAR



Mikið úrval  
Garðhúsgagna  
með 30 - 50%  
afslætti

Opið laugardaga til kl. 16

Grill með  
10.000 til  
50.000 kr  
afslætti

Komdu og fáðu ráðleggingar

# Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | [grillbudin.is](http://grillbudin.is)



# Þrítugföldun útflutnings á áratug

Á aðeins áratug hafa viðskipti með sjávarafurðir á milli Íslendinga og Rússa tugfaldast. Rússneski markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir vex hvað hraðast. Norsk fyrirtæki fluttu 300.000 tonn af sjávarafurðum til Rússlands í fyrra og innflutningsbann því áhyggjuefni þar.

Svavar Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



Árið 2003 fluttu Íslendingar út sjávarafurðir fyrir 600 milljónir til Rússlands. Í fyrra voru útflutningsverðmætin 18,6 milljarðar króna. Aukningin er 32-föld. Nýsett innflutningsbann til landsins er því áhyggjuefni og mikilvægt fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki að markaðurinn haldist opinn vegna mikilvægis fyrir ákveðna afurðaflokk.

## Sinum 32

Ráðamenn í Rússlandi tilkynntu í lok síðustu viku um innflutningsbann gagnvart Vesturlöndum, sem tók gildi tafarlaust. Bannið er augljóslega svar þeirra við sífellt hertum viðskiptaþvingunum vestræna ríkja í kjölfar afskipta Rússa í Úkraínu. Bannið er víðtækt, nær til Evrópusambandsríkjanna, Bandaríkja, Kanada, Ástralíu og Noregs. Eins og greint hefur verið frá vekur vera Noregs á listanum, en ekki Íslands, sérstaka athygli, enda hefur Noregur sömu stöðu gagnvart Rússlandi.

Í nýrri greiningu Íslenska sjávarklasans taka hagfræðingarnir Bjarki Vigfússon og Haukur Már Gestsson saman helstu atriði þessa máls, sem mun hafa áhrif á íslenska verslun við Rússland með beinum og óbeinum hætti.

Fyrst af öllu vekja þeir Bjarki og Haukur Már athygli á því að útflut-



BJARKI VIGFÚSSON



HAUKUR MÁR GESTSSON

ingsverðmæti sjávarafurða til Rússlands hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum. Munar þar mest um útflutning á heilfrystum makríl, en jafnframt hefur útflutningur á heilfrystum karfa, heilfrystri loðnu, loðnuhognum og heilfrystri síld stigið jafnt og þétt síðasta áratuginn.

## Makrillinn mikilvægastur

Það er makrillinn sem skiptir hér meginmáli. Vöxtur útflutnings til Rússlands skýrist af sölu þessarar uppsjávartegundar. Mikilvægt er að hafa í huga að frysting hefur verið helsta leið framleiðenda uppsjávafisks til aukinnar verðmætasköpunar, í stað mjöl- og lýsisvinnslu. Á síðasta ári skapaði heilfrystur uppsjávafiskur útflutningsvirði upp á 38 milljarða, en þar af skilar Rússlandsmarkaður 14 milljörðum, eða ríflega 37%. Því er ljóst að framleiðendur þessara afurða hafa töluverðra hagsmuna að gæta af áframhaldandi viðskiptum milli Íslands og Rússlands.

Í greiningunni koma fram þær upplýsingar að talsvert magn af óseldum makríl sé í frystigeymslum

hér á landi eftir vertíð sumarsins og að sama skapi sé einhver hluti af la sumarsins geymdur óseldur í frystigeymslum erlendis. Nú þegar rússneskum fyrirtækjum reynist ólöglegt að versla við norsk sjávarútvegsfyrirtæki er hugsanlegt að íslenski makrillinn seljist hraðar en ella. Til skamms tíma gæti innflutningsbann Rússa því haft góð áhrif á greiðslustöðu íslensku útgerðarinnar. Þó verður að slá þann varnagla að innflutningur til Rússlands er háður ströngum skilyrðum sem ekki allir makrílframleiðendur hér á landi uppfylla. Þá verður að teljast ólíklegt að bannið muni hafa mikil áhrif á verð á makríl.

## Laxinn aðalmálið

Útflutningur Norðmanna á uppsjávafiski, einkum síld, loðnu og makríl, er áþekkur hinum íslenska og mikilvægi hans svipað og fyrir íslensk fyrirtæki í slíkri útgerð. Árið 2013 fluttu norskir framleiðendur út uppsjávafisk til Rússlands að andvirði 20 milljarða íslenskra króna. Samtals fluttu norsk fyrirtæki um 300.000 tonn af sjávarafurðum til landsins og útflutningstekjur þeirra námu 120 milljörðum íslenskra króna af þeim viðskiptum.

Viðskiptahagsmunir Norðmanna felast fyrst og síðast í verslun til Rússlands með eldislax. Tölurnar eru ógnarhár. Rússar keyptu eldislax af Norðmönnum fyrir að jafnvirði 100 milljarða íslenskra króna í fyrra. Þetta opnar hugsanlega einhverjar dyr fyrir íslensku



ÞAÐ SEM ALLT SNÝST UM Eftir að makrílveiðar hófust og vinnsla til manneldis margfölduðust viðskiptin við Rússa. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## KAUPA MAKRÍL FYRIR NÍU MILLJARÐA KRÓNA

Afurð	Verðmæti*	Hlutfall
Makrill – heilfrystur	8.929	43%
Síld – fryst	2.818	25%
Karfi – heilfrystur	2.763	26%
Loðna – fryst	2.363	27%
Loðnuhogrn – fryst	1.021	20%
Gulllax – heilfrystur	259	24%
Kolmunni – heilfrystur	102	42%
Aðrar sjávarafurðir	343	
<b>Samtals</b>	<b>18.600</b>	

\*Allar tölur í milljónum króna

laxeldisfyrirtækin inn á nýjan markað í Rússlandi, en í greiningunni er það talið ólíklegt.

Í greiningunni er jafnframt talið ólíklegt að innflutningsbannið hafi mikil áhrif á verð á eldislaxi, kannski lítið eitt til lækkunar. Þeir vitna til sérfræðinga sem eru sammála um að Norðmenn muni finna sér aðra kaup-

endur lokist Rússlandsmarkaður til lengri tíma.

Það er ein aðalniðurstaða greiningarinnar að þótt rætt hafi verið um hugsanleg tækifæri íslenskra útflytjenda sjávarafurða af brottfarfi Norðmanna af Rússlandsmarkaði sé ljóst að aðalagsmunir Íslendinga felist í því að Rússlandsmarkaður haldist opinn.

# ÚTSALA

ÚTIVISTARFATNAÐUR **30-50%** RESLÁTTUR

REIÐHJÓL **30%** RESLÁTTUR

GÖNGUSKÓR **20-40%** RESLÁTTUR

VEIÐIDEILD **50%** RESLÁTTUR  
AF ÖLLUM VEBIVÖRUM

BAKPOKAR-SVEFNPOKAR **30%** RESLÁTTUR


TJÖLD **20-30%** RESLÁTTUR

**EVEREST**

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN  
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · [www.everest.is](http://www.everest.is)  
**PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF**



# TILBOÐSDAGAR



# BÍLALANDS

NÚ ERU TILBOÐSDAGAR HJÁ BÍLALANDI OG FJÖLDI BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!  
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR EINTAK - OPIÐ Í DAG FRÁ 09 - 18.



**FRÁBÆR KAUP**  
TOYOTA PRIUS HYBRID  
Nýskr. 08/12, ekinn 32 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.420.000  
Staðsetning: Kaupþún - Nr. Rnr. 120310  
**TILBOÐ kr. 3.680 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
BMW 320I  
Nýskr. 02/06, ekinn 145 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 1.990.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 120286  
**TILBOÐ kr. 1.590 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
TOYOTA YARIS TERRA  
Nýskr. 03/13, ekinn 45 þús km.  
bensín, beinskíptur.  
Verð áður kr. 2.450.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 120349  
**TILBOÐ kr. 1.880 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
LEXUS RX350 LUXURY  
Nýskr. 11/07, ekinn 64 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.490.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 130903  
**TILBOÐ kr. 3.590 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
MMC PAJERO INSTYLE  
Nýskr. 05/07, ekinn 100 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.790.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 141932  
**TILBOÐ kr. 2.590 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
RENAULT MEGANE SP. TOURER  
Nýskr. 05/13, ekinn 50 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.290.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 191409  
**TILBOÐ kr. 2.690 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
KIA SPORTAGE CRDI  
Nýskr. 03/06, ekinn 140 þús km.  
dísil, beinskíptur.  
Verð áður kr. 1.770.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 320168  
**TILBOÐ kr. 1.290 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
AUDI A3 SPORTBACK  
Nýskr. 01/06, ekinn 118 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.090.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 281295  
**TILBOÐ kr. 1.390 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
VOVLO XC90  
Nýskr. 04/03, ekinn 193 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.490.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 281297  
**TILBOÐ kr. 1.250 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
MERCEDES BENZ C180  
Nýskr. 09/06, ekinn 124 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.190.000  
Staðsetning: Kaupþún - Nr. Rnr. 281471  
**TILBOÐ kr. 1.390 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
SUBARU FORESTER PLUS  
Nýskr. 10/09, ekinn 95 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.190.000  
Staðsetning: Akureyri - Nr. Rnr. 281369  
**TILBOÐ kr. 2.390 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
HYUNDAI i40 WAGON PREMIUM  
Nýskr. 05/12, ekinn 79 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.990.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 270399  
**TILBOÐ kr. 4.190 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
BMW 520i  
Nýskr. 03/08, ekinn 88 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.990.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 281227  
**TILBOÐ kr. 3.190 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
RENAULT MEGANE RS TURBO  
Nýskr. 06/09, ekinn 40 þús km.  
bensín, beinskíptur.  
Verð áður kr. 2.880.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 141709  
**TILBOÐ kr. 1.990 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
SUBARU LEGACY SP. SEDAN  
Nýskr. 05/10, ekinn 97 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.990.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 280899  
**TILBOÐ kr. 1.990 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
LEXUS GS300  
Nýskr. 02/08, ekinn 62 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.980.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 130761  
**TILBOÐ kr. 3.190 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
OPEL ANTARA COSMO  
Nýskr. 06/09, ekinn 111 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.190.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 270346  
**TILBOÐ kr. 2.190 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
TOYOTA LAND CRUISER 200VX  
Nýskr. 01/08, ekinn 151 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 7.890.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 281387  
**TILBOÐ kr. 6.690 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
NISSAN PATHFINDER LE IT  
Nýskr. 12/07, ekinn 147 þús km.  
dísil sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.440.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 141951  
**TILBOÐ kr. 3.330 þús.**



**FRÁBÆR KAUP**  
RANGE ROVER HSE V8  
Nýskr. 09/08, ekinn 91 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 8.490.000  
Staðsetning: Klettháls - Nr. Rnr. 281592  
**TILBOÐ kr. 6.990 þús.**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

Opið frá 09-18 og  
á laugardögum frá 12 til 16.



[www.facebook.com/bilaland.is](http://www.facebook.com/bilaland.is)

# bilaland



Er breyting á virðisaukaskatti aðför að tekjulágum?

## Til byrði eða bóta?

**B**jarkey Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, skrifaði grein í Fréttablaðið í gær undir fyrirsögninni „fjölskylduskatturinn“ og gerði að umtalfni áform Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um að jafna þrep virðisaukaskattsins; tvöfalda virðisaukaskattinn á matvælum úr sjö prósentum í fjórtán en lækka á móti almenna þrepið úr 25,5 prósentum í 24,5.

Bjarkey segir að með slíkri breytingu væri ríkisstjórnin „enn og aftur að þyngja byrðar þeirra sem lægri tekjur hafa“. Bjarkey segir breytinguna munu koma verst við ungar og barnmargar fjölskyldur. Lækkunin á efra þrepinu muni snerta margar vörur sem lágtekjufólk neiti sér frekar um – þar á meðal „ýmsar lúxusvörur“. Hins vegar þurfi allir að borða og því muni breytingin bitna á þeim sem sízt skyldi.

Ólafur P. Stephensen



olafur@frettabladid.is

Þetta er hins vegar hæpin og í raun villandi framsetning á málinu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur bent á að samræming virðisaukaskatts í einu þrepi myndi ekki hafa verulega meiri áhrif á hina tekjulægri en aðra. Neyzlukönnun Hagstofunnar sýni nánast engan mun á vægi vara sem eru í lægsta þrepi virðisaukaskattsins í neyzlu lágtekjufólks og þeirra sem hafa hærra tekjur. Þannig verji fjölskyldur í neðsta fjórðungi tekjustigans um 22,3 prósentum af neyzluútgjöldum sínum í vörur í sjö prósentu skattþrepinu, en hlutfallið hjá þjóðinni í heild er 21,4 prósent.

Jón Steinsson hagfræðingur fjallaði um þetta í grein í Fréttablaðinu í janúar, þegar hugmyndir fjármálaráðherra voru til umræðu, og benti á að lágur matarskattur væri óhagkvæm leið til að bæta hag þeirra sem verst væru settir. Það væri hagkvæmara að gera hluti beint en óbeint í skattkerfinu. Ef nota ætti skattkerfið til að jafna tekjur ætti að gera það með hærri persónuafslætti, fremur en að reyna að lækka matarverð.

Jón benti á að hátekjufólk notar fleiri krónur í mat og aðra vöru í lága þrepinu en lágtekjufólk og fær þess vegna fleiri krónur í skattaafslátt. Hátekjufólkið er líka miklu líklegra til að hafa efni á vörum sem teljast með réttu „lúxusvörur“, til dæmis gæsaliður eða kavíar, en eru samt í lága skattþrepinu.

Jón Steinsson fjallaði líka um þá sem hafa svo lágur tekjur að þeir greiða enga skatta og njóta því ekki persónuafsláttar. Þeim þyrfti fremur að bæta hækkan matarverðs með stuðningi í gegnum bótakerfið. Á það hafa bæði AGS og OECD bent, og fjármálaráðherrann hefur rifjað þær ábendingar upp þegar hann hefur víðræð hugmyndir sínar um einföldun skattkerfisins.

Svo má ekki gleyma því að Bjarni hefur sömuleiðis boðað afnám vörugjalda, sem er mikið hagsmunamál neytenda. Vörugjöldin leggjast ekki endilega á „lúxusvöru“ eins og stundum er haldið fram, að minnsta kosti verður ekki séð hver er lúxusinn við baðker og eldavélar eða af hverju útvarpstæki ber miklu herra vörugjald en löskett.

Það er full ástæða til að einfalda kerfi neyzluskatta og fækka undanþágum í því. Lykilspurning í þessu máli er hvort ætlunin er að auka tekjur ríkissjóðs og leggja þannig auknar byrðar á skattgreiðendur eða hvort hækkanir og lækkanir jafnast út. Ef rétt er á málinu haldið og gripið til nauðsynlegra mótvægisáðgerða verður skattkerfið einfaldara, gegnsærra og réttlátara og allir njóta góðs af, líka þeir tekjulágu.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Engin framúrkeyrsla

Framúrkeyrsla nokkurra ríkisstofnana hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum upp á síðkastið. Forstöðumenn þeirra stofnana sem hafa farið einna mest fram úr fjárheimildum hafa rætt við fjölmiðla og skýrt ástæður þess að þeir hafa eytt almannafrámunum umfram heimildir. Á heimasíðu atvinnu- og nýsköpunaráðuneytisins er tilkynning þess efnis að það beri að taka skýrt fram að útgjöld Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða hafi verið innan fjárheimilda. Það er svo rakið að sjóðurinn hafi fengið 380 milljóna króna aukafjárveitingu í máf til uppbyggingar á ferðamannastöðum og svo hafi sjóðurinn átt 200 milljónir frá fyrra ári og sé því á núllinu.

Önnur ráðuneyti hafa ekki séð ástæðu til að birta tilkynningar um fjárreiður undirstofnana sinna.

#### Engar afsakanir

Fjárlaganefnd hélt fund í gær og kallaði til fullrúa nokkurra ráðuneyta til að svara fyrir ríkisstofnanir á þeirra ábyrgð. Vigdís Hauksdóttir, formaður nefndarinnar, var ómyrk í máli á Bylgjunni í gærmorgun. Vigdís ítrekaði enn og aftur að enginn afsláttur yrði gefinn af því og fjárlög ársins 2014 yrðu hallalaus, sama hvað á gengi. Þetta hljómar eins og Vigdís ætli ekki að taka neinar afsakanir gildar fyrir framúrkeyrslu. Spurning



hvað gerist með stofnanir eins Sjúkratryggingar Íslands, Landspítalann og Vegagerðina sem telja sig hafa verið að sinna lögbundnu hlutverki sínu á fyrrihluta ársins.

#### Yfirreið um Vestfirði

Ragnheiður Elín Árnadóttir er á Vestfirðum að heimsækja fyrirtæki og ræða við Vestfirðinga um hvernig hægt verði að byggja upp atvinnulíf í fjórðungnum og annað það sem gæti horft til framfara fyrir Vestfirðinga. Alls ætla ráðherrann að eiga um þrjátíu fundi með heimamönnum. Þeir ættu því að geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðherrann milliliðalaust.

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson  
 ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**elica**  
COLLECTION

**25% AFSLÁTTUR**

Elica háfar **EIRVÍK**  
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

## Heilbrigðisáætlun

#### HEILBRIGÐISMÁL



Unnur Brá Konráðsdóttir þingmaður (D)

Biðlistar eftir hjúkrunarrýmum fyrir aldræða hafa um nokkurt skeið verið langir. Eftirspurn eftir slíkum rýmum mun fara vaxandi enda mun öldruðum fjölga mjög á næstu árum og áratugum. Aðstaða þeirra einstaklinga sem biða eftir hjúkrunarrými í dag er misjöfn en hluti hópsins er innliggjandi á sjúkrahúsum landsins sem leiðir af sér meiri kostnað en ef hjúkrunarrými væri til staðar. Skortur á hjúkrunarrýmum leiðir því af sér aukinn kostnað í kerfinu og fjármunir ríkisins nýtast ekki sem skyldi. Auk þess er óvissan um hvenær viðunandi úrræði fæst óþolandi bæði fyrir viðkomandi einstakling og aðstandendur.

Við síðustu fjárlagagerð var samþykkt til laga fjárlaganefndar um að veita 200 milljónir króna til þess að fjölga hjúkrunarrýmum á landsbyggðinni án þess að leggja í nýframkvæmdir. Heilbrigðisráðherra var síðan falið að koma þeim fjármunum í notkun en víða á hjúkrunarheimilum landsins voru til staðar auð herbergi sem nú eru nýtt. Verkefnið skiladi bæði betri nýtingu á þeirri fjárfestingu sem lagt hefur verið í og styttingu biðlista. Ljóst er að þessi fjárfesting dugir ekki ein og sér til þess að leysa málið til framtíðar og ljóst að leggja þarf í fjárfestingar.

Við mat á því hversu mörg hjúkrunarrými þurfa að vera til staðar þarf að skoða kerfið í heild. Það skiptir máli hvernig heilsugæsl-

→ Það skiptir máli fyrir einstaklinga sem geta verið lengur heima að hafa öfluga heimahjúkrun.

an starfar og með hvaða hætti heimahjúkrun er sinnt. Það skiptir máli fyrir einstaklinga sem geta verið lengur heima að hafa öfluga heimahjúkrun og að hægt sé að komast í hvíldarinnlög á hjúkrunarheimili þegar þannig stendur á. Það skiptir einnig máli fyrir framtíðaruppbyggingu LSH og heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hvernig hjúkrunarheimilin starfa og hvaða kröfur eru gerðar til aðstöðu og þjónustu þar. Allir þessir mikilvægu þættir þurfa að spila saman og nauðsynlegt er að stjórnmöld hafi heildarfyrirsýn yfir málaflokkinn.

Besta leiðin til að takast á við uppbyggingu heilbrigðiskerfisins til framtíðar er að gera áætlanir varðandi uppbyggingu og fjárfestingu í heilbrigðiskerfinu líkt og tíðkast t.d. varðandi samgöngumál. Markmið slíkrar áætlunar er að nýta fjármuni skattborgara skynsamlega og veita þeim sem á þurfa að halda góða þjónustu. Eg mun á haustþingi leggja fram þingsályktunartillögu þess efnis að slík áætlun verði unnin af heilbrigðisráðherra og lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og samþykktar.



# Dásamleg læknisþjónusta

Nú get ég ekki orða bundist. Ég hef alltaf verið full aðdáunar á læknum og hjúkrunarfólki á Íslandi. Þessa dagana fæ ég að fylgjast með störfum þeirra í návígi og ekki minnkar aðdáun mín.

Fyrir stuttu greindist eiginmaður minn með mjög erfiðan lífshættulegan sjúkdóm. Hann var strax lagður inn á Landspítala - háskólasjúkrahús og meðferð hafin án tafar.

Augljóst var að læknar vissu hvað þeir yrðu að gera og þeir brugðust hiklaust við og hófu sína vinnu við að berjast við óvininn. Færni þeirra er greinilega mjög mikil, eftirfylgnin alger og eiginmaður minn nýtur stöðugra rannsókna mörgum sinnum á dag. Meðferð lækna virðist stýrast af líkamlegum styrk hans eða veikleika. Hann er styrktur líkamlega, gefnar blóðflögur og séð um sýkingavarnir. Allt eins og niðurstaða rannsókna gefur tilefni til að bregðast við hverju sinni. Ég skynja vel að meðferðarteymið veit nákvæmlega hvað það er að gera og

## SAMFÉLAG



Drifa Kristjánsdóttir bóndi

hikar aldrei í sinni vinnu. Ég er svo þakklát fyrir hæfni þessa fólks og eftirfylgni þess við að freista þess að vinna bug á sjúkdómnum.

Því finnst mér svo sorglegt að hlusta enn einu sinni og aftur og aftur á umfjöllun stjórnmalamanna sem hugsa fyrst og fremst um sparnað og niðurskurð.

Við heyrum enn og aftur um yfirkeyslu í fjárhag heilbrigðiskerfisins. Formaður fjárlaganefndar Alþingis hefur hafið upp raust sína og skammar stofnanir fyrir að fara yfir fjárheimildir sínar og einstaka nefndarmenn hafa fylgt í kjölfarið.

Ég þakka fyrir þá þjónustu sem við erum að fá núna og að yfirstjórn spítalans skuli ekki hafna meðferð vegna þess að það megi ekki kosta of mikið að koma fólki til bjargar.

Ég er ekki hissa þegar ég heyrir í fréttum að meðalaldur læknastéttarinnar sé að hækka. Ungir læknar hafa miklu meiri tækifæri erlendis, miklu betri laun og auðvitað veigra

→ Augljóst var að læknar vissu hvað þeir yrðu að gera og þeir brugðust hiklaust við að berjast við óvininn.

þeir sér við því að koma heim að námi loknu. Hér er umræðan neikvæð og eilíft þvarg um að kostnaðurinn sé of mikill. Fjárframlög in allt of lág, allt skorið við nögl. Alþingi skammtar allt of naumt og svo er fólk skammað fyrir yfirkeyslu.

Ég varð bara að koma þessu á framfæri og bið nú þá sem eiga að stjórna málum hér að fara að gera það á uppbyggilegan hátt og með virðingu fyrir því góða starfi sem unnið er um allt í samfélagi okkar. Hættið niðurrifstali og neikvæðni. Stöndum með og styðjum við vel unnin og óeingingjörn störf lækna, hjúkrunarfólks og alls starfsfólks Landspítala - háskólasjúkrahúss og allra annarra í samfélagi voru. Við eigum þessu fólki mikið að þakka. Það á að fá hrós og klapp á bakið en ekki neikvæða og hundleiðinlega umfjöllun. Hjartans þakkir.

# Þvergirðingsháttur og kassahugsun UMFÍ og Frjálsíþróttasambands Íslands.

Systurdóttir mín er fædd í febrúar 2004. Hún er bráðger og er ári á undan í skóla. Hún æfir fótbolta og frjálsar með Breiðabliki og fylgir sínum bekk í íþróttum þ.a. hún er einnig einu ári á undan þar. Ekki af því að hún sé eitthvað yfirburða góð heldur út af félagslega þættinum, þar eru hennar vinkonur.

Nú hefur það gerst í tvígang að hún hefur ekki fengið að keppa á mótum með vinkonum sínum vegna þess að hún er ári yngri. Mikil tilhlökkun hefur því breyst í vonbrigði. Bæði á Ungmennalandsmóti UMFÍ sem fór fram fyrstu helgina í ágúst og á Meistaramóti FRÍ 11-14 ára

## SAMFÉLAG



Orri Þórðarson, yfirþjálfari yngri flokka FH í knattspyrnu.

sem fram fer á Akureyri næstu helgi er gerð krafa um að börn séu 11 ára á almanaksárinu og engar undanþágur veittar.

Ég skil að það verða að vera skýrar reglur en menn verða samt að hugsa. Innan við 1% barna er ári á undan í grunnskóla. Það gefur augaleið að vinahópur þeirra er yfirleitt krakkar sem eru með þeim í árgangi. Er það ekki næg ástæða til að þau fái undanþágu? Þessi mót færu varla á hliðina út af örfáum krökkum sem hugsanlega bættust við!

Þarna er einnig ósamræmi milli sérgreinasambanda því í hópíþrótt-

→ Nú hefur það gerst í tvígang að hún hefur ekki fengið að keppa á mótum með vinkonum sínum.

um s.s. fótbolta, handbolta og körfubolta þykir það ekkert tiltökumál að krakkar „spili upp fyrir sig“ eins og það kallast. Stífni UMFÍ og FRÍ er umhugsunarverð, sérstaklega af því að velferð barna og unglinga á alltaf að vera í hávegum höfð innan íþróttahreyfingarinnar. Börn eru ekki rúðustrikað blað eða reglugerðir.

Ég vona að UMFÍ og FRÍ endurskoði þessa hluti, því þetta er ekki í takti við það góða starf sem fer fram innan þessara hreyfinga.



# VIÐURKENNT BÓKARANÁM

Frá grunni að viðurkenndum bókara

Það hefur vakið athygli hversu margir nemendur okkar hafa fengið vinnu eftir að hafa lokið bókhaldsnámi.

Viðurkennt bókaranám er bæði skemmtileg og krefjandi námsbraut sem býr nemendum undir próf sem leiðir til vottunar frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu sem Viðurkenndur bókari.

## Helstu námsgreinar

- Verslunarreikningur - 24 stundir
- Excel-töflureiknir - 30 stundir
- Bókhalld - 36 stundir
- Tölvubókhalld í Navision - 54 stundir
- Excel við áætlanagerð - 30 stundir
- Launakerfi - 24 stundir
- Lánardrottinn og viðskiptamenn - 12 stundir
- Fyrningar - 12 stundir
- Virðisaukaskattur - 6 stundir
- Lán - 18 stundir
- Gerð og greining ársreikninga - 24 stundir
- Lokaverkefni - 36 stundir
- Skattaskil - 18 stundir
- Reiknishald, viðbætur - 36 stundir
- Upplýsingatækni, viðbætur - 6 stundir
- Upprifjun fyrir próf - 24 stundir

## Lengd námskeiðs:

2 annir - 390 kennslustundir - kennt tvisvar í viku

## Verð:

384.000 kr. - kægt er að dreifa greiðslum

## Næstu námskeið:

Morgunnámskeið byrjar 1. og 2. okt. Kvöldnámskeið eru fullbókuð.

# Ný staðsetning í Mörkinni 4



REKSTRARLAND

-léttir þér lífið

www.rekstrarland.is

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN  
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI  
HLÍÐASMÁRA 9 : KÖPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS

ntv



†  
Ástkær eiginmaður, faðir, sonur og bróðir,  
**GUNNAR FRÍÐRIK ÓLAFSSON**  
Álfkonuhvarfi 3, Kópavogi,  
verður jarðsönginn fimmtudaginn 14. ágúst  
klukkan 13.00 í Vídalínskirkju í Garðabæ.



**Ólafur Friðriksson**

**Guðrún Helga Skúladóttir**  
**Skúli Kristinn**  
**Helga E. Gunnarsdóttir**  
**Guðrún Ólafsdóttir**

†  
Elskuleg mamma okkar, tengdamamma,  
amma og langamma,  
**SIGRÚN HAUKSDÓTTIR**  
Víðivöllum 20, Akureyri,  
lést á Sjúkrahúsi Akureyrar laugardaginn  
2. ágúst. Útför hennar fer fram frá  
Akureyrarkirkju fimmtudaginn 14. ágúst  
kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir  
en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Heimahlyningu  
á Akureyri.



**Eiríkur Örn Kristjánsson**  
**Ragnheiður Njálisdóttir**  
**Baldur Þorsteinsson**

**Hulda Jóhanna Baldursdóttir**  
**Stefán Þór Baldursson**  
**Bryndís Baldursdóttir**  
**ömmu- og langömmubörn.**

†  
Okkar ástkæri  
**BIRGIR H. ÞÓRISSON**  
Fáfnisnesi 5, Reykjavík,  
lést á Landspítalanum þann 3. ágúst.  
Jarðarförin fer fram frá Neskirkju  
15. ágúst klukkan 13.00. Þeim sem vilja  
minnst hans er bent á Rannsóknastofu  
í krabbameinsfræðum, kt. 600169-2039,  
reikningsnr. 0137-26-20250.



**Anna Laufey Sigurðardóttir**  
**Agla Birgisdóttir**  
**Andri Már Birgisson**  
**Hanna Kristín Birgisdóttir**  
**Sigurður Helgi Birgisson**  
**Egill Snær Birgisson**  
**Hanna Björg Felixdóttir**  
**Þórir Jónsson**  
**og barnabörn.**

**Egbert van Rappard**  
**Ingveldur Dis Heiðarsdóttir**  
**Árni Geir Úlfarsson**  
**Sólveig Ásta Einarsdóttir**

**Lára Lárusdóttir**

†  
Okkar ástkæri sonur,  
faðir, afi, bróðir og frændi,  
**ÓLAFUR HVANNDAL**  
Álfaskeiði 123, Hafnarfirði,  
lést á krabbameinsdeild Landspítalans  
við Hringbraut laugardaginn 9. ágúst.  
Útför hans fer fram frá Frikirkjunni í  
Reykjavík þriðjudaginn 19. ágúst kl. 13.00.  
Þeim sem vilja minnst hans er bent á  
krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut.



**Jón Eggert Hvanndal**  
**Hjördís V. Hvanndal**  
**Arnar Ólafur Hvanndal**  
**Hildur Ýr Hvanndal**  
**Kristófer Eggert Hvanndal**  
**Þórey Hvanndal**  
**Dóra Hvanndal**  
**Björg Hvanndal**  
**og fjölskyldur þeirra.**

**LEGSTEINAR**  
MIKIÐ ÚRVAL AF  
FYLGIHLUTUM  
VÖNDUÐ VINNA  
Steinsmiðjan Mosaik  
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is




Nýtt á heimsvísu  
**VARANLEGT LETUR**  
Eingöngu hjá Graníthöllinni  
Eitt mesta úrval landsins  
af fallegum legsteinum  
og fylgihlutum hjá  
Graníthöllinni



**Graníthöllin**  
Legsteinar  
www.granithollin.is  
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888

**PETTA GERÐIST: 13. ÁGÚST 1987**

## Verslunarmiðstöðin Kringlan opnuð

Kringlan var opnuð 13. ágúst árið 1987, verslunarmiðstöð sem liggur við götuna Kringluna og ein af fyrstu verslunarmiðstöðvunum sem byggðar voru í Reykjavík. Í borginni höfðu áður risið verslunarkjarnarnir Austurvegur, Suðurvegur, Glæsibær og Grímsbær auk Skeifunnar. Áður hafði til dæmis Kjörgarður við Laugaveg verið hannaður út frá innra sameiginlegu svæði, en Kringlan var samt sem áður fyrsta eiginlega verslunarmiðstöðin með innri göngugötu á tveimur hæðum og tugi verslana á einum stað.

Árið 1991 var Borgarkringlan opnuð, nokkurs konar „lítil Kringla“, minni verslunarmiðstöð milli Kringlunnar og Borgarleikhússins sem hýsti meðal annars Kringlurána og margar gjafavöruverslanir. Árið 1997 voru síðan Kringlan og Borgarkringlan tengdar saman í eina byggingu með um 4.000 fermetra millibyggingu.

Kringlan er stærsta verslunarmiðstöð Reykjavíkur og sú næststærsta á Íslandi og eru þar starfræktar yfir 170 búðir, veitinga- og þjónustustaðir. Þar er allt frá bókasafni, fasteignasölu, kvikmynda- og leikhúsi, til vín- og fataverslana.

Miðstöðin hefur vaxið mikið á síðari árum og hefur hún verið talin ógnun við Laugavegin og aðra verslunarkjarna. Helsti keppinautur Kringlunnar er Smáralind sem er í Smáranum í Kópavogi.



†  
Ástkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**EINAR ÞÓR GARÐARSSON**  
Grænlandsleið 35,  
lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 2. ágúst.  
Hann verður jarðsettur frá Guðriðarkirkju  
föstudaginn 15. ágúst kl. 13.00.



**Kristín Guðlaugsdóttir**  
**Guðný Pála Einarsdóttir**  
**Þórunn Einarsdóttir**  
**Garðar Einarsson**  
**Sigríður Hanna Einarsdóttir**  
**Guðlaugur Einarsson**  
**Anna Kristín Einarsdóttir**  
**Erna Margrét Einarsdóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Bárður Guðlaugsson**  
**Guðbjörn Sigurvinsson**  
**Helga Baldvinsdóttir**  
**Samúel Ingi Þórarinsson**  
**Gyða Sigurðardóttir**  
**Hannes Guðmundsson**

†  
Elskuleg móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**HULDA ÓLAFSDÓTTIR**  
áður til heimilis að  
Brunnum 19, Patreksfirði,  
lést á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar  
þann 9. ágúst. Jarðsöngið verður frá  
Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 16. ágúst  
kl. 14.00.



**Sesselja Guðrún Arthúrsdóttir**  
**Ingveldur Hafdis Ólafsdóttir**  
**Sveinn Ólafsson**  
**Aðalsteinn Már Ólafsson**  
**Ellen Ólafsdóttir**  
**Birna Jóhanna Ólafsdóttir**  
**Haraldur Ólafsson**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Þórir Bjarnason**  
**Steindór Tómas Halldórsson**  
**Steinunn Sturludóttir**  
**Ingibjörg Rósa Guðmundsdóttir**

**Vilhjálmur Ólafsson**  
**Arnbjörg Pétursdóttir**

†  
Elskulegur faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**SKÚLI MAGNÚSSON**  
garðyrkjubóndi, Hveratúni,  
sem lést þriðjudaginn 5. ágúst,  
verður jarðsönginn frá Skálholtskirkju  
föstudaginn 15. ágúst klukkan 14.00.  
Þeim sem vilja minnst hans er bent á gjafasjóð hjúkrunar-  
og dvalarheimilisins Lundar á Hellu.



**Ásta Skúladóttir**  
**Sigrún I. Skúladóttir**  
**Páll M. Skúlason**  
**Benedikt Skúlason**  
**Magnús Skúlason**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Gústaf Sæland**  
**Ari Bergsteinsson**  
**Dröfn Þorvaldsdóttir**  
**Kristín Sigurðardóttir**  
**Sigurlaug Sigurmundsdóttir**

†  
Okkar ástkæri faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**SIGURPÁLL BALDUR KARLSSON**  
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi  
föstudaginn 8. ágúst.



**Ingibjörg Helga Baldursdóttir**  
**Stefán Karl Baldursson**  
**Dagný Baldursdóttir**  
**Kristján Stefán**  
**Snæfríður Aþena**  
**Tanja Dóra, Tinna Dröfn, Óliver Dróvent, Dagmar Kristin, Sigríður Sóley.**

**Sólveig Ásta Jónasdóttir**  
**Helgi Már Þórðarson**  
**Helga Ingvarsdóttir**  
**Óliver Paglia**

†  
Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu  
okkur samúð og hlýhug við andlát og útför  
elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar,  
tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**SIGURBJARTAR JÚLÍÖNU**  
**GUNNARSDÓTTUR**  
Kjarrheiði 13, Hveragerði.



**Örn Sigurðsson**  
**Sigrún Margrét Arnardóttir**  
**Bjarnís Arnardóttir**  
**Örn Arnarson**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Geir Gunnarsson**

†  
Eiginmaður minn, faðir okkar og afi,  
**SVEINN JÓN VALDIMARSSON**  
(Nonni) Klukkuholti 1, Álftanesi,  
lést 31. júlí sl. Útför hans fer fram  
frá Vídalínskirkju, Garðabæ,  
föstudaginn 15. ágúst kl. 13.00.



**Guðrún Hafberg**  
**Bryndís Hrönn Sveinsdóttir**  
**Guðmunda G. Sveinsdóttir**  
**Valdimar Jón Sveinsson**  
**Þröstur Jarl Sveinsson**  
**og barnabörn.**

**Albert Hilmarsson**  
**Einar Árni Jóhannsson**  
**Alexandra Hauksdóttir**  
**Anný Dögg Helgadóttir**

†  
Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**ÞORSTEINN MAGNÚSSON**  
lést á líknardeild Landspítalans þann  
6. ágúst. Hann verður jarðsönginn frá  
Háteigskirkju föstudaginn 15. ágúst  
kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks  
Heimahlyningar, deildar 11E og  
líknardeildar Landspítalans.



**Jens Þorsteinsson**  
**Magnús Þorsteinsson**  
**Kristín Jóna Þorsteinsdóttir**  
**börn og barnabörn.**

**Kristrún Sigurðardóttir**  
**Anna Eyjólfsdóttir**  
**Hanna Halldórsdóttir**

†  
Elskulegur eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**KRISTJÁN GUNNARSSON**  
rennismiður,  
Leirubakka 18,  
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi  
fimmtudaginn 7. ágúst. Útför hans verður  
gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn  
15. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á  
að láta líknardeild Landspítalans í Kópavogi njóta þess.



**Áslaug Jóhanna Guðjónsdóttir**  
**Guðlaug Helga Kristjánsdóttir**  
**Sæunn Harpa Kristjánsdóttir**  
**Elsa Dögg Áslaugardóttir**  
**og barnabörn.**

**Sólón Lárus Ragnarsson**  
**Jósef Gunnar Sigþórsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.





OYSTER PERPETUAL  
GMT-MASTER II

ROLEX



MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. ágúst 2014 | 18. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ KOMUM  
VIÐA VIÐ!



Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



## VILJA AUKA TENGSL FRUMKVÖÐLA & FJÁRFESTA

→ Enn vantar talsvert upp á fjárfestingu í nýsköpun að mati Salóme Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Klak Innovit.

→ Salóme segir viðskipta-hraðla eins og Startup Reykjavík og Startup Energy Reykjavík árangurs-rikustu verkefni.

→ Tók við stjórnartaumunum í mars síðastliðnum eftir um fimm ára starf hjá Háskólanum í Reykjavík.

SÍÐA 4

## Eyddu 15% meira í útlöndum

Heildarveltuaukning Visa-kreditkorta í júlí var 5,7 prósent miðað við júlí í fyrra. Innanlands var aukningin 4,1 prósent hjá korthöfum en 15,3 prósent í útlöndum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Valitor.

Aukning í áfengisverslunum var 4,3 prósent. Þá minnkaði velta Visa-kreditkorta í kaupum á eldsneyti. Veltan í matvöru- og stórverslunum jókst um hálf prósent.

Töluverð aukning varð í ferðum Íslendinga til útlanda en bæði Icelandair og WOW air settu met í fjölda farþega í júlí.

- skó

## Leggja sæstrenginn „Faster“

Google mun ásamt fimm öðrum fyrirtækjum leggja sæstreng yfir Kyrrahafið frá Bandaríkjunum til Japans. Strengurinn er hraðvirkari en þekktist í dag og verður kerfið kallað „FASTER“, en flutningsgeta þess verður um 60 terabitar á sekúndu.

Kostnaður við lagningu strengsins er talinn vera um 300 milljónir dollara, en það samsvarar tæpum 35 milljörðum króna. Framkvæmdir eiga að hefjast fljótlega og er vonast til að mögulegt verði að taka strenginn í notkun á fyrri helmingi ársins 2016.

- skó



## Hafa veitt rúm 8.000 tonn

Strandveiðum á svæði A, sem nær frá Arnarstapa að Súðavík, lauk í gær. Þar stunduðu 239 bátar veiðar. Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landsambands smábátaeigenda, segir aflann á svæðinu hafa verið góðan.

Heildaraflí strandveiðibátanna stendur nú í 8.087 tonnum. „Þar af skiluðu veiðar á þorski yfir 7.180 tonnum og ufsa 718 tonnum,“ segir Örn. Hann bendir á að enn séu 125 tonn óveidd á svæði A enda hafi slæmt veður haft áhrif á veiðar sumarsins. „Sjómenn á svæðinu telja því að bæta þurfi við degi svo allur aflinn náist.“

Í dag er síðasti veiðidagur á svæði B, frá Norðfirði til Grenivíkur, og svæði C, frá Húsavík til Djúpavogs.

- hg

## Sjónmælingar í Optical Studio

Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind  
sími 5288500

Optical Studio í Keflavík  
sími 4213811

Optical Studio í Leifsstöð  
sími 4250500

## Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK





## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**4**  
**Á UPPLEIÐ**  
Félög sem hækkuðu í verði

**7**  
**Á NIÐURLEIÐ**  
Félög sem lækkuðu í verði

**3**  
**STÓÐU Í STAÐ**  
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**  
**ÖSSUR**  
40,2% frá áramótum

**HAGAR**  
4,8% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**  
**TRYGGINGA-MIÐSTÖÐIN**  
-25,1% frá áramótum

**MAREL**  
-5,1% í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	109,00	-16,2%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	225,50	-13,9%	-2,2%
Fjarskipti (Vodafone)	33,25	22,0%	3,3%
Hagar	43,30	12,8%	4,8%
Icelandair Group	18,75	3,0%	1,1%
Marel	102,50	-22,9%	-5,1%
N1	16,65	-11,9%	0,0%
Nýherji	4,30	17,8%	2,4%
Reginn	15,50	-0,3%	-0,6%
Tryggingamiðstöðin*	24,00	-25,1%	-1,2%
Vátryggingafélag Íslands**	8,35	-22,6%	-0,8%
Össur	321,00	40,2%	-2,7%
HB Grandi	30,00	8,3%	0,0%
Sjóvá	11,74	-13,1%	-0,1

Úrvalsvísitalan OMXI6 1155,71 -8,2% 0,0%

### First North Iceland

Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	20,00	50,9%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,33	9,0%	0,0%

\*fyrsta verð 08. maí 2013 \*\*fyrsta verð 24. apríl 2013

## Dagatal viðskiptalífsins



### Þriðjudagur 12. ágúst

- Hagstofan - Efnahagslegar skammtímatölur í ágúst 2014
- Þjóðskrá - Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

### Miðvikudagur 13. ágúst

- Fjarskipti hf. - Uppgjör 2. ársfjórðungs

### Fimmtudagur 14. ágúst

- Hagstofan - Fiskafli í júlí 2014
- Seðlabanki Íslands - Gjald-eyrisforði og tengdir liðir

### Föstudagur 15. ágúst

- Hagstofan - Samræmd vísitala neysluverðs
- Vinnuálastofnun - Atvinnuleysisstölur fyrir júlí

### Þriðjudagur 19. ágúst

- Hagstofan - Verðmæti sjávar-afla janúar-maí 2014

- Þjóðskrá - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

### Miðvikudagur 20. ágúst

- Seðlabanki Íslands - Vaxta-ákvörðun og útgáfa Peningamála
- Hagstofan - Vinnuáhrifur í júlí 2014
- Þjóðskrá - Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis

### Fimmtudagur 21. ágúst

- Hagstofan - Vísitala bygg-ingarkostnaðar fyrir septem-ber 2014

### Föstudagur 22. ágúst

- Byggingastofnun - Birting árs-hlutauppgjörs
- Hagstofan - Vísitala kaup-máttar launa í júlí 2014
- Eimskip - Uppgjör 2. ársfjórðungs
- Hagstofan - Vísitala lífeyris-skuldbindinga í júlí 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir



## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Prentmiðlökönnum Capacent d.óktóber-desember 2012 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Eigandi Brugghúss Steðja segir ákvörðun ÁTVR um að leyfa áfram sölu á sumarbjór fyrirtækisins gleðitíðindi:

## Fékk framlengingu á sumrinu

„Þetta eru auðvitað bara mikil gleðitíðindi,“ segir Dagbjartur Ingvar Arilússon, annar eigandi Brugghúss Steðja, um ákvörðun Áfengisverslunar ríkisins (ÁTVR) á dögunum um að veita fyrirtækinu undanþágu til að selja sumarbjór sinn út ágústmánuð.

Vísir greindi frá því í liðinni viku að Sumarbjór Steðja yrði ófáanlegur frá 10. ágúst vegna reglugerðar sem kveður á um að árstíðabundnir áfengisdrykkir, eins og sumarbjórinn, megi einungis vera í sölu í einn til þrjá mánuði ár hvert. Drykkur

Steðja kom á markað þann 10. maí og síðastliðinn sunnudag voru þrjú mánuðir liðnir frá því sumarbjórinn rataði fyrst í hillur Vínbúðarinnar. Stóð til að kippa honum úr sölu eftir helgi og hefði sumrinu hjá Steðja því lokið um helgina.

Alls eru rúmlega tvö þúsund flöskur af Sumarbjór Steðja til í birgðageymslum Vínbúðarinnar og hefði fyrirtækið þurft að farga þeim ef ekki hefði fundist farsæl lausn á málinu. Bjórinn verður hins vegar seldur fram til mánaðamóta í 22 af 48 vínbúðum landsins. - sój



BJÓRINN Flöskurnar fá að prýða hillur ÁTVR í rúmar tvær vikur enn. MYND/BRUGGHÚSS STEÐJA

## Festi vill reisa verslunarhúsnæði í Hafnarfirði

Eigandi Kaupáss vill byggja 2.300 fermetra verslunarhúsnæði við Flatahraun í Hafnarfirði og opna þar nýja Krónuverslun. Öðrum fyrirtækjum verður boðin aðstaða í húsinu undir smærri verslanir.

### VERSLUN

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Eignarhaldsfélagið Festi hf. vill byggja um 2.300 fermetra verslunarhúsnæði við Flatahraun í Hafnarfirði og opna þar nýja Krónuverslun.

„Það er ekkert útilokað að þarna verði fleiri verslanir. Það fer eftir áhuga þeirra aðila en það er ekkert sjaldgæft að í kringum búðirnar okkar séu bakarí, fiskbúðir eða veitingastaðir,“ segir Jón Björnsson, forstjóri Festar.

Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar samþykkti í síðustu viku að heimila félaginu að vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi á lóðinni Flatahrauni 13. Tvær af verslunum Krónunnar eru þegar í bænum. Önnur stendur við Reykjavíkurveg en hin við Hval-eyrarbraut.

„Verslunin við Reykjavíkurveg er orðin mjög þröng og það væri ákjósanlegra að finna henni hentugra húsnæði. Henni verður því lokað en hin verður áfram á sínum stað,“ segir Jón.

„En við þurfum fyrst að fá þetta samþykkt og þetta þarf að passa inn í bæjarmyndina. En málið er nú í þeim farvegi að við erum enn að senda inn teikningar og ákveða hvernig aðkoman að þessu verður fyrir bíla, reiðhjól og fótgangandi,“ segir Jón.


Festi, sem er í eigu SFV slhf., keypti Kaupás ehf. að fullu af Norvik hf. í febrúar síðastliðnum og tók þá við rekstri verslana Krónunnar, Nóatúns og Kjarvals. Jón segir áform fyrirtækisins í Hafnarfirði ekki merki um að nýir eigendur ætli í auknum mæli að færa verslanir Krónunnar í stærra húsnæði.



LÓÐIN Festi á lóðina á Flatahrauni 13 en þar er engin starfsemi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Verslunin við Reykjavíkurveg er orðin mjög þröng og það væri ákjósanlegra að finna henni hentugra húsnæði. Henni verður því lokað.“

„Við erum ekkert að setja áherslu á fermetrafjöldann og að vera með stórar verslanir. Það hentar á vissum stöðum við umferðaræðar og í útjaðri byggðar þar sem er meiri atvinnustarfsemi en íbúðir. En öll skipulagsmál vísa til þéttari byggðar og við rekum einnig búðir í þéttari byggð og ætlum að halda því áfram.“



Ef af áformum Festar verður mun nýja verslunin standa rúmum 100 metrum frá næstu Bónusverslun.

Viðskiptaráð segir Ísland standa höllum fæti þegar kemur að því að laða hingað sérhæft erlent starfsfólk:

## Vill bætt umhverfi sérfræðinga


Ísland stendur höllum fæti í samkeppni við önnur lönd þegar kemur að því að laða hingað sérhæft erlent starfsfólk. Hér hafa ekki verið innleidd lög sem ætlað er að bæta umhverfi erlendra sérfræðinga eins og annars staðar á Norðurlöndunum.

Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýrri Skoðun Viðskiptaráðs Íslands sem birt var í gær. Þar segir einnig að skattaumgjörð sérfræðinga sem hingað koma sé óhagstæðari hérlandis en víða annars staðar og að afgreiðsla dvalar-

og atvinnuleyfa taki lengri tíma.

Viðskiptaráð segir stjórnvöld þurfa að bæta úr þessu svo alþjóðleg atvinnustarfsemi geti vaxið hér og stutt við aukinn útflutning á komandi árum.

„Þar má helst nefna fjóra þætti; samræmingu við önnur Norðurlönd í löggjöf um skattalega hvata, skjótvirkara afgreiðsluferli fyrir dvalar- og atvinnuleyfisumsóknir, auknið framboð alþjóðlegs náms á grunnskólastigi og lágmörkun neikvæðra áhrifa gjaldeyrishafta,“ segir í Skoðuninni. - hg



SKATTBYRÐIN Viðskiptaráð segir hagstæðari skattakjör í boði fyrir erlendra sérfræðinga annars staðar á Norðurlöndunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Fyrirtækjaþjónusta

## Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í ferðaþjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Kristín Hrönn Guðmundsdóttir hefur veitt ferðaþjónustuaðilum og öðrum fyrirtækjum fjármálaþjónustu í meira en 12 ár.

Kristín Hrönn er forstöðumaður verslunar- og þjónustuteymis Íslandsbanka.



## GRÓSKA Í FRUMKVÖDLASTARFI

Salóme segir einstaklinga vita hvert þeir geti leitað fá þeir góða viðskiptahugmynd.

**Startup**  
Reykjavík  
Arion banki  
Innovit  
Klak



FRÉTTABLAÐIÐ.GVA

# Frumkvöðlar ná hraðar árangri ef þeir fá að læra af reynslu annarra

Salóme Guðmundsdóttir er nýr framkvæmdastjóri frumkvöðlasetursins Klak Innovit. Hún segir að enn vanti upp á fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum sem var í fyrra um 700 milljónir en þurfi að vera nær 3 milljörðum. Hún vill að Klak Innovit leggi meiri áherslu á að tengja saman fyrirtækin og fjárfesta. Það sé helsta áskorunin í dag.

## VIÐTAL

Fanney Birna Jónsdóttir  
fanney@frettabladid.is



Nýsköpunarfyrirtæki gegna lykilhlutverki í hagkerfinu vegna framlags þeirra til tækniframfara og nýrrar þekkingar. Vöxtur slíkra fyrirtækja er að margra mati forsenda þess að Ísland geti fjölgað stöðum útflutnings og aukið framleiðslugetu landsins á komandi árum.

Klak Innovit er einkarekið nýsköpunar- og frumkvöðlasetur. Kjarnamarkmið þess er að kynna og hvetja til nýsköpunar, vera til staðar fyrir íslenska frumkvöðla og stuðla að því að hugmyndir þeirra verði að veruleika með verðmætasköpun að leiðarljósi.

## Mikil gróska

Salóme Guðmundsdóttir er nýr framkvæmdastjóri Klak Innovit en hún tók við stjórnartaumunum þar í mars síðastliðnum. Salóme segir mikla grósku vera í íslensku frumkvöðlaumhverfi.

„Við hjá Klak Innovit bjóðum upp á mjög hagnýta nálgun fyrir frumkvöðla. Við bendum þeim ekki aðeins á hvar þeir geta leitað sér upplýsinga; við tökum á móti þeim, til dæmis á réttgjafarfundum, beinum þeim í ráttar áttir og bjóðum upp á ýmiss konar leiðir þar sem þeir geta þróað hugmyndir sínar,“ segir Salóme.

Gulleggið er dæmi um slíka leið, en það er hugmyndasamkeppni innan háskólanna sem er opin öllum.

„Gulleggið er eitt af okkar rötgrónustu verkefnum. Það hefur vaxið verulega frá árinu 2008 þegar það fór fyrst af stað. Síðast bærust okkur 400 umsóknir og þar hafa til

dæmis sprottið upp fyrirtæki á borð við Meniga, Clara og Controlant ásamt fleirum. Þannig byrja mörg fyrirtæki. Gulleggið er viðskiptahugmyndakeppni að fyrirmynd frá MIT og CBS. Það var eitt af fyrstu verkefnum Innovit á sínum tíma.“

## Viðskiptahraðlar skilvirkir

Klak Innovit er ekki síst þekkt fyrir viðskiptahraðlana sem það býður upp á og þar er Startup Reykjavík best þekkt.

„Viðskiptahraðlarnir eru án efa árangursríkustu verkefnið okkar. Þar erum við að hraða ferlinu frá hugmynd og þar til búið er að pakka hugmyndinni inn og hún er tilbúin til að bera hana undir fjárfesta.“

Klak Innovit stendur fyrir tveimur viðskiptahróðlum, annars vegar Startup Reykjavík sem er opin öllum tegundum sprotafyrirtækja og hins vegar Startup Energy Reykjavík, sem er aðeins fyrir orkutengdar hugmyndir.

„Fyrirtækin fá 2-5 milljóna króna fjármögnun auk fullbúinnar vinnuadstöðu og þar með svigrúm til að vinna að hugmyndinni sinni í um tíu vikur. Við sjáum um framkvæmdina á verkefninu, aðstoðum teymin og skipuleggjum fundi fyrir fyrirtækin með svokölluðum „mentorum“ eða leiðbeinendum sem eru alls kyns sérfræðingar, stjórnendum, fjárfestum eða frumkvöðlum sem náð hafa árangri. Við erum með hátt í 80 mentora á lista hjá okkur. Þessir fundir eru kjarninn í svona verkefni. Það er mjög flott að sjá allt þetta fólk, stjórnendur í íslensku atvinnulífi, sem er mjög tímabundið vera viljugt til að koma og hitta teymin, gefa af sínum tíma til að miðla reynslu og þekkingu. Þegar fólk gefur af sér með þessum hætti er það að leggja gríðarlega til sam-

félagsins þar sem það græða allir ef sprotafyrirtækjum gengur vel. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli.“

Salóme segir að þótt fólk og fyrirtæki geti augljóslega náð árangri án þess að leita sér aðstoðar sé það ljóst að með því að leita á náðir seturs á borð við Klak Innovit muni ferlið ganga mun hraðar fyrir sig.

„Þú kemst hraðar af stað og nærð hraðar árangri með því að heyra af reynslu annarra og komast inn í tengslanet annarra. Þess vegna skiptir það máli að fyrirtæki taki þátt í að efla nýsköpunarumhverfið á Íslandi, ekki aðeins með fjármagnsstuðningi heldur einnig með því að miðla þekkingu og gera það markvisst.“

Salóme nefnir að á ári hverju séu haldnir yfir 300 viðburðir í tengslum við frumkvöðlastarf á Íslandi, þar af stóð Klak Innovit fyrir vel á fimmta tug á síðasta ári þar sem um 4.000 manns tóku þátt.

## Næsta skref

Salóme segir að almennt séd sé fólk orðið meðvitað um hvert það geti leitað eftir stuðningi þegar það fær aðstoð.

„Ég held að þetta sé orðið mjög aðgengilegt. Það sem við þurfum hvað helst að styrkja er það stig þegar fyrirtækin eru komin aðeins af stað. Við höfum unnið mjög öflug vinnu inni í grasróttinni en það sem ég myndi vilja gera væri að stíga af meiri krafti inn í að tengja saman frumkvöðla og fjárfesta og okkar alþjóðlega tengslanet til að koma þeim upp á næsta stig – þar er í rauninni okkar helsta áskorun í dag.“

Salóme segir afrakstur grasróttarvinnunnar sjást vel í háskólasamfélaginu.

„Við sjáum unga háskólanema

## NÝSKÖPUN EIN AF LÍFÆÐUM FYRIRTÆKJA



Oddsson, forstjóri Nýherja og stjórnarmaður í Klak Innovit.

„Nýsköpun er ein af lífæðum fyrirtækja, því án hennar ná fyrirtæki ekki að þróast í takt við þarfir og væntingar viðskiptavina. Klak-Innovit gegnir því afar mikilvægu hlutverki og veitir frumkvöðlum einstakt tækifæri til að þróa lausnir og hugmyndir sem mögulega næðu ekki flugi. Við hjá Nýherja erum afar stolt af því að taka þátt í rekstri Klak-Innovit því þar hafa fjölmörg verkefni orðið að arðbærum fyrirtækjum og ég tel að við eigum eftir að sjá enn meira af þeim á komandi árum,“ segir Finnur

## HVER ER SALÓME GUÐMUNDSDÓTTIR?

Salóme lauk viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007 með áherslu á alþjóðaviðskipti og tungumál. Að því loknu bætti hún við sig einu ári þar sem hún sérhæfði sig í markaðssamskiptum og vörumerkjastjórnun.

Hún var ráðin til Háskólans í Reykjavík árið 2009 sem verkefnastjóri hjá Opna háskólanum. Síðustu þrjú árin veitti hún þeirri deild forstöðu.

„Það má því segja að ég sé alin upp hjá HR og hef fengið þar dýrmæta reynslu. Í starfi mínu hjá HR starfaði ég með mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins auk fagfélaga á sviði tækni, viðskipta og laga. Markmiðið var að viðhalda þekkingu útskrifaðra nemenda HR og annarra sérfræðinga og stjórnenda en í starfi mínu hjá Klak Innovit felst hlutverk mitt í því að virkja þessa þekkingu og stuðla þannig að verðmætasköpun,“ segir Salóme.

átta sig á því að það að stofna eigið fyrirtæki er raunverulegur starfsvettvangur. Þú ert ekkert endilega að fara beint inn í stóru fyrirtækin að loknu háskólanámi og ætlar að vera þar heldur eru tækifæri fyrir þig að stofna þitt eigið fyrirtæki. Ég held að árangur nýsköpunarfyrirtækja undanfarið ár á borð við CCP, Meniga og Plain Vanilla ásamt fleirum, hafa varpað ljósi á nýsköpunarsamfélagið sem starfsgrein. Þetta eru allt skref í rétta átt.“

## Vantar upp á fjárfestingu

Fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækjum er enn einn stærsti hjallinn fyrir þau að komast yfir.

„Styrkir eru algengt form fjármögnunar sprotafyrirtækja á fyrstu stigum og leikur Tækniþróunarsjóður þar stórt hlutverk. Bankarnir

hafa einnig verið nokkuð duglegir að veita styrki en Arion banki hefur verið svolítið frábrugðinn með því að fjárfesta í fyrirtækjum í gegnum viðskiptahraðlana. Einkafyrirtæki eru ekki mikið að fjárfesta beint í sprotafyrirtækjum en hafa oft komið inn sem fyrsti viðskiptavinurinn og tekið þannig þátt í þróun þeirra og vexti. Svo eru ýmsir fjárfestingasjóðir fyrir hendi og er vitað af um átta sprotasjóðum sem verið er að setja á laggirnar. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er eini sjóðurinn sem hefur verið að fjárfesta í sprotafyrirtækjum í einhverjum mæli. Á síðasta ári var fjárfest í slíkum fyrirtækjum fyrir um 700 milljónir en samkvæmt úttekt sem McKinsey gerði þyrfti sú upphæð að vera nær þremur milljörðum. Þarna vantar augljóslega upp á,“ segir Salóme.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HVAR ERU BERIN?

Náttúrufræðistofnun Íslands heldur úti plöntuvefsjá á vefsja.ni.is. Þar er hægt að sjá útbreiðslu hinna ýmsu berjategunda. Þangað er gott að líta inn áður en haldið er í berjamó.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát  
Stórt op > auðvelt að hlaða  
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur  
heitt og kalt vatn

Afkastamikill  
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



**LÉT DRAUMINN RÆTAST** Guðmundur Óli Scheving ákvað ungur að eignast sitt eigið hljóðver. Fimmtíu árum síðar gerði hann alvöru úr því og setti á laggirnar Stúdíó Norn.

MYND/GVA

## STUÐÍÓ NORN

- Hjá Stúdíó Norn er meðal annars hægt að færa efni af gömlum hljóðsnældum, VHS-spólum og 8 mm filmum yfir á geisladiska og DVD.

- Í stúdíóinu sjálfu er allt til staðar fyrir upptökur af öllum stærðum og gerðum. Mikið er lagt upp úr afslappaðri stemmingu svo upptökuferlið gangi vel.

- Opið er mánudaga til sunnudaga frá klukkan 9 til 24.

- Stúdíó Norn er í Síðumúla 17  
108 Reykjavík.

- Nánari upplýsingar á [www.studionorn.is](http://www.studionorn.is)

# FIMMTÍU ÁRA GAMALL DRAUMUR

**STUÐÍÓ NORN KYNNIR** Guðmundur Óli Scheving lét gamlan draum rætast þegar hann setti Stúdíó Norn á laggirnar. Hver sem er getur tekið upp í hljóðverinu sem Guðmundur segir eitt það fullkomnasta á landinu.

Þegar ég var í bílskúrsböndum og tríum í gamla daga var bara eitt hljóðver á landinu og ómögulegt að komast að. Ég ákvað þá að einhvern tímann myndi ég koma mér upp eigin hljóðveri. Þetta er því fimmtíu ára gamall draumur að rætast," segir Guðmundur Óli Scheving, einn eigenda Stúdíós Nornar og framkvæmdastjóri.

Standsetning hljóðversins hófst fyrir tæpu ári og er starfsemin komin á fullt.

„Stúdíó Norn er á góðri leið með að verða eitt fullkomnasta hljóðver landsins," segir Guðmundur Óli. „Við erum að taka upp tónlist, viðtalsþætti, upplestur rithöfunda og talsetja efni. Einnig færum við ýmiss konar myndefni, sem ekki er hægt að spila í dag, yfir á DVD fyrir fólk, svo sem fjölskyldu-myndir á VHS eða á 8 mm filmum. Við verðum einnig með okkar eigin útgáfu og í næsta mánuði koma fyrstu verkin út, fjórar nýjar hljóðbækur og

plata með söngvaskáldi sem ekki hefur komið út áður. Þá er von á erlendri söngkonu sem ætla að taka upp hjá okkur en við sjáum fyrir okkur að erlendir listamenn nýti sér þjónustuna líka," segir Guðmundur Óli.

Hver sem er getur fengið að taka upp í hljóðverinu. Einungis þarf að panta tíma. Ef fólk langar að taka upp eitt lag en hefur enga hljómsveit á bak við sig er það lítið mál.

„Hjá okkur starfa hljómlistarmenn, tæknimenn og tölvunarfræðingar. Það þarf einungis að setjast niður og ræða hvað á að gera og við leysum það. Við erum með frábæran upptökustjóra sem starfað hefur í stórum hljóðverum í London og hjá BBC. Hér er því valinn maður í hverju rúmi og allt að gerast, nú loks fimmtíu árum síðar," segir Guðmundur hress.

Nánar má forvitnast um þjónustu Stúdíós Nornar á heimasíðunni [www.studionorn.is](http://www.studionorn.is) og á Facebook.

## Nýjar vörur komnar!

Rýmingasala hafin af eldri vöru.

Hægt að gera frábær kaup á vandaðri vöru.

Fylgist með okkur á [facebook.com/Parisartizkan](https://www.facebook.com/Parisartizkan)

**B/A/S/L/E/R** *Parisar*  
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

# NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR?



**FRÍR LÁNSBÍLL**

MEÐ FRAMRÚÐUSKIPTUM Í ÁGÚST EKKI  
KEYRA MEÐ SKEMMDA RÚÐU

EINUNGIS ER HÆGT AÐ FÁ BÍL  
MEÐ ÞVÍ AÐ BÓKA TÍMA



**25% AFSLÁTTUR**

AF SMURÞJÓNUSTU OG SMURVÖRUM  
ÚT ALLAN ÁGÚST MÁNUÐ!

- LÁTTU DEKKVERKFRÆÐINGANA SJÁ UM BÍLINN FYRIR ÞIG. -



**FRÍ VINNA**

VIÐ BREMSUKLOSSA- OG EÐA  
BREMSUDISKASKIPTI ÚT ÁGÚST MÁNUÐ

## DEKKVERK

Nýbýlavegur 2 Kópavogi  
& Lyngás 20 Garðabæ

Sími: 578 7474

[www.dekkverk.is](http://www.dekkverk.is)

Á aðeins við ef viðeigandi vörur eru keyptar hjá Dekkverk.



# STÓRMERKILEGIR BAÐSTAÐIR

Vafalaust fara fáar þjóðir jafn mikið í sund og Íslendingar. Hér á landi er að finna frábæra baðstaði en slíka má einnig finna víða um lönd og eru margir hverjir hreint út sagt ævintýrlegir og upplifunin stórkostleg eins og sjá má á þessum myndum.

## 1 MEST MYNDAÐA LAUGIN

Sundlaugin Neptune Pool við Hearst Castle í Kaliforníu er talin sú laug veraldar sem oftast hefur verið ljósmynduð. Hugmynda-smiður laugarinnar var bandaríski fjölmiðlamógúllinn William Randolph Hearst. Laugin var byggð í upphafi tuttugustu aldar að rómverskri fyrirmynd og lét Hearst flytja stóran hluta bygginganna beint frá Evrópu. Sundlaugin sem nú stendur er í raun þriðja útgáfan en Hearst lét endurbýggja hana nokkrum sinnum þangað til hann var sáttur við niðurstöðuna.

Mörg stjarnan hefur setið í lauginni en Hearst bauð reglulega kvikmyndastjórnnum, umboðsmönnum og stjórnmalámönnum í heimsókn.

## 2 STÆRSTA ÚTISUNDLAUGIN

Stærstu útisundlaug heims er að finna í Síle, nánar tiltekið við ferðamannastaðinn San Alfonso del Mar í borginni Algarrobo. Lengd hennar jafnast á við tuttugu ólympískar keppnisundlaugar og er í kringum þúsund metrar.

Hið manngerða lón var opnað í desember 2006 og hafði þá verið fimm ár í byggingu.

Í lóninu eru um 250 milljón lítrar af tærum sjó. Sérstakt kerfi sér um að dæla og sía sjó úr hafinu við annan enda lónsins og síðan er sjónum dælt út í hinum enda þess. Sólin hitar sjóinn í lóninu upp í 26 gráður. Lónið nær yfir átta hektara svæði. Það er 35 metra djúpt þar sem það er djúpst.

## 3 STÆRSTA INNISUNDLAUGIN

Seagaia Ocean Dome er stærsti innanhússvatnagarður veraldar. Hann er að finna í Miyazaki í Japan og var opnaður árið 1993. Garðurinn er 300 metrar að lengd

og hundrað metrar á breidd og þar geta allt að tíu þúsund gestir verið í einu.

Yfir öllum vatnagarðinum er fjórskipt þak sem hægt er að opna og loka að vild. Himinninn í vatnagarðinum er ávallt heiðskír því ef úti er rigning er þakinu lokað en það er skreytt eins og blár himinn á sumardeg.


Hitinn í garðinum er alltaf í kringum 30 gráður og vatnið er um 28 gráðu heitt.

## 4 DÝPSTA LAUGIN

Nemo 33 er dýpsta innilaug í heimi. Laugin er í Brussel í Belgíu og var hönnuð af belgíska kafaranum John Beernaerts sem aðstaða fyrir kafara til æfinga, kennslu og skemmtunar en einnig til kvikmyndatöku. Laugin er 34,5 metra djúp og í henni eru um 2,5 milljónir lítra af hreinu klórlausu vatni sem er 30 gráðu heitt. Í lauginni eru nokkrir manngerðir neðansjárhellar við tíu metra dýpi. Þar sem vatnið er heitt geta kafarar kafað í lengri tíma án blautbúninga. Nokkrir gluggar eru á sundlauginni á mismunandi dýpi svo hægt er að kíkja á kafarana.

## 5 HÆTTULEGASTI BAÐSTAÐURINN

Hættulegasta baðstað veraldar er líklega að finna við Virginíufossa í Simbabve í Afríku. Á vissum tíma árs, oftast frá september og fram í desember þegar minnst vatn er í ánni, myndast væg hringiða í hyl rétt við fossbrúnina. Þetta gerir ævintýragjörnu sundfólki kleift að busla tiltölulega hættulaust aðeins nokkra metra frá þverhníptum 128 metra háum fossinum. Þó hafa nokkrir sundmenn látið lífið þegar þeim hefur skolað yfir klettana sem umkringja hylinn.



# Jeppadekk

Jeppinn stendur ekki undir nafni nema hann sé vel dekkjaður. Ef þú vilt nýta til fullnustu orku, aksturseginnleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja dekk við hæfi.

**TOYO TIRES**  
driven to perform

**BFGoodrich**  
TAKE CONTROL

**MAXXIS**

Reykjavík  
**NESDEKK**  
Reykjanesbæ

Þjónustusími: 561 4200

Reykjavík • Fiskislóð 30  
Reykjavík • Grjóthálsi 10  
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9

Bílabúð  
**Benna**

Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna dekkjaþjónusta

Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045  
Þjónustuborð: 590 2000

Við skulum Júlíu heim

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póst dreifing

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

TRÚFIRNA ÖNSKINGARNA EGA ÖLUGLÆT EINI A NETTUNU

SAFT



# FARTÖLVUR

MIÐVIKUDAGUR 13. ÁGÚST 2014

Kynningarblað Fyrsta fartölvun, nýjungar og ýmis ráð.

## Samhæfni, rafhlöðuending og hraði

Einn helsti kostur Apple er hversu auðveldlega er hægt að láta öll Apple-tækin vinna saman. Á það jafnt við um tölvuna, iPad-inn, iPhone-inn og AppleTV-ið. Enginn annar tölvuframleiðandi býður upp á jafn mikla samhæfingu á milli tækja.

Mac Os X og iOS, sem eru væntanleg í september, eru búin frábærum eiginleikum sem gera notendum mögulegt að vinna í sama verkefni í ólíkum tækjum.



Sigurður Helgason, eigandi iStore.

„Þú getur til dæmis verið að vinna í verkefni í MacBook og með einni sneringu fært það yfir í iPad-inn eða iPhone-inn en enginn annar tölvuframleiðandi býður upp á jafn mikla samhæfingu milli tækja. Sömuleiðis má senda sms, hringja og svara í símann í tölvunni. Síminn getur bara verið í úlpuvasanum. Ef fólk á AppleTV er jafnframt hægt að spegla skjáinn á tölvunni yfir á sjónvarpið þráðlaust og nota sjónvarpið eins og auka skjáborð,“ útskýrir Sigurður Þór Helgason, eigandi iStore í Kringlunni.

### 12 tíma rafhlöðuending

MacBook Air 13“ er mest seldi tölvun í iStore í ár. „Hún er með 12 tíma rafhlöðuendingu og því getur verið óþarfi að taka hleðslutæki með sér í skólann. Hún er físlétt miðað við aðrar sambærilegar tölvur á markaðnum eða aðeins 1,3 kíló.“ MacBook Pro Retina er svo frábær fyrir þá sem vilja auðveldlega getað klippt hágæða vídeó, unnið ljósmyndir og spilað tölvuleiki, en upplausnin í skjánum er 2560x1600. Báðar tölvurnar eru með baklýst lyklaborð og SSD-diski sem er nýu sinnum hraðari en hefðbundnir fartölvudiskar. Báðar þessar tölvur eru tilbúnar til notkunar um leið og notandinn opnar þær, jafnvel þó að tölvun hafi verið heilan mánuð í hvíld (standby). Þær eru jafnframt búnar Thundurbolt og USB 3 tengimöguleikum.



iStore er sérverslun með Apple-vörur. Hún er til húsa á annarri hæð Kringlunnar.



Úrvalið er ríkulegt.

### Handhægar flýtskipanir

„Trackpad á Apple-fartölvum les fingrahreyfingar á sama máta og skjárinn á iPad en hægt er að notast við allt að fjóra fingur fyrir flýtskipanir. Meðal annars til að fletta vefsíðum, stækka það sem er á skjánum eða skipta

á milli forrita. Þetta er stillanlegt svo hver og einn getur búið til eigin flýtskipanir,“ útskýrir Sigurður.

### Frábærir hugbúnaðarpakkar fylgja

Sigurður segir frábæran hugbúnaðarpakka fylgja hverri tölvu.



Hægt er að nota sjónvarpið sem aukaskjáborð með Apple TV.



MacBook Pro Retina er kraftmikil tölvu með háskerpuskjá. Verð frá 224.990.-



MacBook Air er til í 11“ og 13“ stærð. Verð frá 154.990.-

Þar á meðal iPhoto, iMovie, GarageBand, Pages, Numbers og Keynote en þrjú síðastnefndu forritin virka eins og Office-pakkinn og hægt er að vinna PowerPoint-, Excel- og Word-skjöl í þeim.

### Styrktarsjóður iStore

Þess má geta að 1.000 krónur af hverri seldri tölvu renna í styrktarsjóð iStore. Hingað til hefur verslunin gefið 32 langveikum börnum iPad en spjaldtölvurnar hafa hjálpað til við að örva hreyfigetu, tjáningu og þroska.

## Græjur sem gera skólann skemmtilegri.

Kíktu í **Kringluna** og fáðu að prófa. Opið alla daga.



MacBook Pro 13" Retina  
kraftur og skerpa  
Verð **224.990** kr.



MacBook Air 11"  
minnst og léttust  
Verð **154.990** kr.



MacBook Air 13"  
físléttur vinnubjarkur  
Verð **174.990** kr.



iMac 21"  
dásamleg borðtölvu  
Verð **194.990** kr.





# FARTÖLVUÚTSALA!

Sendum hvert á land sem er DAGLEGA

- Græjaðu þig fyrir skólann hjá okkur!"



## Asus D550MA,

15,6 tommu skjár, Intel Dual Core, 4GB DDR3, 500GB diskur, 4 klst rafhlöðuending.

Útsöluverð 59.990 (áður 64.990)



## Asus K552EA,

15,6 tommu snertiskjár, AMD Quad Core, 6GB DDR3, 750GB diskur, 5 klst rafhlöðuending.

Útsöluverð 94.900 (áður 99.900)



## Acer Aspire V3-771,

17,3 tommu skjár, Intel Core i3, 6GB DDR3,

500GB diskur, 4 klst rafhlöðuending.

Útsöluverð 99.900 (áður 114.900)

**computer.is**

COMPUTER.IS · SKIPHOLTI 50C · 105 REYKJAVÍK



Skjárinn á Osborne 1 var 5" og komust 62 stafir fyrir í hverri línu.

# Minnti einna helst á saumavélatösku

Fyrsta fartölvun kom á markað árið 1981. Snemma árs 1982 festi rafmagnstæknifræðingurinn Arnlaugur Guðmundsson kaup á slíkri tölvu. Hann notaði hana mest í ritvinnslu og útreikninga og ferðaðist talsvert með hana um landið.

Fyrsta ferðatölvun, eða portable computer, kom á markað í apríl 1981. Þetta var Osborne 1. Hún var hönnuð af Adam Osborne hjá Osborne Computer Corporation.

Snemma árs 1982 keypti rafmagnstæknifræðingurinn Arnlaugur Guðmundsson slíka tölvu og notaði í nokkur ár með góðum árangri. „Það má reyndar deila um það hvort mín fyrsta fartölva hafi verið eða geti flokkast sem fartölva. En hún var vissulega færarleg tölvu,“ segir Arnlaugur. Hann starfaði á þessum tíma hjá fyrirtækinu Örtölvutækni sem flutti tölvuna inn. Ári síðar var flutt inn sams konar tölvu til að nota sem stjórn tölvu fyrir mælitæki sem smíðað var fyrir Vegagerðina og mældi yfirborðsástand vegna. „Ég veit ekki til þess að fleiri slíkar tölvur hafi komið hingað til lands en ég veit nú ekki allt,“ segir Arnlaugur.

Hann notaði tölvuna nokkuð mikið og fór með hana talsvert út á land. Á sínum tíma birtist mynd af tölvunni í Tölvumálum, tímariti Skýrslutæknifélags Íslands, en þar var henni stillt upp við Gullfoss til að undirstrika byltingarkennda notkunarmöguleika hennar.

Arnlaugur segir sumu hafa rekið upp stór augu þegar hann kom með tölvuna í fartöskunni en hann hafði jafnframt prentara meðferðis. „Tölvun minnti þó mest á saumavélatösku og þætti ekki handhæg í dag. Ég vann þó talsvert á hana og notaði mest í ritvinnslu þótt skjárinn væri lítill. Tölvunni fylgdu jafnframt nokkur forrit. Þar á meðal Supercalc sem ég notaði mjög mikið í alls konar útreikninga. Ég er heldur ekki frá því að fyrsta bókin sem sett var á tölvu hafi verið sett á þessa vél og send til Odda með rafrænum hætti. Örlög vélarinnar urðu þó þau að vera tekin í sundur og notuð í varahluti.“



Arnlaugur starfaði hjá Örtölvutækni á þeim tíma sem hann keypti tölvuna. Hann fékkst meðal annars við að hanna og smíða mælitæki og leysa ýmis tæknileg vandamál. Eins að setja íslenska stafi í tölvuskjái og prentara. Þá fékkst hann lítillig við að forrita.

### Nokkrar staðreyndir um Osborne 1

Stýrikerfið var CP/M 2.2.

Skjárinn var 5" CTR og komust 62 stafir í línu. Hins vegar var auðvelt að „skrolla“, það er að færa línuna til vinstri og hægr eftir hentugleika.

Tvö 5 ¼ disklingadrif, 100 kB hvort.

Minnið var 64 kB.

Örgjörvinn var 8 bita, Z80 og tiftíðnin 4MHz.

Rað- og hliðtengi voru á vélinni. Hliðtengið var nýtt sem prentaratengi en raðtengið fyrir samskipti. Það var 300 baud (bit/sec). Þessu breytti ég fljótlega þannig að velja mátti með skiptara milli 300, 600, 1200, 2400, 4800 og 9600 baud.

Með tölvunni fylgdi hugbúnaður, t.d. Wordstar, Supercalc, Basic o.fl.

## Minni geislun frá fartölvum en frá farsímum

Tækniþróun hefur fleygt fram undanfarið ár og eru ýmis raftæki sem þekktust ekki fyrir örfáum áratugum nú í daglegri notkun hjá allflestum. Lítið er hægt að segja með fullri vissu um áhrif þessara raftækja en margir velja þeim fyrir sér.

Á Vísindavef Háskóla Íslands segir í svari við spurningu um hvort geislun frá fartölvum sem menn sitja með í kjöltunni hafi skaðleg áhrif á líkamann, að rafsegulgeislun frá fartölvu, til dæmis þegar hún er tengd þráðlausu neti, hafi fremur lága tíðni og flytji litla orku, minni en geislun frá farsímum og margfalt minni en til dæmis röntgengeislun.

Í rannsóknum á áhrifum rafsegulsviðs á frumur, meðal annars sæðisfrumur, hafa menn greint breytingar á starfsemi þeirra í tilraunaglösum, en það er hins vegar ekki hlaupið að því að sýna fram á áhrif rafsegulsviðs á menn. Það skýrist meðal annars af því hve margt annað í umhverfinu getur valdið sömu eða álíka einkennum. Einnig er rétt að hafa í huga að rafsegulgeislun af ýmsum uppruna er mjög algeng í umhverfi okkar.



Nokkur dæmi eru um að hiti frá fartölvu sem hvílir á lærum hafi skaðað húðina og valdið varanlegum húðroða. Slíkur roði kemur fram við langvarandi hita sem þó er ekki svo mikill að húð brenni. Að lokum má geta þess að aukinn hiti getur haft óhagstæð áhrif á sæðisframlæðslu.

Heimild: visindavefur.is



# FARTÖLVUR Á LÆGRA VERÐI!

## TOSHIBA INTEL I5 HASWELL



TOS-L50B1LE

15,6"

Ein allra bestu kaupin í skólaúrvalinu okkar í ár. Kraftmikill Intel i5 Haswell örgjörvi sem er hannaður til að þola þunga vinnslu og lengir líftíma rafhlöðunnar í allt að 6 klukkutíma. Intel HD Graphics 4400 skjákjarni og 500GB harður diskur fyrir gögnin.

99.990

### ÓTRÚLEGT VERÐ

Þessi er ein af okkar vinsælustu fyrir skólann og heimilið. Mjög hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel Pentium örgjörva. Traust og sterkbygð með miklu geymsluplássi á 500GB hörðum disk og sambyggðu Intel HD skjákorti.



TOS-C50B133

69.990

### 13,3" MEÐ SSD

Ein sú besta í skólann. Físlétt með langri rafhlöðuendingu fyrir langan skóladag. Sérstaklega hraðvirk vegna 128GB SSD disksins, Intel Pentium örgjörva og 8GB vinnsluminnis.



acer  
ACE-NXMPHED002

109.990

### HVÍT MEÐ 8GB VINNSLUMINNI

Ein sú heitasta í úrvalinu. Glæsileg hvít 15,6" fartölva með 8GB vinnsluminni og stórum 1TB hörðum disk. Hraðari gagnaflutningur með USB3 og HDMI til að tengja við sjónvarp eða skjá.




TOS-L50B1FP

84.990

### 13,3" SPJALD- OG FARTÖLVA

Besta úr báðum heimum. Físlétt og meðfærileg sem fartölva en á sama tíma spjaldtölva með um 30% stærri skjá en stærstu spjaldtölvur eða 13,3". Fjögurra kjarna Intel Pentium og allt að 8,5 tíma rafhlöðuending.



TOS-L30WB10D

129.990

### LÆGRA VERÐ FYRIR INTEL I7

Kröftugur Intel i7 Haswell örgjörvi fyrir þunga og kröfuharða vinnslu ásamt 2GB AMD R7 M260 skjákorti fyrir betri grafík og leiki. Þunn, meðfærileg og með lengri rafhlöðuendingu vegna Haswell örgjörvans.



TOS-L50B1LF

139.990

tl.is



OPIÐ ALLA  
DAGA Í ÁGÚST  
Á SUÐURLANDSBRAUT

ALLT ÚRVALIÐ Á TL.IS

TÖLVU  
LISTINN

REYKJAVÍK  
SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

HÚSAVÍK  
GARÐARSBRAUT 18A  
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOSS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

AKRANES  
ÞJÓÐBRAUT 1  
SÍMI 431 3333

HAFNARFJÖRÐUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750





### HEIMATILBÚNAR TÖSKUR

**Töskur utan** um tölvurnar geta kostað skildinginn og eins getur verið óspennandi að nota eins tösku og allir aðrir. Þeir sem vilja skera sig úr geta hæglega útbúið tösku við saumavélina heima eða dregið upp heklunál og þrjóna.

**Á blogginu** skullsandponies.com er að finna leiðbeiningar um hvernig sauma á einfalda fartölvuskjóðu úr afgangsefnum.

**Tölvutöskur úr** gömlum gallabuxum eru alltaf skemmtilegar og má nota ýmsa hluta buxnanna í saumaskapinn. Einfaldast er að klippa skálmarnar af neðan við rassvasana, sauma fyrir botninn og setja rennilás í mittið. Þá hafa gamlar þrjónapeysur nýst sem efniviður í töskur og eru grófar þrjónapeysur með kaðlaprjóni heppilegar.



Farþegar fá ekki að taka farsíma, fartölvur og önnur raftæki með í flugúð ef rafhláða þeirra er tóm.

MYND/GETTY

### RAFMAGNSLAUS TÆKI FÁ EKKI AÐ FARA MEÐ Í FLUG

**Farþegar sem** ferðast til Bandaríkjanna frá ákveðnum flugvöllum verða, samkvæmt nýjum fyrirmælum, að hafa kveikt á farsímum, fartölvum og spjaldtölvum þegar þeir fara í gegnum öryggisleit. Tækin verða að vera hlaðin og fá farþegar ekki að taka þau með ef rafhlöðurnar eru tómar. Þetta kemur fram á vefsíðunni Allt um flug.

Bandaríska umferðaröryggisstofnunin TSA gaf út fyrirmælin á dögunum og er farið fram á þetta í tengslum við hertari öryggisreglur á flugvöllum vegna ótta um að hryðjuverkamenn séu að þróa nýja tegund af sprengju sem á að komast óhindrað fram hjá gegnumlýsingartækjum í vopnaleyti á flugvöllum. Reglurnar eiga við um farþega sem fljúga til Bandaríkjanna frá ákveðnum flugvöllum í Bretlandi, Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku.

### HREINN SNERTISKJÁR

**Til að** hreinsa snertiskjái er best að nota míkrofíberklúta. Oft fylgja slíkir klútar í pakkanum þegar keypt er tölva eða sími og eins fylgja oft litlir míkrofíberklútar þegar keypt eru gæðasólgleraugu.

**Slökkvið á** tækinu sem á að hreinsa, þannig sjást óhreinindin betur á skjánum.

**Farið yfir** allan skjáinn með litlum hringlaga strokum. Það ætti að fjarlægja mest allt.

**Ef það** virðist ekki duga má bleyta örlítið upp í einu horni klútsins með vatni og endurtaka yfirferðina. Stundum er nóg að anda móðu á skjáinn og strjúka yfir, aftur með litlum hringlaga strokum.

**Ekki nota** blautan klút á skjáinn.

**Varist einnig** að þrýsta of fast.

[wikihow.com](http://www.wikihow.com)



OK  
búðin

## FLOTTAR TÖLVUR OG FYLGIHLUTIR



### HP PAVILION TOUCHSMART 11,6

E2V66EA

11,6" snertiskjár  
AMD A4/4GB/500GB HDD

59.900 KR.



### FUJITSU LIFEBOOK A512

VFY:A5120M71A2NX

Intel Celeron 4GB/320GB HDD

59.900 KR.



### FUJITSU LIFEBOOK A544

VFY:A5440M7302NX

Intel i3/4GB/500GB HDD

99.900 KR.



### HP 250

J0X80EA#UUW

Intel i5/4GB/500GB HDD

129.900 KR.



### HP PAVILION 15


G2C44EA#UUW

Intel i5/12GB/750GB HDD

159.900 KR.

### KAUPAUKI

Allir þeir sem kaupa tölvu fá 4 miða á Guardians of the Galaxy



...og fara í pott þar sem dregnir verða út 2 miðar á Justin Timberlake!



DREGIÐ 20. ÁGÚST

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í BODI



## BÍLAR & FARARTÆKI



### Bílamarkaðurinn



TOYOTA Rav4. Árgærd 2007, ekinn 64 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.350.000. Einn eigandi Gullfallegrur bíl Rnr.231349.



NISSAN Leaf sl. Árgærd 2014, ekinn 3 P.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 4.500.000. VerksmiðjuAB og Hleðslu stöðvar fylgja- Rnr.231304.

**Bílamarkaðurinn**  
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi  
Sími: 567 1800



**EKINN 27P.KM!!! SPARK**  
CHEVROLET SPARK. árg.5/2011, ekinn aðeins 27p.km. Vel með farinn, einn eigandi!! Verð 1.480p. Er á staðnum - s:562-1717



**SJÁLFSKIPTUR - SWIFT**  
SUZUKI SWIFT GLX sjálfskiptur. Árgærd 2006, ek.122p.km. Álfelgur, loftkæling o.fl. Verð 1.390p. Er á staðnum s:562-1717

**Bílalíf**  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
Opið virka daga 10-18  
www.bilalif.is



SKODA Octavia diesel Árgærd 2012 ekinn 65 P.KM sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.100019. á staðnum

**abill.is**  
Viðarhöfða 6, 110 Reykjavík  
Sími: 5876600  
Skráðu bílinn frítt á abill.is!



**TOYOTA**  
Toyota Kletthálsi  
Sími: 570 5220  
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Land cruiser 200 vx 35". Árgærd 2012, ekinn 24 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 19.790.000. Rnr.142040.

**Toyota Kletthálsi**  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 570 5220  
Opið virka daga 9-18, lau 12-16.  
www.toyotakletthalsi.is



**KRÓKUR**  
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net



Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Bara gaman. Sama lága verðið kr.148.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**  
SKEIFAN 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
SUZUKI@SUZUKI.IS  
SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS



**NÝR JEEP GRAND CHEROKE LIMITED DÍSEL**  
V6 3.0 dísel, 241hó, leður, xenon, Bakkmyndavél, lykjalaust aðgengi omfl, Flottur og vel búinn eftirársbíll, Verð áður 10.990pkr, Tilboðsverð 9.990pkr, Er í salnum

**Íslensk-Bandaríska ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ  
Sími: 534 4433  
Opið virka daga 10-18-09 og laugardaga 11-15  
http://www.isband.is



Skoda Superb Ambition skráður 06/2012. Ekinn 43 þkm. Dísel, sjálfskiptur. Verð kr. 4.390.000



VW Polo Trendline skráður 05/2013. Ekinn 37 þkm. Bensín, beinskíptur. Verð kr. 1.990.000

**MB Bílar**  
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík  
Sími: 415 1150  
Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16  
http://www.mbbilar.is



MMC L200 double cab gls 4wd. Árgærd 2004, ekinn 205 P.KM, dísel, 5 girar. 2 dekkjagangar, annar nýr Verð 990.000. Rnr.156496



TOYOTA Avensis wagon sol. Árgærd 2006, ekinn 125 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.850.000. Rnr.156495

**JR Bílasala**  
Bíldshöfði 3, 110 Rvk  
Sími: 567 0333  
Okkur vantar bíla á skrá og í stæði  
www.jrbilar.is



Dísel VW Polo trendline. Árgærd 2012, ekinn 44 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.980.000. Rnr.113797.



M.BENZ E 200 kompressor komp (042). Árgærd 2005, ekinn 75 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.149203.

**Litla bílasalan**  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 587 7777  
www.litla.is



SUZUKI X17 plus/touring/ltd. Árgærd 2002, ekinn 138 P.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.100807

**Hekla Söluumboð**  
Njarðarbraut 13, 260 Reykjanæsbæ  
Sími: 420 3040  
www.heklarnb.is



PALLHÝSI!!! Okkur vantar Pallhýsi og alla ferðavagna á staðinn og á skrá, Komdu á staðinn eða sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is og í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opið virka daga 10-18-09, lokað lau  
www.100bilar.is

### Bílar til sölu



Toyota Corolla árgærd 1997. Ekin 245 þús km, bensín, beinskíptur. Tilboð. Uppl. í s. 892 7330



Daewoo Nubira ,01 Ek. 130 þús, sk 15, 5 dyra, beinsk. reykl. gott viðhald. Verð 450 þús. S: 8227980



### KAUPUM ALLA BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKURERÐ

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

### 250-499 þús.



**TILBOÐSVERÐ 490ÞÚS STG**  
Renault Megane 1.6 árg.,03. ek 130þús km. bsk. ný sko. glæný heilsársdekk. smurbók frá upphafi. Stór glerlúga. ásett v:820þús. Tilboðsverð aðeins 490þús! Möguleiki á 100% vísaláni. S:659-9696

### 500-999 þús.



### SPARIBAUKUR-VÍSALÁN Í BODI

VW POLO 1,2 árg 2005 ek,149 þús, 5 d, bs, ný sko 15, mikið endurnýjaður og lítur vel út, eyðir lítlu um 5 ltr/100 ásett verð 750 þús TILBOÐ 590 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955



### TILBOÐSVERÐ 590ÞÚS STG

Renault Megane sport touer 1.6 árg.,04. ek. 158þús km. sko'15. bs, heilsársd., góður bíll. ásett v:890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr! Möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

### Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Mótorhjól




Til sölu Suzuki GSX-R 1000 arg 2007 Litur rautt og svart Ekið 8500 þús Verð 800 þús Uppl í síma 698-3200

### Bílaþjónusta



### ERU LJÓSIN Á BÍLNUM ORÐIN GUL OG MÖTT ?

QUIXX er ódýr og einföld lausn sem gerir bílljósin eins og ný. Skoðuðu úrvalið á www.quixx.is



**ÁSTANDSKOÐUN**  
Ertu að fara að kaupa bíl?  
Láttu greina ástand bílsins með söluskoðun Frumherja.

Tímá pantanir í 570-9090

### Varahlutir



### FELGUR

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

### SMÁPARTAR.IS

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

### Viðgerðir

### AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mnc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgræin bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

### ÞJÓNUSTA


### Pípulagnir

### PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Teppahreinsun, gluggahreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun, bónun o.s.fr. Uppl. Tómas, s. 699 6762 og www.gluggahreinsir.is

### VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

### Garðyrkja



- Garðsláttur
  - Beðahreinsun
  - Þökulagnir
  - Hellulagnir
  - Sólþallasmiði
  - Öll garðvinna
- Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!  
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lög, húsa-smíðameistari. Vanir menn, snór handtök. S. 824 1238.



**Garðyrkja**



**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR**

Sláttuvélavörðun  
Vélaverkstæði JS  
Sími: 554 0661

Smávélavíðgerðir, víðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvél, sláttuor, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig víðgerðir á fjór hjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum Íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund s.8641202

Ódýr garðsláttur og almenn garðyrkja. Halldór garðyrkjumaður. 6981215.

**Bókhald**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Málarar**

Málarar geta bætt við sig verkum. Gerum fóst verðtilboð. Uppl. í síma 698 8629 & 856 9677.

**REGNBOGALITIR**

Alhliða málningarpjónusta. Fagþjónusta. Vönduð vinnubrögð. Frí verkskoðun og verðtilboð. Sími. 891 9890 malarar@simnet.is

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

Alhliða málningarpjónusta. Tilboð eða tímavinna. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibíllþjónusta. S. 772 3222

**Húsavíðhald**



**VIÐHALD**

Víðhald og víðgerðir fasteignarvæðing  
fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrvíðgerðir
- þakvíðgerðir
- málningavinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- gjerskipti
- pipulagnir
- raftagnir
- flisalagnir
- jarðvinna
- heilulagnir
- áktaðningar

Sími 567 6699  
vidhald@vidhald.is  
www.vidhald.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN**

Getum bætt við okkur verkum í

flísalögnum, múrverki og múrvíðgerðum.

Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð

Tímavinna og tilboð

Strúctor byggingaþjónusta ehf.  
S. 893 6994

**Vörubílastöðin Próttur**



Vörubílar - Kranabílar  
Sandur - Mold  
Jarðvinna  
Sími 577 5400

**TRÉSMÍÐI**

ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-  
VINNA INNAN SEM UTAN.  
20 ÁRA REYNSLA.  
TILBOÐ/TÍMAVINNA  
UPPL. HJÁ GUDMUNDI  
Í S. 895 6820  
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

**Nudd**

**NUDD**  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.  
Sími 694 7881, Zanna.

**Spádómar**

**SPÁSÍMI 908-6116**  
Ástir, fjármál & heilsa.

**SPÁSÍMINN 908 5666**  
Stjornuspá. Tarot. Ársspá.  
Draumráðningar, ást og peningar.  
Andleg hjálp. Trúnaður.

**Rafvirkjun**

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**  
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti.  
Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.  
straumblik@gmail.com

**KEYPT & SELT**

**Til sölu**



**Skirteini og plastkort**

Vinnustaðaskirteini

Samskipti annast uppsetningu vinnustaðaskirteina og prentun. Hannaðu þitt eigið skirteini á samskipti.is, S:580-7820 eða sendu fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is



**Vindskilti**  
Plakatstærð 50 x 70 cm

29.900,-

WWW.verslun.is  
Pöntunarsími: 535130



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**  
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarþarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnara til þess að auðveldu opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000



**FERDAPJÓNUSTUADILAR !**  
Húsgögn og fleira til sölu

Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsbörð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakítar og fl.

Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.

**MJÓG GOTT VERÐ**


Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehl.is

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
Jón og Óskar - jonogoskar.is  
s. 552-4910.

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**  
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!  
www.kaupumgull.is  
Opíð alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)  
Upplýsingar í síma 661 7000.

**Til bygginga**



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**  
Vatnaskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2. Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

**HEILSA**

**Nudd**

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímabantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þór, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**  
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerymi, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufærri.  
Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

**TIL LEIGU.**

Til leigu stórglæsileg 2-3 herbergja íbúði á jarðhæð við Rauðavað, afgirtur sólpallur. Staði í bílakjallara. Nánari tilleggingu. Sími 8203799

**Geymsluhúsnæði**

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**  
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhannað geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AÐNUM II, 190 VOGAR.**

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, motorhjól ofl. Opíð virka daga 13-19 helgar 10-19. Uppl. í s. 895 3176 & 864 3176.

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**K-BAR**

Óskum eftir að ráða starfsfólk í fullt starf í sal og í hlutastarf við að sjá um morgunverð. Reynsla æskileg.  
umsóknir sendast á kbar@kbar.is



**FISKIKÓNGURINN SOGAVEGI 3,**

100% starf. Íslenskumælandi, kurteis, þjónustulundaður, reglusamur og sérstaklega skemmtilegur starfsmaður óskast til starfa í fiskverslun okkar Sogvegi 3.

Umsóknir sendist til kristjan@fiskikongurinn.is (merkt 100% starf)

**SKALLI ÖGURHVARFI**

leitar að duglegu fólki í fullt starf, dagvinna og vaktavinna í boði, góð laun fyrir réttu manneskjuna. Upplýsingar á staðnum.

Skalli Ögurhvarfi piłnie poszukuje osób do pracy w kuchni, dobrze wynagrodzenie dla odpowiedniej osoby. 100% job skalli1@simnet.is



**STARFSMAÐUR Í ÍPRÓTTHÚSUM HK**

Handknattleiksfélag Kópavogs óskar eftir karlmanni í baðvörslu í íþróttahús félagsins í Fagralund.

Starfslýsing og helstu verkefni: Störf í íþróttahúsi, baðvörslu, móttöku, afgreiðslu, ræstingu og almenn gæsla í húsunum fylgja eftir umgengisreglum og almennt eftirlit með nemendum og/eða iðkendum.

Hæfniskröfur: Viðkomandi þarf að vera barngóður, samvirkusamur, með ríka þjónustulund og íslenskumælandi. Umsækjandi þarf að vera 20 ára eða eldri.

Umsóknir skulu berast á netfangið thjodolfur@hk.is, s. 894-9430

**BIFREIÐASTJÓRAR ÓSKAST**

Bifreiðastjórar með rútuþróf óskast til starfa hjá Ferðaþjónustu fatlaðra í Kópavogi. Góð laun í boði.

Uppl. í s. 860 0761



**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**

Óskum eftir þjónustulundaðu, hressu og samvirkusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 07:00-13:00 og 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

Umsóknareyðublið er hægt að nálgst á netinu. Síðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/



**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**

Óskum eftir þjónustulundaðu, hressu og samvirkusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Tvær vaktir eru í boði, frá 13:00 - 18:30 virka daga og aðra hverja helgi annann daginn eða frá 7:00 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

Umsóknareyðublið er hægt að nálgst á netinu. Síðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR Á LAUGAVEGI 27**

óskar eftir vaktstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar. Unnið er á 15 daga vöktum, 100% starf. Umsóknarfrestur er til 15. ágúst. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist til fanney.10dropar@gmail.com

**KÖKUHORNID**

óskum eftir duglegum og ábyrgum starfskrafti á tvískiptar vaktir í verslun okkar í Kópavogi. Helgarvinna eftir samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslustörfum og sé 20 ára eða eldri. Íslensku kunnátta skilyrði.

Um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir sækjið um á: kokuhornid@kokuhornid.is

**LEBOWSKI BAR**

óskar eftir að fólki til að grilla góða hamborgara í allan vetur. Reynsla úr eldhúsi er kostur. Það eru 4 stöður í boði. Umsóknarfrestur er til 15.ágúst. Umsóknir skulu sendast á arnar@lebowskibar.is

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**



**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Helt ævintýri  
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
Konur, allt frítt í s. 555-4321  
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Heitar kynslóður  
905-2002 • 535-9930  
Símaðómur • Live spjall  
908-6000 • 535-9999



**GEFÐU VATN**

gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNINGA ÖVDEKLANDI EÐA ÓLÖGLEGU EFNÍ Á NETNU

S A F T



Loksins færðu stuðning  
í vinnunni

**Knoll**

CHADWICK STÓLLINN  
SAMEINAR FALLEG FORM  
OG HÁMARKSPÆGINDI.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkuvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



Tilboðsverð:

**138.800kr\***

Fullt verð: 198.500kr



HÖNNUÐUR: DON CHADWICK



JÓN FINNBOGASON

## „Skuggabankastarfsemi“ ekki mjög lýsandi og frekar neikvætt

Skuggabankastarfsemi (e. shadow banking) hefur verið notað til að lýsa fjármögnun utan hefðbundinna viðskiptabanka. Dæmi um starfsemi af þessu tagi er eignatryggð fjármögnun eins og þegar skuldabréf tryggð með sérgreindum greiðslum eða eignum og eru notuð til að fjármagna stórar framkvæmdir. Þessi leið var til dæmis farin við byggingu Hvalfjarðaranga á sínum tíma en þá voru skuldabréfin tryggð með fargjaldi þeirra sem keyrðu í gegnum göngin. Skuggabankastarfsemi hefur verið að sækja í sig veðrið á síðustu árum og eignatryggð fjármögnun nýtur vaxandi vinsælda sem aðferð við að fjármagna t.d. stór fasteignaverkefni. Jón Finnbogason, forstöðumaður skuldabréfa hjá Stefni hf. sem er eitt stærsta stjórnsýringarfyrirtæki landsins, er gestur okkar í nýjasta þætti Klinkinsins þar sem hann ræðir m.a. um skuggabankastarfsemi. Jón er lögfræðingur og hefur starfað á fjármálamarkaði frá 1998. Hann var áður hjá Kaupþingi, síðar forstjóri Byrs eftir bankahrunið og í framkvæmdastjórn Íslandsbanka, svo eitthvað sé nefnt.

▶ klinkið

Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@365.is



Viðtalið við Jón Finnbogason er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu** á [www.visir.is](http://www.visir.is).

### Hvers vegna var svona lítið um eignatryggða fjármögnun á síðustu árum?

„Þetta eru ekki mörg verkefni sem falla undir þau skilyrði að teljast mjög stór og greiðsluflæðið mjög fyrirsjáanlegt. Þá er hugsanlegt að fyrirtæki hafi fengið betri kjör í dag en þau fengu áður innan bankakerfisins. Til lengri tíma lítið þá tel ég að aðferðafræði verðbréfunar muni halda áfram að vera til og vaxa.“

### Hvað er skuggabankastarfsemi?

„Þetta er tiltölulega neikvætt orð. Maður fer strax í baklás og þetta hefur yfir sér ákveðna neikvæðni. Hins vegar er orðið sem slíkt tiltölulega nýtt í umræðunni, þ.e. að menn noti hugtakið skuggabankastarfsemi sem samheiti yfir starfsemi sem felur í sér fjármögnun utan hefðbundinna viðskiptabanka. Það eitt og sér er ekkert neikvætt, að fjármagna utan viðskiptabankakerfisins og menn hafa stundað þá aðferðafræði, eins og verðbréfun og eignatryggða fjármögnun (e. asset backed financing) í mjög langan tíma.“

### Hvers vegna dró úr þessari starfsemi bankanna og hvers vegna hefur hún aukist á ný?

„Í kjölfar falls bankanna voru allir að endurmeta stöðuna og voru lítið að fara í nýfjárfestingar. Kannski voru menn líka að kortleggja hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar áður en menn fóru aftur af stað.“

## Takk fyrir stuðninginn

Um miðjan desember á síðasta ári stefndi í dræma sölu á fatnaði fyrir jólin. Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu (SVP), benti þá á að fataverslun hafði dregist töluvert saman. Hann sagði mikilvægt að stjórnvöld sköpuðu hér samkeppnishæf skilyrði og næðu viðskiptunum heim.

Í viðtali í fréttum RÚV nefndi hann þrjár ástæður fyrir samdrættinum; háa tolla, verslunarferðir Íslendinga til útlanda og aukna netverslun við útlönd.

Ekkí voru allir verslunareigendur sáttir við þessar útskýringar. Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, kaupmaður í Sports Direct, skrifaði grein í Fréttablaðið þar sem hann tengdi samdráttinn við þá skoðun sína að íslensk

verslun sé óhagkvæm. Hún hefur að hans mati offjársfest í verslunarhúsnæði og keypt vörur inn á háu verði vegna smæðar og fjarlægðar við meginlandið. Því hafi hún ekki brugðist við breyttum tímum og náð að lækka verð.

Það er auðvitað hárrétt að fjölmargar íslenskar verslanir þurfa að nýta betur öll möguleg úrræði til að lækka vöruverð. Þeir sem eru ósammála því hafa aldrei þurft að kaupa hér barnavörur í stórum stíl eða varahluti í bíla. Dæmin eru fleiri en þetta á auðvitað ekki við um allar verslanir. Einnig er það rétt að ekki má horfa fram hjá mikilvægi hagstæðs tollaumhverfis.

En það er mikilvægt að kaupmenn velji réttu leiðirnar í baráttunni við aukna samkeppni frá netverslunum eins og AliExpress...

netverslunum eins og AliExpress og verslunarferðum til London. Þá gengur ekki að grípa einungis til þess ráðs að biðja íslenska neytendur vinsamlegast um að „stýðja íslenska verslun“ í von um að ná þannig viðskiptum með vissar vörur heim. Auglýsingar sem byggjast á því einu eru líklegri til að minna okkur á það þegar við kaupum klósettrúllur og kíló af lakkrís á uppsprengdu verði af litlum frændum og frænkum sem eru að safna fyrir skíðaferðum til Akureyrar eða jólakort af Barnaspítala Hringins.

Sumir verslunareigendur í Kringlunni, stærstu verslunarmiðstöð Reykjavíkur, hafa límt rauða hjartalaga límímið á glugga sína þar sem viðskiptavinum er þakkaður stuðningurinn. Erlendir ferðamenn sem eru vanir viðskiptum þar sem eigendur verslana og neytendur styðja hvorir aðra hljóta að reka upp stór augu þegar þeir sjá límímiðana og slá textann inn á Google Translate. Þeir hljóta að undra sig á því af hverju dýrmætt gluggapláss er notað í annað en að auglýsa hagstætt verð og góðar vörur.

Isavia sér mörg met slegin:

## Metfjöldi hjá Isavia í sumar

Starfsmenn Isavia í sumar eru alls 1.135 sem er 6,5 prósentu aukning frá því í fyrra og met hjá fyrirtækinu.

Að jafnaði starfa um 884 starfsmenn í 791 stöðugildi hjá fyrirtækinu utan háannatíma, samkvæmt tilkynningu Isavia. Þar segir að met hafi einnig verið slegið í júlímánuði á íslenska flugstjórnarsvæðinu. 14.548 flugvéllum var þá flogið í gegnum flugstjórnarsvæði Íslands og mest 612 á einum sólarhring. Það er mesta umferð sem sést hefur að undanskildum maímánuði 2010.

- sk6



Markaðshornið

Haraldur Guðmundsson  
haraldur@frettabladid.is



**Startup Reykjavik**  
Arion banki  
Klak Innovit



**SPENNANDI HUGMYNDIR VERÐA AÐ VERULEIKA**

Startup Reykjavík verkefnið er í fullum gangi. Tíu sprotafyrirtæki þróa hugmyndir sínar með aðstoð frá Arion banka og Klak-Innovit.

Fylgstu með á [www.startupreykjavik.com](http://www.startupreykjavik.com) og á [Facebook.com/StartupReykjavik](https://www.facebook.com/StartupReykjavik).



Arion banki



# TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR!

ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR



69.990

~~VERÐ 89.990~~

29.990

~~VERÐ 49.990~~

49.990

~~VERÐ 69.990~~

## EPSON

WorkForce Pro

### LOSADU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátíðlega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson Workforce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is

tl.is

**TÖLVU  
LISTINN**

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA





## 3,7% AUKNING

### Aukin sala á mat og drykk

Velta í dagvöruverslun hér á landi jókst um 3,7 prósent á föstu verðlagi í júlí miðað við sama mánuð í fyrra, samkvæmt tölum Rannsóknarseturs verslunarinnar. Sala áfengis jókst um 4,9 prósent, fataverslun um 9,1 prósent og velta húsgagnaverslana um 16,3 prósent. Töluverð aukning var í sölu á mat og drykk frá sama mánuði í fyrra eða um 3,7 prósent.

**11.08.14** Gallarnir vega ekki eins þungt. Þar er fyrst og fremst að nefna óstöðugt efnahagslíf sem gerir það að verkum að við erum á ýmsum sviðum eftirbátar nágrannalandsanna – þeirra sem við berum okkur helst saman við. Við komum okkur upp kerfum sem vaxa okkur yfir höfuð og við eigum erfitt með að breyta. Parna má nefna landbúnað, sjávarútveg, peningakerfið – og að nokkru leyti menntakerfið.

Egill Helgason, sjónvarpsmaður.



## 2.950 MILLJÓNIR

### Minni velta á fasteignamarkaði

Alls 89 kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 1. ágúst til og með 7. ágúst 2014. Heildarveltan var þá 2.950 milljónir króna samanborið við 4.337 milljónir í vikunni á undan. Veltan hefur ekki verið minni síðan í síðustu viku janúarmánaðar á þessu ári, samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands.



## Hin hliðin

MARTHA ÁRNADÓTTIR  
FRAMKVEMDASTJÓRI  
DOKKUNNAR



Um fátt er meira rætt á Íslandi en krónur, fjölda þeirra, hverjir eiga þær og hverjir engar. Hversu margar krónur eru nógu margar krónur og hvert á að sækja þær krónur sem upp á vantar, hver á að dreifa þeim, láta þá hafa sem engar eiga – og af hverjir eiga þær engar og aðrir svona margar – og svo auðvitað hvaða krónur eru vel og illa fengnar. Þetta er rætt alla daga í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum, í kommentakerfum, bloggum og kaffistofum.

### Huglæg fátækt

Aftur á móti fer mjög lítið fyrir almennri umræðu um stöðu annarra verðmæta sem kalla mætti „huglæg verðmæti“. Þá á ég ekki við andleg eða einhvers konar „spiritual“ verðmæti heldur mun frekar verðmæti sem tengjast getu okkar til að taka ákvarðanir frá degi til dags, hinar fjölmörgu litlu ákvarðanir sem marka kúrsinn í lífi okkar annaðhvort smátt og smátt, svo smátt að við tökum varla eftir því að við stefnum hægt og örugglega að feigðarósi, og svo hinar stóru sem skipta sköpum á óruttum tíma.

En – hvað er svo sem hægt að ræða þetta, engin vísitala, enginn til að krefja úrlausna, ekki einu sinni Seðlabanki til að skamma eða stjórnmálamenn til að gera lítið úr.

### Ímyndunarafi og sannfæring

Í bók sinni Íkarusblekkingin hvetur Mr. Godin okkur til að vera listamenn á okkar eigin forsendum, hætta að máta okkur í starfsheiti, stöður, merki miða eða aðra ramma sem þegar hafa verið meitlaðir af samfélaginu. Að sjálfsögðu er það ekki einfalt því flestum, þó ekki öllum, finnst erfitt að máta sig í eitthvað sem er ekki til, auðvitað, því það er ekki hægt nema með einbeittu ímyndunarafi og sterkri tilfinningu, sem er einmitt eiginleiki svo margra sem hafa skilið svo mikið eftir sig.

### Vertu listamaður

Að feta ótroðna slóð krefst heilmikils kjarkar og samkvæmt skilgreiningu Mr. Godin verður „listaverk“ að uppfylla þrennt; að það þáð breyti heiminum örlítið, að það sé gert af heilum hug, sannfæringu og órlæti og að það felist í því áhætta að framkvæma það. Form og rammar hvers tíma eru svo takmarkandi og koma iðulega í veg fyrir fullan blóma hjá alltof mörgum einstaklingum

Vertu listamaður í stað þess að vera kokkur, forstjóri, framsóknarmaður, kona og leyfðu lífinu að koma þér á óvart!



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
hú er herra að mánna  
kinnu eru hvernig eða  
andlegi gau.

## VÖNDUÐ SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Á MIKLU BETRA VERÐI



**PRIMA SKRIFBORD**  
130x80cm eða 150x80cm  
Með eða án rútmagnsliða  
Til í hvítu, beyki, hlyn,  
kirsuberja, gráu og eik.  
Verð frá kr. 34.200,-

### ALU BASIC SKRIFBORDSSTÓLL

Blát, grár eða svartur  
Verð kr. 53.800,-

### TOP-PRO SKRIFBORDSSTÓLL

Blát, grár, svartur  
eða rauður  
Verð kr. 29.900 kr,-

### SITNESS 20 HELSUKOLLUR

Rauður, fjólublát, blát,  
appelsínugulur, ljósgrænn,  
grænn, gulur, grár og svartur  
Verð kr. 42.700,-



### PRIMA MÖPPUHILLUR

Breidd 89cm  
Dýpt 40cm  
Hæð: 89cm,  
185,5 eða 221,5 cm  
Opnir eða með  
hurðum/skúffum  
Til í hvítu, beyki, hlyn,  
kirsuberja, gráu eða eik.  
Verð frá kr. 29.800,-

Topstar® tvilum

# Hirzlan

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040  
[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)



## fasteignir

Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!



# Fasteignir.is

-Nú með Fasteigna-App

- Með nýja Fasteigna-Appinu skapast íslenskum símnötendum nýir og skemmtilegir möguleikar að leita að fasteignum í farsímanum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi eru inni á Fasteigna-Appinu
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing frá þeim stað sem viðkomandi er staðsettur



## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is  
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Fífumýri 9 - Garðabæ.

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00



361,3 fm. einbýlishús á þremur hæðum með innbyggðum 59,2 fm. bílskúr á frábærum stað neðst við opið svæði og með sjávarútsýni. Stórar verandir eru við húsið og hellulagðar stéttar og innkeyrsla með hitalögnum í. Þrjár samliggjandi stofur og er arinn í einni. Eldhús með vönduðum innréttingum. Fjöldi herbergja. Fataherbergi inn af hjónaherbergi. Full lofthæð í kjallara. Geymslur yfir húsinu um 57 fm. **Frábær staðsetning. Verð 79,9 millj. Verið velkomin**



## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is  
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### VIÐSKIPTATÆKIFÆRI í ferðapjónustu Frábær fjárfestingakostur

Rétt um 500fm virðulegt hús í austurborginni er til sölu. Húsið á sér sögu. Það var reist af einum ásælasta listamanni þjóðarinnar. Í húsinu hefur verið starfrækt útleiga á herbergjum og íbúðum, bæði til lengri og skemtri tíma. Í dag eru níu herbergi í húsinu. Með lítilsháttar breytingum er hægt að fjölga þeim í tólf auk rýmis til samnýtingar, svo sem aðstöðu til morgunverðar og setustofu. Í húsinu eru einnig þrjár íbúðir (stúdíó). Það er hægt að bæta tveimur slíkum, við með smábreytingum, þannig að þær verði fimm. Þetta eru mjög vinsælar fjölskyldueiningar til útleigu. Í þeim geta gisti allt að sex gestir. um 70fm flísalögð verönd er sunnan við húsið, en þar má njóta sólar í góðu skjóli trjágróðurs í garði hússins. Tekjuáætlanir, miðaðar við mismunandi forsendur eru til staðar, unnar af fagmanni. Um er að ræða fjárfestingakost, sem ætti að vera hægt að greiða niður að fullu á skömmum tíma. Ef það dregur úr eftirspurn eftir gistingu í framtíðinni og ferðamönnum fækkar er þetta hús ekki óbreytanlegt sérhæft hótél, heldur venjulegt glæsilegt hús á þremur hæðum sem þá getur breyst í hóbýli með t. d. þremur stúdíóíbúðum og tveimur stórum sérhæðum. Þetta gerir fjárfestingu í þessu húsi mun áhættuminni en ella. Húsið er afar vel staðsett. Næg bílastæði og frábær kennileiti. Það er einstaklega auðvelt fyrir ókunnuga að rata að húsinu næstum hvaðan sem er í borginni. Ágætur maður kallaði næsta umhverfi þessa húss „gullna svæðið“, sem er réttnefni. Fyrirspurn til byggingayfirvalda um möguleika að því að byggja heila hæð ofan á húsið hefur verið svarað jákvætt. Það gefur möguleika á stækkun hússins um ca 100fm á þessum einstaka stað í borginni. Frábært útsýni verður af þakhæðinni. Ásett verð á eignina er afar hóflegt, eða aðeins 335 þús. kr. á fm.

Nánari upplýsingar um eignina gefur Magnús Axelsson, fasteignasali í síma 695 4411, eða á netfanginu: [magnus@fastmark.is](mailto:magnus@fastmark.is).

## atvinna

## Fasteignasala – Sölumaður

Rótgróin fasteignasala á Höfuðborgarsvæðinu óskar að ráða harðduglegan sölumann nú þegar. Einhver reynsla af fasteignamarkaði skilyrði. Löggilding til starfars er kostur.

Umsóknir óskast sendar á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) fyrir 18. ágúst merkt „Fasteignasala-08“

## SMIÐIR VERKAMENN MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,  
VERKAMENN OG MÚRARA SEM  
ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.  
HANDAFL EHF

S. 777 2 333

## VAKTSTJÓRI ÓSKAST!

KREFJANDI STARF!

**English Pub** Austurstræti óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa á líflegum og skemmtilegum stað. Umsækjendur verða að hafa reynslu af því að starfa á bar, metnað í starfi og verða að vera eldri en 20 ára. Nánari upplýsingar fást í síma 697 9003.

Umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá og mynd á tölvupóstfangið [enskibarinn@enskibarinn.is](mailto:enskibarinn@enskibarinn.is)

THE ENGLISH PUB  
Save Water, Drink Beer

# ERT ÞÚ Á SKRÁ?

Skráning á [www.vinna.is](http://www.vinna.is) er umsækjendum að kostnaðarlausu!





Snýr aftur

KL. 20:25

Léttir sprettir

Rikka fer hringinn í kringum landið í þessum nýju þáttum og skoðar spennandi útivist við allra hæfi.

# Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:45

The Night Shift

Nýtt lækna-drama í anda Grey's Anatomy sem gerist á bráðamóttökunni í San Antonio.



KL. 21:25

Mistresses

Áhrifamikil mynd sem hlaut frábærar viðtökur á Sundance-kvikmyndahátíðinni.



KL. 22:10

Covert Affairs

Þriðja þáttaröðin af Covert Affairs sem fjallar um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leyniþjónustunni, CIA.



KL. 22:00

Little Miss Sunshine

Einstaklega skemmtileg og áhrifarík mynd með Steve Carell í aðalhlutverki.



KL. 20:10

Sullivan & Son


Gamanþættir um ungan lögfræðing sem söðlar um í lífinu og tekur við kráarrekstri föður síns.



KL. 07:00-20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



SUDOKU

	8			1		9			
		7		9	2		3		
			5		8	6			
				4			1	9	
8	2						5		
5								7	
					7	5			
9	5	1	2	6					4
2	7		9						

LÉTT

4						6			
3		5					2	9	
2			1		9				
9			5	6				3	
5	7	2			8	3			
				2	4	9			
	5				7		2	8	
								6	
									3
2									

MIDLUNGS

5	2					4			
		8	3			9			2
								7	
7					1	5			6
6	9	1			2				
	8		9						1
	4			3					5
									9
1							7	8	4

PUNG

5	2	6	1	8	9	3	4	7		5	2	3	7	6	9	1	8	4		6	2	9	1	5	3	4	7	8	
7	3	8	5	4	6	9	1	2		4	6	9	8	1	2	5	7	3		1	3	7	6	4	8	5	2	9	
9	4	1	7	2	3	8	5	6		7	8	1	3	4	5	2	6	9		8	4	5	7	9	2	3	6	1	
6	7	3	8	9	1	5	2	4		9	7	2	4	8	1	3	5	6		4	9	8	2	7	1	6	3	5	
8	9	5	2	6	4	7	3	1		6	4	8	2	5	3	7	9	1		5	1	3	8	6	4	7	9	2	
2	1	4	3	5	7	6	8	9		1	3	5	6	9	7	8	4	2		2	7	6	5	3	9	8	1	4	
3	5	9	4	7	2	1	6	8		8	1	4	5	2	6	9	3	7		3	6	2	9	8	5	1	4	7	
1	6	2	9	3	8	4	7	5		3	9	6	1	7	8	4	2	5		7	8	1	4	2	6	9	5	3	
4	8	7	6	1	5	2	9	3		2	5	7	9	3	4	6	1	8		9	5	4	3	1	7	2	8	6	

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Það er aðeins um tvennt að ræða; halda kjafti, sem mér finnst hreint ekki auðvelt, eða læra rosalega margt mjög hratt, sem er það sem ég hef reynt að gera.“

Jane Fonda

1			2	3	4	5			
6		7			8				
9			10			11			
12				13					
		14						15	
16				17					
18			19			20			
21									

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. varsla, 6. utan, 8. fley, 9. meðal, 11. óreiða, 12. vaxa, 14. skot, 16. drykkur, 17. skordýr, 18. kerald, 20. tvíhljóði, 21. titra.

LÓÐRÉTT

1. elds, 3. frá, 4. borðflaska, 5. traust, 7. gagn, 10. flott, 13. gifti, 15. eyðsla, 16. lögg, 19. til.

LAUSN

22. ... Hxe5! 23. dxe5 Rg4 (Hvítur glímur við margvísleg vandamál) 24. Hc2 Dxd2+ 25. Kf1 Rxe5 og skákinnir lauk með jafntefli um síðir. Hjörvar missti hins vegar af 24. ... Dxe5! sem hefði gefið honum unnið tafi.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2.543) hafði svart gegn Tyrkjanum Baris Esen (2.589) á Ólympískáknotinu í gær.

Svartur á leik:



www.skak.is Íslendingar efstir Norðurlanda.



TILBOÐ! AFSLÆTTIR! VERÐLÆKKUN!

SAMSUNG SETRIÐ

# SPARIDAGAR



NZ64F3NM1AB

Spanhelluborð, niðurfellanlegt  
Heildar afl 6.800 W  
Tækjámál: 590x520x57mm

TILBOÐSVERÐ  
~~149.900~~ **94.900**



NZ633NCNBK

Spanhelluborð, niðurfellanlegt  
Ein stór hella og ein multizon · Heildar afl 7.200 W  
Tækjámál: 575x505x56 mm

TILBOÐSVERÐ  
~~144.900~~ **94.900**



HDC6475TG

SAMSUNG

50%  
afsláttur

Veggháfur, stál  
Breidd: 60 cm.  
Mesta sogafi: 753 m3/klst

TILBOÐSVERÐ  
~~179.900~~ **89.950**



NV6355DGSSR

Bakstursofn, blástursofn  
Sjálfhreysandi  
Lítrar: 70 L  
Litir: Bustað stál og hvítur  
Fylgihlutir: 1 skúffa, 2 bökunarplötur og 1 rist

TILBOÐSVERÐ  
~~176.900~~ **99.900**



BF64CCBW

Bakstursofn, blástursofn  
Sjálfhreysandi  
Lítrar: 65 L  
Prýstisnerlar og prýstihnaðar  
Fylgihlutir: 1 skúffa, 2 bökunarplötur og 1 rist

TILBOÐSVERÐ  
~~139.900~~ **89.900**

## Allar SAMSUNG vörurnar eru á tilboði á SPARIDÖGUM



WF80F7E3P6W  
**Þvottavél**  
8 kg · 1400 sn/mín  
~~159.900~~  
TILBOÐSVERÐ  
**139.000**

SDC16709  
**Þurrkari**  
7 kg · barkalaus/rakask.  
~~119.900~~  
TILBOÐSVERÐ  
**99.900**

UEXXH6475SU

**SAMSUNG**

~~239.900~~  
TILBOÐSVERÐ  
**199.900**

**LED 3D Smart TV**

- Sería: 6470
- Upplausn: 1920 x 1080
- Clear Motion Rate 400Hz
- Netvafrí: Já
- Örgjörvi: Quad Core
- USB Movie: Já

Sjónvarpsmóttakari: Stafrænn DVB-T / C x1, Gervihnatta x1, Analog x 1

~~329.900~~  
TILBOÐSVERÐ  
**279.900**

~~649.900~~  
TILBOÐSVERÐ  
**549.900**

Hágæða hljómflutningstæki

**25% afsláttur**

Bluetooth

**SAMSUNG**

Úrval Samsung kæli- og frýstiskápa á Sparidaga verði.

Dæmi: 178 cm hár hvítur skápur = Kr. 136.900

**á Sparidögum: 99.900**

Treystu Samsung til að framleiða afburða uppþvottavélar. Verð frá ~~kr. 142.900~~

**á Sparidögum: 119.900**

**SAMSUNG SETRIÐ**  
SAMSUNG-SETRID ER HLUTI AF ORMSSON EHF.

**ORMSSON**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUÐÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR · BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333



# MENNING



**SKÁLDIÐ** Mér finnst eignarhald á menningu ekkert sniðugt,“ segir Bragi Páll.

## Örlátur á eigin verk

„Ég vil að fólk geti nálgast ljóðin mín óhindrað,“ segir ljóðskáldið Bragi Páll Sigurðarson sem hefur ákveðið að gefa pdf á netinu af ljóðabókum sínum, Fullkominni ljóðabók og Holdi. Þær komu út fyrir júlín 2012 og 2013 og sú fyrrnefnda olli talsverðu umtali vegna umdeilda ljóðs um Davíð Oddsson. Bækurnar eru báðar uppseldar í bókabúðum og bara nokkur eintök til hjá söfnum. „Það virðist vera áhugi fyrir bókunum en það stendur ekki til að prenta þær aftur,“ segir Bragi Páll, sem kveðst hafa verið að senda fólki bækurnar í netpósti en það sé alltof mikil vinna. „Ég set þær þannig upp að þær verði til niðurhals til frambúðar. Ljóð eru nógu lítið lesin þótt maður sé ekki að flækja aðgengi að þeim fyrir fólk. Nú getur fólk fengið sér eins margar bækur og það vill.“

Bragi Páll kveðst hafa þá sýn að eftir að hann sé búinn að gefa eitthvað út séu verkin ekki lengur hans eign. Fólk sé jafnvel frjálst að breyta ljóðunum og gera við þau það sem það vill. „Mér finnst eignarhald á menningu ekkert sniðugt.“

- gun

# Við bjóðum upp á Kabariúr

Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Hrönn Práinsdóttir píanóleikari kanna lendur kabarettisins og óperunnar á fyrsta kvöldi Berjadaga, menningarhátíðar á Ólafsfirði, sem hefst annað kvöld í kirkjunni.

„Við Hrönn ætlum að vera með dálítið blandað prógramm,“ segir Hallveig Rúnarsdóttir söngkona, þegar ég næ í hana á kaffihúsinu Bláu könnunni á Akureyri og bið hana að lýsa því sem fram undan er á Berjadögum á Ólafsfirði. Hún verður þar í stóru hlutverki bæði á upphafstónleikunum annað kvöld klukkan 20 og lokatónleikunum á föstudaginn. Kveðst hafa verið með kabarettprógramm syðra fyrir nokkru en ákveðið að klassíkera það örlítið nú.

„Við bjóðum upp á Kabariúr. „Ætlum að dreypa á gylltum veigum óperubókmenntanna fyrir hlé og verðum með nokkrar stórar bombur eftir Mozart, Puccini og Dvorák. Eftir hlé dembum við okkur í léttara efni og flytjum kabarettmúsík eftir Schönberg og bandarískan mann sem heitir Bolcom. Síðan verða söngleikjalög eftir Sondheim,“ lýsir hún.

Á öðru kvöldi tónleikanna fá þær Hallveig og Hrönn að njóta þess sem Trío Sunnu Gunnlaugs hefur í farteskinu. Það verða aðallega tónsmíðar eftir liðsmenn tríosins og einhverjar ábreiður kunna að slæðast með.

Á lokakvöldinu á föstudag verður blásið til sannkallaðrar tónlistarveislu fyrir alla fjölskylduna þar sem listamenn hátíðarinnar leika á als oddi í fjölbreyttri dagskrá. „Þá verð ég með í öllu havarfinu,“ segir Hallveig og kveðst geyma ariuna sína úr Carmen þangað til. „Þar verður líka söngleikastjarna Íslands, Maríus Sverrisson, tríóið hennar Sunnu og hinir og þessir gestasöngvarar. Þetta verður rosa skemmtilegt,“ segir hún spennt.

Hallveig kveðst aldrei hafa sungið á Ólafsfirði áður en hún þekki þar fullt af fólk. „Ég hef verið þar í fríum en aldrei komið þar fram. Ólafsfjörður er heimabær söngkennarans míns, Jón Þorsteinssonar, og þar líður honum best í heiminum. Hann er einn þeirra sem ætla að troða upp á lokakvöldi Berjadaga,“ segir Hallveig og heldur svo áfram ferðinni í fyrirheitna fjörðinn.

gun@frettabladid.is



Í **STUÐI** Hrönn og Hallveig æfðu sig vel áður en þær héldu norður til Ólafsfjarðar þar sem þær taka virkan þátt í Berjadögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við ætlum að dreypa á gylltum veigum óperubókmenntanna fyrir hlé og verðum með nokkrar stórar bombur eftir Mozart, Puccini og Dvorák. Eftir hlé dembum við okkur í léttara efni og flytjum kabarettmúsík.“

Hallveig Rúnarsdóttir söngkona.

## Dagskrá Berjadaga 14. til 16. ágúst

**KABARÍUR** í Ólafsfjarðarkirkju 14. ágúst klukkan 20  
Hallveig Rúnarsdóttir, sópran  
Hrönn Práinsdóttir, píanó

**TRÍÓ SUNNU GUNNLAUGS** í Ólafsfjarðarkirkju 15. ágúst klukkan 20  
Sunna Gunnlaugs, píanó  
Þorgrímur Jónsson, kontrabassi  
Scott McLemore, trommur  
Trío Sunnu verður líka með tónleika á Hornbrekku, dvalarheimili aldraðra, klukkan 14.30

**LOKATÓNLEIKAR BERJADAGA** í Tjarnarborg klukkan 20  
Sérstakur gestur: Maríus Hermann Sverrisson tenór – „Ég er kominn heim“

# ÚTSALA

25-60%  
afsláttur

Lín  
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220



Ein myndanna Flott við gamla sæluhúsið við Jökulsá á Fjöllum. MYND/LISEN STIBECK

## Samspil náttúru, tísku og menningararfs

Hin sænska Lisen Stibeck ferðaðist um Ísland í fyrra og tók myndir. Afraksturinn er á sýningu sem opnuð verður í Þjóðminjasafninu á föstudaginn.

Torfhús og tíska nefnist sýning sem opnuð verður á Torgi Þjóðminjasafnsins á föstudaginn. Þar eru nú myndir sem sænski ljósmyndarinn Lisen Stibeck tók á ferð sinni um landið sumarið 2013. Á myndunum eru fyrirsætur í fatnaði eftir Steinunni Sigurðardóttur fatahönnuð við gömul hús sem tilheyra húsasafni Þjóðminjasafnsins.

Þorbjörg Gunnarsdóttir er sýn-

ingarstjóri og hún segir að með myndum sínum vilji Lisen Stibeck sýna einstakt samspil íslenskrar náttúru, menningararfs og tísku. „Stibeck heillaðist af landinu fyrir mörgum árum og hefur farið víða um það og myndað,“ segir Þorbjörg. Hún hefur eftirfarandi setningu eftir Lisen Stibeck: „Ef land væri ljóð, þá væri það land Ísland.“

- gun



## Grípandi laglínur vafðar spuna

Tríóið Minua er á ferð um landið með tónlist sína og kemur fram í flestum landshlutum. Tríóið hóf leikinn í gærkveldi á Akranesi en verður á Patreksfirði í kvöld.

„Við flytjum eigin tónsmíðar. Þær eru dálítið tregafullar en tiltölulega einfaldar. Grípandi laglínur en vafðar spuna. Við erum allir búnir að vera í djassnámi og spinnum mikið kringum tónsmíðarnar,“ segir Kristinn Smári Kristinsson gítarleikari sem er í tríóinu Minua, ásamt þeim Luca Aaron, sem einnig leikur á gítar, og Fabian Willmann bassaklarinettuleikara. Þeir félagar eru nú á tónleikaferð um landið og koma fram víða.

Kristinn er Reykvíkingur. Hann byrjaði að spila á selló fimm ára en skipti yfir í gítarinn um tólf ára aldurinn. Nú er hann nýútskrifaður úr tónlistarháskólanum í Basel í Sviss og hyggst færa sig yfir til Bern í enn frekara nám.

Kristinn kveðst hafa kynnt þeim Fabian og Luca í Basel og hlakka til að sýna þeim landið sitt. Hægt er að fylgjast með ferðum Minua á Facebook-síðu tríósins sem og heimasíðunni [www.minua.net](http://www.minua.net).

### → Tónleikastaðir Minua í ágúst

- 14. Sjóræningjahúsið Patreksfirði kl. 21.00
- 15. Menningarhúsið Berg Dalvík
- 17. Akureyrarkirkja kl. 17.00
- 18. Sláturhúsið Egilsstöðum kl. 21.00 (Ormsteiti 2014)
- 19. Tónlistarmiðstöð Austurlands kl. 20.00
- 20. Pakkhúsið Höfn kl. 21.00
- 26. KEX Hostel kl. 20.30



MINUA TRÍÓ Þeir Luca Aaron, Fabian Willmann og Kristinn.

MYND/ÚR EINKASAFNI



KORMÁKUR Vísur Svantes hafa loðað við hann síðan 1976.

## Vísur Svantes

Grátbroslegar vísur Svantes eftir danska skáldið Benny Andersen verða fluttar í Norræna húsinu 14. ágúst klukkan 20.20. Þær fjalla um örlög Svians Svantes Svendsen sem bjó í Danmörku frá unga aldri eftir að hann varð viðskila við foreldra sína í ferjunni milli Svíþjóðar og Danmerkur.

Kormákur Bragason túlkar Svante og leikur á gítar. „Ég kynntist þessu efni fyrst 1976 þegar ég var í lýðháskóla í Kungälv í Svíþjóð. Mér fannst músíkin flott og textarnir frábærir og Svante hefur loðað við mig síðan. Síðar var ég við kennslu í Kungälv ásamt dönskum götuleikhúsmanni. Við settum Svantesvísar á fóninn og þá sagði hann: „Nú veit ég hvar þú hefur lært dönsku Kormákur.“

Þeir sem spila með Kormáki eru Karl Pétur Smith á slagverk, Einar Sigurðsson á kontrabassa, Helgi Þór Ingason á píanó og Eðvarð Lárusson á gítar. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og miðar eru seldir við innganginn. -gun



MÚMÍNÁLFUR Tove skrifaði ekki aðeins bækur sínar, hún myndskreytti þær líka.

## Sígild saga endurútgefin

Í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá fæðingu finnsk-sænska rithöfundarins og listamannsins Tove Jansson, skapara Múmínálfanna, mun Forlagið í haust endurútgefa hina sigildu sögu Hvað gerist þá?

Bókin er þýdd af Böðvari Guðmundssyni og kom síðast út árið 1992. Hún verður mikill happafengur fyrir hina fjölmörgu aðdáendur Múmínálfanna.



HJÓLAÚTSALA  
30-50%  
AF ÖLLUM HJÓLUM  
Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ

ARNAS/INIR

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



## STJÖRNURNAR TÍSTU UM ANDLÁT ROBIN WILLIAMS

Ellen DeGeneres  
@TheEllenShow



Á erfitt með að trúa fregnunum um Robin Williams. Hann gaf mörgum svo mikið. Hjarta mitt er brostið.

Kevin Spacey  
@KevinSpacey



Robin Williams lét heiminn hlæja og hugsa. Ég mun heiðra þá minningu. Frábær maður, listamaður og vinur. Ég mun sakna hans óendanlega.

Miley Ray Cyrus  
@MileyCyrus



Ég á erfitt með að meðtaka fréttirnar um Robin Williams. Ég hef aldrei grátið yfir einhverjum sem ég hef aldrei hitt en nú get ég ekki hætt.

Danny DeVito  
@DannyDeVito



Með brostið hjarta.

Rihanna  
@rihanna




Ömurlegar fréttir um Robin Williams. Megi sál hans hvíla í friði.

Halldór Halldórsson  
@DNA-DORI




Grínisti er fallinn frá. Hann var einn sá besti. Hetja mín frá því í æsku. RIP Robin Williams – hláturinn lifir áfram.

Lindsay Lohan  
@lindsaylohan



Hr. Williams heimsótti mig á fyrsta degi á tókustað á myndinni The Parent Trap. Ég mun aldrei gleyma hversu góður hann var. Mikill missir. Samúðarkveðjur.

### TÍMALÍNA ÆVIFERILL ROBIN WILLIAMS



„Það skiptir ekki máli hvað þér hefur verið sagt – orð og hugmyndir geta breytt heiminum.“

## Tragikómíska ljúfmennið tók eigið líf

Leikarinn Robin Williams, sem lést eftir farsælan kvikmyndaferil á sunnudag aðeins 63 ára að aldri, er mörgum eftirminnilegur.

Leikarans Robin Williams hefur verið minnst um gervalla heimskringluna síðan þau tíðindi bárust seint á sunnudagskvöld að hann hefði fundist látinn á heimili sínu í Kaliforníu. Leikarinn var aðeins 63 ára að aldri og á að baki farsælan feril í kvikmyndum. Hann var helst þekktur fyrir gamanleik en fékk einnig góða dóma fyrir þau hlutverk sem hann tók að sér á dramatískari vettvangi. Leikarinn féll fyrir eigin hendi en þrátt fyrir gott gengi í kvikmyndum hafði hann glímt við þunglyndi og áfengisfíkn um nokkurt skeið.



nanna@frettabladid.is

### FARSÆLL FERILL Í KVIKMYNDUM

- Óskarinn**  
4 tilnefningar  
1 Óskarsverðlaun
- Golden Globe**  
12 tilnefningar  
5 Golden Globe-verðlaun
- Emmy**  
8 tilnefningar  
2 Emmy-verðlaun
- BAFTA**  
2 tilnefningar
- People's Choice Awards**  
11 tilnefningar  
5 People's Choice-verðlaun



„En af þessu tilefni langar mig mest af öllu að þakka föður mínum, manningum sem svaraði þegar ég sagðist vilja verða leikari: „Dásamlegt. Vertu bara með starf til vara. Til dæmis logsuðu.“

Robin Williams í þakkaræðu sinni þegar hann vann Óskarinn.

### ÍSLENSKIR LEIKARAR MINNST ROBIN WILLIAMS

#### → Laddi

„Það eru tvö hlutverk sem eru eftirminnilegust. Mrs. Doubtfire annars vegar, hann var góður í gervum og sniðugur í að skipta um karaktera. Og einnig hlutverk hans í Bird Cage, sem mér fannst mjög skemmtileg. Hann lék homma í myndinni og mér fannst hann gera það mjög vel.“ Laddi segist alltaf sjá eftir góðum mönnum. „Hann var alltof ungur til þess að fara. Þetta er mjög sorglegt. Mér hefur fundist hann vera frábær grínisti.“



#### → Saga Garðarsdóttir

„Mitt eftirminnilegasta hlutverk hans var í kvikmyndinni Toys sem er jafnframt sorglegasta mynd sem ég hef séð. Ég fékk hysterískt grátkast og var í tilfinningalegu uppnámi í nokkra daga á eftir. Ég sá hana þegar ég var sex eða sjö ára og náði engan veginn utan um illsku heimsins.“ segir Saga Garðarsdóttir, leikkona. Hún horfði síðan á hana á ný þegar hún var orðin 18 ára. „Ég hélt að hún myndi ekki hafa svona áhrif á mig. En það var ekki rétt. Ég grátöskraði alla myndina. Hann var meistari í að búa til fallega tragikómíu, sprenglæglegur en sympatískari en þúsund grátandi börn með kettlingaaugu.“



#### → Edda Björg Eyjólfsdóttir

„Mér finnst þetta hræðilega sorglegt.“ segir Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona, en hún getur ekki gert upp á milli hlutverka Williams. „Hann tengist svo barnæskunni. Aladdín var nú eitt, svo auðvitað að Mrs. Doubtfire og hlutverk hans í Dead Poet Society. Svo sá ég klippu af honum þar sem hann hitti apann Koko sem varð ástfanginn af honum. Eftir það lýsti hann því hvað það er sérstakt þegar einhver af annarri tegund reynir við mann. Ég hef aldrei hlegið jafn mikið að einum manni, hann var algjör snillingur. Þetta snertir mann djúpt í hjartað af því að heimurinn er búinn að tapa þessari góðu sál.“



#### → Ingvar E. Sigurðsson

„Ég hef alltaf tekið eftir því hvað það var mikil sorg í augunum á honum. Hann hefur algjöra sérstöðu, hann er svo svakalega tragískur á meðan hann er kómískur.“ segir Ingvar E. Sigurðsson leikari. „Hann var svo ljúfur og góður. Á sama tíma og hann var tragikómískur streymdi úr augunum á honum endalaus gæska.“ Eftirminnilegasta hlutverk



Williams að mati Ingvars er hlutverk hans í The Fisher King. „Það er langt síðan ég sá hana en ég man alltaf eftir honum í þeirri mynd.“



## Á leið á Broadway

Leikkonan Emma Stone er í viðræðum um að taka að sér hlutverk í verkinu Cabaret á Broadway. Um er að ræða hlutverk Sally Bowles sem leikkonan Michelle Williams leikur en Williams skipuleggur nú flutninga frá New York til Los Angeles til að fara aftur á hvíta tjaldid.

Stone ku vera spennt fyrir verkefninu en upphaflega átti hún að taka þátt í því á síðasta ári en þurfti að afþakka sökum anna. Ef af verður stígur Stone á svið á Broadway í janúar á næsta ári.

## Ætlar að gefa út sjálfsmyndabók

Kim Kardashian ætti að vera flestum kunn en nú hyggst hún gefa út 352 blaðsíðna doðrant sem kemur til með að innihalda hennar bestu sjálfsmyndir.

Þeir sem hafa fylgst með Kim Kardashian á samfélagsmiðlum vita að hún er ekki feimin við að birta myndir af sjálfri sér. Nú hefur hún hins vegar ákveðið að gefa út sjálfsmyndirnar í hnausþykkri bók sem kemur til með að innihalda hennar allra bestu sjálfsmyndir.

Í lýsingu á bókinni, sem kemur út í apríl 2015, segir að frá því að Kim starfaði sem stílisti í byrjun ferilsins hafi hún núna náð að stað-

festa sig sem ein skærasta stjarna Hollywood.

Einnig kemur fram í lýsingu að Kim Kardashian sé nokkurs konar Marylin Monroe okkar tíma og að í gegnum samfélagsmiðla tengi hún við aðdáendur sína daglega með því að deila sjálfsmyndunum sem sýna hvert smáatriði hennar daglega lífs.

Doðranturinn kemur til með að verða hvorki meira né minna en 352 blaðsíður af upphaldssjálfs-

### HVAÐ ER SELFIE?

Hugtakið selfie er tiltölulega nýtt af nálinni en hugtakið lýsir ljósmynd sem viðkomandi tekur af sjálfum sér, oftast á snjallsíma, en myndinni er síðan deilt á samfélagsmiðla.

myndum stjórnunnar en bókin mun samt sem áður ekki kosta meira en 20 Bandaríkjadali, eða um 2.300 krónur.



**SELFIE-SJÚK** Kim Kardashian er ekki óvön því að taka myndir af sjálfri sér.



**DEKRUD** Kanye West gefur Kim Kardashian gjafir daglega. NORDICPHOTOS/GETTY

## Elskar að dekra við Kim

Rapparin Kanye West segist elska að dekra nýbakaða eigin konu sína, Kim Kardashian. West segist gefa eigin konu sinni gjafir daglega þar sem það lifgar upp á daginn hans að sjá hana brosa.

Heimildir Hollywoodlife.com segja rapparann gera mikið fyrir Kim en þau eiga saman 13 mánaða gamla dóttur, North. „West fer úr stúdíóinu á miðjum degi til þess eins að fara heim og koma henni á óvart. Fólk heldur að hann sé að gefa henni rándýrar gjafir en svo er ekki, stundum er það bara uppáhaldsísinn hennar.“

West og Kardashian gengu í það heilaga í maí á þessu ári með pompi og prakt á Ítalíu.



**ALDREI PIRRUÐ** Julia Roberts segist samgledjast þeim leikkonum sem eru valdar fram yfir hana í hlutverk. NORDICPHOTOS/GETTY

## Metnaðarlaus

Leikkonan Julia Roberts segist ekki vera neitt sérstaklega metnaðarfull í vinnunni og að hún hafi aldrei orðið pirruð þegar einhver önnur landaði hlutverki sem hana langaði í.

Leikkonan á tvíburasynina Hazel og Phinnaeus, sem eru nú ára, með eiginmanni sínum Danny Moder og hefur einbeitt sér að fjölskyldulífinu undanfarin ár. Til að mynda afþakkaði Roberts aðalhlutverkið í myndinni Sleepless in Seattle sem leikkonan Meg Ryan gerði svo ódauðlegt en í staðinn tók hún að sér hlutverk vændiskunnar í Pretty Woman sem skaut henni upp á stjórnheiminn.

**1. ÚTBÚÐU UPPÁHALDS RÉTTINN ÞINN MED HRÆFNI FRÁ GOTT Í MATINN!**

**2. TAKTU GIRNILEGA INSTAGRAM MYND AF RÉTTINUM**

**3. MERKTU MYNDINA #GOTTIMATINN OG DEILDU Á FACEBOOK**

**OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ WEBER GRILL! EÐA GLÆSILEGA GJAFAKÖRFU**

**SENDU OKKUR ÞÍNA GIRNILEGU MATARMYND** #GOTTIMATINN

Taktu þátt í matarmyndaleik Gott í matinn. Útbúðu þinn uppáhaldsrétt úr ljúffengu hráefni frá Gott í matinn, taktu girnilega Instagram mynd af réttinum og deildu henni með okkur á Facebook. Girnilegasta matarmyndin verður valin úr pottinum og sigurvegarinn hlýtur að launum glæsilegt Weber grill.



**LAUGARÁS BÍÓ** **midí.is** Miðasala og nánari upplýsingar **Coca-Cola** LAUGARÁS BÍÓ

**POWERSÝNING KL. 10.20**

**LUCY** BEINT Á TOPPINN Í USA! 16

**HERCULES** 12

**NIKULÁS LITLI** L

**THE PURGE: ANARCHY** 16

**ISL TAL** L

**22** 12

**LAUGARÁS BÍÓ** Sýningartímar

LUCY	6, 8:20, 10:20(P)	16
NIKULÁS LITLI	3:50	L
HERCULES	8, 10:10	12
THE PURGE: ANARCHY	10:20	16
TEMJA DREKANN SINN 2D	5	L
22 JUMP STREET	8	12

**Sími: 553-2075** **www.laugarasbio.is**

**SAM BÍÓ .IS**

MYNDIN SEM ALLIR HAFA BEDIÐ EFTIR

**GUARDIANS OF THE GALAXY** ★★★★★

**JERSEY BOYS** "MED BESTU MYNDUM SUMARSINS!"

**LUCY** FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA

**HERCULES** ★★★★★

**CHEF** ★★★★★

**TARZAN** ★★★★★

**EGILSHÖLL**

GUARDIANS OF THE GALAXY 3D	KL. 3:50 - 5:30 - 8 - 10:40	12
GUARDIANS OF THE GALAXY 2D	KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:40	12
LUCY	KL. 6 - 8 - 10:10	16
HERCULES	KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40	12
CHEF	KL. 5:40 - 8 - 10:10	12
TAMMY	KL. 8	12
TARZAN 2D	KL. 3:40 - 5:50	7
MALEFICENT 2D	KL. 3:40	10

**AKUREYRI**

GUARDIANS OF THE GALAXY 3D	KL. 5:30 - 8 - 10:30	12
JERSEY BOYS	KL. 8	12
HERCULES	KL. 10:45	12
TAMMY	KL. 5:50	12

**KEFLAVÍK**

GUARDIANS OF THE GALAXY 3D	KL. 8 - 10:40	12
JERSEY BOYS	KL. 10:10	12
LUCY	KL. 8	12

**SPARBÍÓ**

**SMÁRA BÍÓ** **HÁSKÓLA BÍÓ**

**LUCY** EIN ÓVENTASTA SPENNUMYND ÁRSINS FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA 16

**GUARDIANS OF THE GALAXY** 12

**SEX TAPE** 14

**NIKULÁS LITLI** L

**SMÁRA BÍÓ** **HÁSKÓLA BÍÓ**

LUCY	KL. 310-540-8-1010	16
LUCY LUXUS	KL. 1040	16
GUARDIAN OF THE GALAXY 3D	KL. 310-5-8-1040	12
GUARDIAN OF THE GALAXY 3D LUXUS	KL. 5-8	12
SEX TAPE	KL. 8-1010	14
DAWN PLANET OF THE APES 3D	KL. 8-1045	14
AD TEMJA DREKANN 2 ISL TAL 2D	KL. 330-545	L
VONARSTRÆTI	KL. 520	14
LUCY	KL. 550-8-1010	16
NIKULÁS Í FRÍ	KL. 545-8	L
SEX TAPE	KL. 540-8-1010	14
DAWN PLANET OF THE APES 3D	KL. 1015	14
22 JUMP STREET	KL. 1040	12
VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI	KL. 520	14
VONARSTRÆTI	KL. 8	14

Midásala á: **eMiði**

**FJÖLSKYLDUPAKKINN** Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði **NÁNAR Á SMARABÍÓ.IS/BYLTING**

# Akkuru?

**BAKPANKAR** Höllu Pórlaugar Óskarsdóttur

Systurdóttir mín er á áhugaverðum aldri. Eða öllu heldur aldri hins óbilandi áhuga. Ja, eða enn frekar aldri hinna óteljandi spurninga. Hún tekur engu sem sjálf-sögðum hlut.

„Akkurru ætlaðu að vera í þessari peysu?“ „Af því að ég er með gæsaúð.“ „Akkurru ertu þá með hettuna?“



**HÚN** setur spurningarmerki við allt. Svörin líka. Bróðursonur minn er nokkrum árum eldri og ekki alveg jafn hissa á heiminu. Ég veit svo sem ekki hvort hann hafi fengið svör við öllum sínum spurningum en frænka mín telur hann allavega hafa þau á reiðum höndum. Og yfirleitt er hann fljótur til svars.

„Akkurru er pabbi þinn með skegg hér?“ „Það bara vex á körlum.“

Á átjándu spurningu getur verið freistandi að svara með hinu aldrepanði „afþvíbara“. Kannski ættum við samt oftar að staldra við og taka þessi spurulu börn til fyrirmyndar, vegna þess að mörgu má alveg velta fyrir sér.

Af hverju ganga strákar ekki í kjólum? Af hverju mála stelpur sig? Af hverju eru glerflöskur endurnunnar en ekki endurnýttar?

**LITLA** frænka mín truflar mig við þessar heimspekilegu vangaveltur og rekur fréttastíðu framan í mig. „Akkurru dó þessi leikari?“ Mér finnst svo mikilvægt að spyrja spurninga og þess vegna reyni ég alltaf að svara þegar frænka mín spyr. En stundum rekur mig í rogastans. Ég hika og horfi á myndina af Robin Williams. „Hann... hann var bara orðinn svo rosalega lasinn. Í hjartanu.“ Hún horfir á myndina. Lítur svo á mig. „Er hann til í alvörunni?“ „Já.“ „Akkurru var hann veikur?“ Aftur hika ég. „Umm... Það er góð spurning. Sumir verða veikir.“

**VIÐ** sitjum þegjandi í dálitla stund og brátt hefur hún gleymt sér í tölvuleik. Skyndilega dettur mér í hug að snúa vörn í sókn. „Af hverju gerirðu svona?“ segi ég og bendi á skjáinn. Frænka mín lítur upp með vanþóknunarsvip og horfir á mig í dálitla stund áður en hún yppir öxlum og heldur áfram í leiknum. Sumar spurningar eru einfaldlega ekki svaraverðar.



**BRUGDIÐ Á LEIK** Nýir leikarar bregða á leik í þáttaröðinni í bland við þá sem sáust í þeirri fyrri. Þar má nefna grínleikara á borð við Björn Jörund Friðbjörnsson, Þorstein Bachmann og Maríönnu Klöru Lúthersdóttur.

# Ofnæmiskonan snýr aftur í Stelpunum

Gamanleikkonur Íslands sameinast á ný í Stelpunum. Leikstjóri þáttanna segir gamla karaktera skjóta upp kollinum en einnig sé fullt af nýjum.

„Það er algjörlega kominn tími til að taka upp þráðinn með Stelpunum,“ segir Óskar Jónasson, leikstjóri Stelpnanna, en æfingar fyrir gamanþáttaröðina eru í fullum gangi. Þátturinn snýr aftur á skjáinn nú í haust eftir að nærri áratugur er liðinn frá því fyrsti þátturinn leit dagsins ljós.

Óskar segir alltof mikið af fyndnum sketsum til. „Þetta er mikil tilraunastarfsemi og þá er ágætt að geta valið úr þegar við fáum fjarlægð á þetta.“

Æfingaferlið er gríðarlega mikilvægt. „Bæði til þess að velja sketsa og til þess að ákveða hver leikur hvað.“ Á meðan á æfingaferlinu stendur eru senur endurskrifaðar og æfðar í þaula. „Við fáum oft nýjar hugmyndir og þegar hópurinn hittist þá gerast hlutirnir á miklu markvissari hátt. Það er miklu meira gaman að skrifa saman,“ segir Óskar og hlær.

„Ég get lofað því að það verða nokkrir gamlir karakterar en mikið af nýjum,“ segir Óskar dul-



**ENDURSKRIFA SENUR** Á meðan á æfingaferlinu stendur endurskrifa leikarnir senur eftir því sem nýjar hugmyndir koma upp.

arfullum rómi en vill ekki gefa af mikið upp. Hann gefur addendum þáttanna þó eitt til að hlakka til: Ofnæmiskona Ilmar Kristjánssdóttur kemur aftur á skjáinn. „Nú er hún búin að opna lífsstílsbúð, það er að segja heilsubúð.“

nanna@frettabladid.is

„Það er algjörlega kominn tími til að taka upp þráðinn með Stelpunum.“

Óskar Jónasson leikstjóri.

**BÍÓ PARADÍS** EUROPA CINEMAS

**MONTY PYTHON LIVE (mostly) 7 - 12 ÁGÚST: 20.00**

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



# 55"

# SJÓNVARPS TILBOÐ

**THOMSON**  
LED ULTRA HD

**299.990**

VERÐ ÁÐUR 499.990

### Thomson 55UW9786

55" LED Ultra HD sjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160p upplausn. Smart TV. Wifi. Active 3D. 2D í 3D. Pure Image Ultra. Mega Contrast. 200 Hz Clear Motion Index. Stafrænn DVB-C, DVB-T/2 móttakari. DLNA. Skype. 2x USB, 3x HDMI, AVI, Component, Optical, heyrnatólstengi, Coaxial út, VGA og CI+ rauf. Hótelstilling. 2 x Active gleraugu fylgja.



# 32"

**FINLUX**

**59.990**

VERÐ ÁÐUR 69.990

### Finlux 32FLZ189B

32" LED sjónvarp með 1366x768p og Progressive Scan. Stafrænn DVB-T+C móttakari. Gervihnattamóttakari. USB, 2x HDMI, Scart, Ci, S-video, S/PDIF, PC, CVBS og heyrnatólstengi. Hótelstilling.



# 32"

**Panasonic**

**69.990**

VERÐ ÁÐUR 89.990

### Panasonic TX32AW304

32" VIERA LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og 100 Hz Back Light Blinking. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2, DVB-S, DVB-S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. USB, 2x HDMI, CI rauf, RCA tengi, heyrnatólstengi og Coax út o.fl. Hótelstilling.



# 32"

**LG**

**64.990**

VERÐ ÁÐUR 74.990

### LG 32LN570U

32" HD LED Smart sjónvarp. Triple XD Engine. Picture Wizard II. 100Hz Motion Clarity Index. Real Cinema 24p. Stafrænn móttakari DVB-T/C. CI kortarauf. 3 x HDMI, Scart, 3 x USB o.fl.



# 40"

**THOMSON**

**89.990**

VERÐ ÁÐUR 109.990

### Thomson 40FW3324

40" LED Full HD sjónvarp með 1920x1080p upplausn. 100Hz. Pure Image 3 engine. Háskerpu HDTV DVB-T2/C stafrænn móttakari. HDMI, VGA, Digital Coax, CI+, VGA, hljóð og heyrnatólstengi. USB upptaka. Hótelstilling.



# 39"

**Panasonic**

**119.990**

VERÐ ÁÐUR 139.990

### Panasonic TX39AW304

39" VIERA LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 100 Hz Back Light Blinking. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2, DVB-S, DVB-S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. Media spilarí. USB, 2x HDMI, Scart, Component, CI rauf, composite, RCA tengi, Heyrnatólstengi og Coax út. Orkuflokkur A+.



# 42"

**Panasonic**

**129.990**

VERÐ ÁÐUR 159.990

### Panasonic TX42AS500Y

42" Smart VIERA LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Vreal Smart Engine. 100 Hz Back Light Blinking. VIERA Connect nettenging. Wi-Fi. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Media spilarí. Scart, 2x HDMI, Component, CI rauf, Composite, RCA, DNLA, Optical út og heyrnatólstengi. Apple/Android síma og spjaldtölvu App.



# 42"

**LG**

**154.990**

VERÐ ÁÐUR 169.990

### LG 42LB620V

42" Full HD 3D sjónvarp með Full HD 1920x1080p upplausn og IPS skjá. Triple XD Engine. 100Hz MCI. Intelligent Sensor. Cinema 3D. 2D to 3D. Stafrænn DVB-T2/C móttakari. Gervihnattamóttakari. Time Machine upptaka. USB, 2x HDMI, optical út o.fl.



# 50"

**Panasonic**

**159.990**

VERÐ ÁÐUR 189.990

### Panasonic TX50AS500Y

50" Smart VIERA LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Vreal Smart Engine. 100 Hz Back Light Blinking. VIERA Connect nettenging. Wi-Fi. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. 2x HDMI, CI rauf, RCA, DNLA, Optical út o.fl. Apple/Android síma og spjaldtölvu App.



# 47"

**LG**

**164.990**

VERÐ ÁÐUR 179.990

### LG 47LB561V

47" Full HD sjónvarp með Full HD 1920x1080p upplausn og Triple XD Engine. Picture Wizard II Stafrænn DVB-T2/C móttakari. Gervihnattamóttakari. 2x10w Sourround með Clear Voice. USB, 2x HDMI, Scart, Component, composite, optical út o.fl.

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)

**LG OLED**  
SJÓNVARP  
SELJUM SÍÐUSTU  
EINTÖKIN MEÐ  
50% AFSLÆTTI





**ENSKA ÚRVALS-DEILDIN HEFST EFTIR 3 DAGA**

**visir.is**

Finna má meira um Ensku úrvalsdeildina



## Stjörnuleikmaðurinn

**RAHEEM STERLING** sló í gegn á síðustu leiktíð, þar sem hann skoraði níu mörk og átti fimm stoðsendingar í 30 leikjum. Sterling, sem er 19 ára, er einn mest spennandi enski leikmaðurinn sem hefur komið fram á síðustu árum. Hann er fjölhæfur, leikinn, fljótur og sífellt ógnandi. Samvinna Sterlings, sem er fæddur á Jamaíka, og Luis Suárez var mögnuð í fyrra, en nú þarf Sterling að standa á eigin fótum, sem hann er fullfær um. Hann bætti sig mikið á síðustu leiktíð og gæti tekið annað stórt skref í vetur.

## Í fimmta sætinu í deildinni verður Liverpool

Fréttablaðið hefur að undanfögnu birt spá sína fyrir ensku úrvalsdeildina í fótbolta og nú er komið að liðinu sem verður aðeins einu sæti frá því að tryggja sér farseðilinn í Meistaradeildina.

Liverpool spilaði lengst af frábærlega í fyrra. Liðið skoraði 101 mark í ensku úrvalsdeildinni og var í toppbaráttunni allt fram á lokadag. Nú er hins vegar enginn Luis Suárez í liðinu, en stærsta spurningarkerkið er hvernig Liverpool tekst að fylla hans skarð. Raheem Sterling, Coutinho og Daniel Sturridge þurfa að spila jafn vel og í fyrra og nái nýju mennirnir sér á strik verður Liverpool í góðum málum. Brendan Rodgers þarf hins vegar að berja í brestina í vörn liðsins, en Liverpool fékk á sig 50 mörk í fyrra. Svo er spurning hvernig álagið sem fylgir Meistaradeildinni fer í liðið.

### SPÁ FRÉTTABLAÐSINS

Englandsmestari	???
2. ???	3. Á morgun
4. Man. United	5. Liverpool
6. Everton	7. Tottenham
8. Stoke	9. Swansea
10. Newcastle	11. Southampton
12. Aston Villa	13. C. Palace
14. Sunderland	15. West Ham
16. Hull	17. QPR
Pessi lið falla	
18. WBA	19. Leicester
20. Burnley	

## NÝJU ANDLITIN

**ADAM LALL-ANA**

→ Kom frá Southampton



**DEJAN LOVREN**

→ Kom frá Southampton

**RICKIE LAMBERT**

→ Kom frá Southampton

**LAZAR MARKOVIC**

→ Kom frá Benfica

# Vön því að pabbi sé ekki alltaf heima

Dagur Sigurðsson tók í gær við starfi landsliðsþjálfara Þjóðverja í handbolta og er fyrsti útlendingurinn sem þjálfar liðið. „Ég tek það ekki eins og að menn hafi eitthvað á móti mér,“ segir Dagur um umræðuna um að verið sé að ráða útlending. Fram undan eru samt „mannskemmandi“ 10 mánuðir þar sem hann þjálfar bæði Fühse og þýska landsliðið.

**HANDBOLTI** Íslenskir handboltaþjálfarar eru áfram þeir heitustu í handboltaheiminum og enn ein sönnun þess er ráðning Dags Sigurðssonar í gær. Dagur braut þá blað í sögu þýska handboltalandsliðsins þegar hann varð fyrsti útlendingurinn sem þjálfar liðið. Dagur mun næstu árin ráða ríkjum eins og hinn ógleymanlegi Heiner Brand gerði á árunum 1997 til 2011.

### Stóra markmiðið er ÓL 2020

Dagur skrifar undir sex ára samning sem verður endurskodaður eftir þrjú ár. „Þýskaland heldur keppnina árið 2019 á heimavelli með Dönnum og stóra markmiðið er síðan Ólympíuleikarnir 2020. Þá vilja menn hafa lið sem keppir um þann titil. Eftir þrjú ár setjumst við niður og sjáum til hvort við séum á réttri leið með það og hvort ég sé klár í þessi sex eða hvort annar taki við,“ segir Dagur en það fer ekkert á milli mála að mikil pressa fylgir því að þjálfar þýska landsliðið í handbolta.

„Ég var strax búinn að ákveða það að teygja mig ekki of langt eftir þessu og að þetta yrði að gerast á mínum forsendum. Ég var með langan samning við Fühse Berlin til 2017 og sá samningur stendur að miklu leyti. Það var samt töluvert þúsluspil að klára þetta því það komu fleiri að þessu, bæði Fühse Berlin og sambandið. Síðan þurfti þýska deildin að samþykkja þetta líka því svona tvöfalt starf er ekki leyfilegt nema með samþykki allra liða,“ segir Dagur.

### Var inni í myndinni

„Ég var inni í myndinni fyrir tveimur til þremur árum og átti þá

**Pað versta sem getur gerst er að ég verði rekinn og þurfi að flytja heim.**

Dagur Sigurðsson, nýr þjálfari þýska landsliðsins í handbolta.

nokkra fundi með sambandinu. Ég fékk þá ekki starfið. Í sumar eftir að þeir töpuðu á móti Pólverjum fórum við að stinga saman nefjum og þetta hefur síðan tekið á sig alvarlega mynd á síðustu vikum,“ segir Dagur um aðdragandann.

Hann hefur auðvitað orðið var við umræðuna um að ráða ekki þýskan landsliðsþjálfara. „Ég held að það sé bara umræða sem hefði líka komið upp á Íslandi ef íslenska sambandið væri að taka inn erlendan þjálfara. Sú umræða á alveg rétt á sér. Ég tek það ekki eins og að menn hafi eitthvað á móti mér heldur bara sem þarfa umræðu,“ segir Dagur. Hann klárar sitt fimmta tímabil með Fühse Berlin í vetur.

Þýskaland verður með á HM í Katar eins og frægt er orðið en Dagur getur þó ekki byrjað að plana það mót strax. „Fyrst eru æfingaleikir um miðjan september á móti Sviss og svo koma leikir í undankeppni Evrópumótisins á eftir þeim þar sem ég mæti meðal annars Patreki Jóhannessyni, þjálfara Austurríkis. Það eru næstu skref,“ segir Dagur.

Þjóðverjar hafa verið í basli með landsliðið sitt, misstu af EM í janúar og fóru skrítna leið inn á HM 2015.

### Sofnuðu á verðinum

„Þeir hafa svolítið sofið á verðinum eftir heimsmeistaratitilinn 2007 hvað varðar þróun á leikskipulagi og öðru slíku. Það sem skiptir mestu máli er að þeir þurfa að fara að vinna fleiri leiki. Þeir hafa ekki unnið nema 50 prósent af þeim leikjum sem þeir hafa spilað hvort sem það eru æfingaleikir eða á stórmótum,“ segir Dagur og leggur áherslu á að mikið verk sé fram undan.

„Þú hoppar ekkert úr því beint í einhverja toppbaráttu. Það tekur tíma að vinna og það þurfa að koma ákveðin kynslóðaskipti og það tekur svolitinn tíma. Núna er þúsluspiðið að finna leikmenn sem geta dregið vagninn og jafnframt að finna unga leikmenn sem geta



**ÞJÁLFAR AF INNLIFUN** Dagur Sigurðsson sést hér stjórna liði Fühse Berlin sem hann gerði að þýskum bikarmeisturum á síðasta tímabili. MYND/GETTY

þá staðið sig vel 2019 og 2020. Ég þarf síðan að þúsla því saman í konsept sem passar við minn leikstíl. Ég reyni að toga þetta þannig áfram,“ segir Dagur.

### Mannskemmandi

Það mun reyna á hann að stýra tveimur liðum en það gerði hann á sínum tíma með austurríska landsliðið og Bregenz.

„Ég er alveg vanur þessu því ég hef prófað það áður að vera með tvö lið. Það fer samt ekki vel saman. Það er nánast mann-

skemmandi að sökkva sér svona mikið í handbolta. Það fer mikill tími í að skoða vídeó og skoða lið og leikmenn. Það étur upp orku og maður þarf því að hugsa vel um sig. Vitandi það að þetta er bara í ákveðinn tíma, í bara níu til tíu mánuði, þá veit ég að ég get andað eftir það,“ segir Dagur.

### Þá flyt ég bara heim

„Ég tek bara þennan vetur á fullu og reyni að gera mitt besta. Það versta sem getur komið fyrir mig er að ég verði rekinn og þurfi að

flytja heim,“ segir Dagur sem segist hafa tekið þessa ákvörðun í fullu samráði við fjölskylduna.

„Fjölskyldan er orðin vön því að pabbi sé ekki alltaf heima. Þau eru öll mjög hress og kát í Berlín og ég fæ góðan stuðning frá þeim. Þetta verður líka til þess að við getum eitthvað verið meira heima á Íslandi í framtíðinni og kannski sjá þau pabba sinn eitthvað aðeins meira þegar þetta ár er búíð,“ sagði Dagur að lokum en hann er þriggja barna faðir.

ooj@frettabladid.is

# Ekki búin að plana meira en sturtuna

Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir varð í þriðja sinn aðeins einu sæti frá úrslitum á stórmóti.

**FRJÁLSAR** Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir tókst ekki að komast í úrslit á EM í frjálsum í gær þegar hún keppti fyrst Íslendinga á Evrópumótinu í ár. Ásdís var skiljanlega svekkt eftir undankeppnina enda ætlaði hún sér miklu meira á mótinu sem fór fram á „heimavelli“ hennar í Zürich.

„Ég kastaði ekki nógu langt og það er bara svoleiðis stundum. Ég ætla ekki að fara að afsaka mig neitt. Þetta gekk bara ekki upp hjá mér,“ sagði Ásdís Hjálmsdóttir þegar Fréttablaðið náði í hana í gær. Hún hefur æft undanfarið í Sviss.

Ásdís var einu sæti frá úrslit-

unum alveg eins og á EM 2012 og HM 2011. „Auðvitað er þetta enn þá meira svekkjandi að vera svona nálægt þessu en ég átti að vera í þessum úrslitum,“ sagði Ásdís.

Ásdís kastaði lengst 56,36 metra í öðru kasti sínu en hin sænska Sofi Flink var sú síðasta inn í úrslit með kast upp á 57,53 metra. Ásdís var því meira en metra frá því að komast í úrslit.

„Ég hef kastað yfir 57,50 metra á sex mótum í sumar. Ég var svo sem ekkert langt frá því en ég á að geta náð þessu. Þegar maður er að leggja allt í þetta þá er það ekki nóg að vera bara með,“ segir Ásdís.

„Svona hlutir gerast. Stelpan sem var búin að kasta næstlengst í heiminum í ár (Hanna Hatsko-Fedusova frá Úkraínu) kastaði aðeins 53 metra og endaði neðarlega. Spjótið er bara þannig grein að svona hlutir gerast. Spjótið er bara svo viðkvæm tæknigrein að smá klikk getur tekið af manni marga metra. Það þarf því allt að smella,“ sagði Ásdís.

Ásdís náði þremur gildum köstum en hún kastaði fyrst 55,81 metra, þá 56,36 metra og loks 54,4 metra í lokakastinu þegar hún vissi að hún þyrfti að bæta sig töluvert.

„Þessi vegalengd var alls ekki

lýsandi fyrir þann stað sem ég er á í dag og ég á að geta gert miklu betur. Ég hef samt enga afsökun fyrir þessu. Ég hitti ekki á það í dag,“ sagði Ásdís, sem miðaði allt við EM og var ekkert búin að skipuleggja framhaldið hjá sér. „Núna er ég bara á leiðinni í sturtu og ég er ekki komin lengra en það,“ sagði Ásdís og bætti síðan við:

„Ég kem heim í haust en það eru nokkrar vikur eftir af tímabilinu. Mig langar til þess að fá nokkur mót en ég veit ekkert hvar staðan er akkúrat núna. Ég vona allavega að ég fái eitt til tvö mót í viðbót,“ sagði Ásdís að lokum. -66j



**KASTAÐI 56,36 METRA** Ásdís sést hér í einu kasta sinna í gær. MYND/GETTY





**ENSKA ÚRVALS-DEILDIN HEFST EFTIR 3 DAGA**

**visir.is**

Finna má meira um Ensku úrvalsdeildina á Vísi



**Stjörnuleikmaðurinn**

**ROBIN VAN PERSIE** þekkir vel til Louis van Gaal, þjálfara Man Utd, en hann spilaði undir hans stjórn hjá hollenska landsliðinu. Stuðningsmenn United vonast til að van Gaal nái að laða það besta fram í van Persie, en samband þeirra þykir mjög gott. Van Persie var frábær á sínu fyrsta tímabili með United, þar sem hann skoraði 26 mörk í 38 leikjum. Framherjinn náði sér ekki jafn vel á strik í fyrra, en hann átti við meiðslu að stríða. Van Persie var fluttur undir stjórn Van Gaal á HM og þarf að eiga gott tímabil ætli United sér að berjast um enska meistaratitilinn í vetur.

**Í fjórða sætinu verður Manchester United**

Fréttablaðið hefur að undanförunu birt spá sína fyrir ensku úrvalsdeildina í fótbolta og nú er komið að liðinu sem tryggir sér fjórða og síðasta farseðilinn í Meistaradeildina á næstu leiktíð.

Stuðningsmenn Manchester United vilja eflaust gleyma síðasta tímabili sem fyrst. David Moyes réð ekki við þjálfarastarfið og var að lokum sagt upp. Við starfi hans tók Louis van Gaal, sem stjórnaði bronsliði Hollands á HM. Van Gaal er afar sigursæll þjálfari sem heldur uppi miklum aga og hefur skýra sýn á leikinn. Og miðað við úrslitin í æfingaleikjum virðist hann vera á réttri leið með lið United. Það er hins vegar ekki enn komin endanleg mynd á leikmannahópinn, en liðið þarf líklega að fá 2-3 leikmenn til að geta barist um Englandsmeistarátitilinn. Van Gaal mun ná betri árangri en Moyes í fyrra, en það bara spurning hversu góðum. Fjórða sætið er líklegasta niðurstaðan.

**SPÁ FRÉTTABLAÐSINS**

Englandsmeistari	???
2. ???	3. ???
4. Man. United	5. Liverpool
6. Everton	7. Tottenham
8. Stoke	9. Swansea
10. Newcastle	11. Southampton
12. Aston Villa	13. C. Palace
14. Sunderland	15. West Ham
16. Hull	17. QPR
Pessi lið falla	
18. WBA	19. Leicester
20. Burnley	

**NÝJU ANDLITIN**

**ANDER HERRERA**  
→ Kom frá Athletic Bilbao



24 ára miðjumaður sem var keyptur á 4,7 milljarða íslenskra króna.

**LUKE SHAW**  
→ Kom frá Southampton

19 ára bakvörður sem er dýrasti unglingur sögunnar og bætti þar met Waynes Rooney.



**SVEKKJANDI** Hafþór komst ekki í úrslitin á EM í Zürich. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

**Hafþór komst ekki í úrslitin**

**FRJÁLSAR** Hafþóri Sigurðar-dóttur tókst ekki að tryggja sér þátttökurétt í úrslitum í langstökki kvenna í Evrópumótinu í frjálsum íþróttum sem fer fram í Zürich þessa dagana. Hafþór þurfti að stökkva 6,65 metra í langstökkinu eða vera á meðal tólf bestu í undankeppninni til þess að komast í úrslitin sem fara fram á morgun.

Hafþór stökk 5,84 metra í fyrsta stökki, 5,89 metra í öðru stökki og lengst stökk hún í þriðju tilraun sem var 6,27 metrar. Það nægði henni hinsvegar ekki að þessu sinni en hún endaði í fimmtánda sæti.

Hafþór hefur þó ekki lokið keppni á mótinu en hún keppir í undanrásum í 200 metra hlaupi á fimmtudaginn. - kpt



**FRÁBÆR** Ronaldo átti fínan leik í sigrinum á Sevilla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Ronaldo sá um Sevilla í Wales**

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo sýndi allar sínar bestu hliðar í 2-0 sigri Real Madrid á Sevilla í Ofurbikarnum í gær. Ronaldo skoraði bæði mörk leiksins og virðist ekkert lát vera á markaskorun portúgalska framherjans.

Leikurinn um Ofurbikarinn er árleg hefð þar sem sigurvegarar Meistaradeildarinnar og Evrópu-deildarinnar mætast en gríðarlegur munur var á liðunum í gær. Stjörnum prýtt lið Real Madrid gaf Sevilla engin tækifæri í leiknum.

Toni Kroos og James Rodríguez léku báðir sína fyrstu leiki í treyju Real Madrid í gær. - kpt



**SIEMENS**

**Það er aðeins einn sigurvegari.**

**Spanhelluborðin frá Siemens eru afbragðsgóð.**

[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

Siemens er í forystusætinu við framleiðslu á spanhelluborðum rétt eins og ýmsu öðru. Það er því auðveld ákvörðun að velja spanhelluborð frá Siemens í eldhúsið. Siemens þróar, hannar og framleiðir spanhelluborð sín í eigin verksmiðjum en það færir kaupendum ávallt nýjustu tækni. Glæsileg hönnun, gegnheil gæði og frábærir kostir spanhelluborðanna frá Siemens tryggja fyrsta flokks frammistöðu í hvert sinn sem þau eru notuð. Það kom okkur því ekki á óvart að eitt þeirra spanhelluborða, sem við höfum á boðstólum í verslun okkar (EH 651FE17E), hlaut hæstu einkunn í nýjustu prófunum **Testfakta** í Svíþjóð ([www.testfakta.se](http://www.testfakta.se)).



**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

Siemens. Framtíðin flyst inn.

**FUDGE** Þú kemst fljótt að!  
...en þú getur líka þentað tíma

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**Rakarastofan Klapparstíg**

**S: 5513010**



## Stöð 2 kl. 20.00 How I Met Your Mother

Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



## Í KVÖLD



**EM í frjálsum íþróttum**  
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.30** Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum sem haldið er í Zürich þar sem fylgst verður með 100 metra grindahlaupi karla. Einnig verður fylgst með 100 metra hlaupi karla.



**Breaking Bad**  
**STÖÐ 2 GULL KL. 21.00** Fimmta þáttaröðin um efnafraeðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem nýtir efnafraeðipækkingu sína í framleiðslu og sölu á eiturlyfjum og sogast inn í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.



**America's Next Top Model**  
**SKJÁR EINN KL. 20.30** Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Þetta er í fyrsta sinn sem fleiri en 14 þátttakendur fá að spreyta sig í keppninni enda taka piltar líka þátt í þetta sinn.

## FM 957 kl. 10.00 Heiðar Austmann

Heiðar Austmann er aldursforseti stöðvarinnar en er samt yngstur í anda að eigin sögn. Heiðar kom til starfa á FM957 árið 1998 og hefur því unnið samfleytt á stöðinni í ríflega 15 ár.



# NÝ STÖÐ TIL AÐ VERA Í STUÐI MEÐ!

**FM MAX**  
 KLASSÍK FM 103,9

VIÐ SPILUM ÞAÐ SEM OKKUR SÝNIST  
 TÓNLIST FRÁ 1990 TIL DAGSINS Í DAG

SIÓNVARP

FMX.IS

ÚTVAPPID

ÚTVARPIÐ

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm in the Middle
- 08.30 Wipeout
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Spurningabomban
- 11.00 Grey's Anatomy
- 11.45 Grand Designs
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Cold Feet
- 13.50 Episodes
- 14.20 Smash
- 15.05 Grallararnir
- 15.30 Xiaolin Showdown
- 15.50 Arrested Development
- 16.20 The Michael J. Fox Show
- 16.45 The Big Bang Theory
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 The Michael J. Fox Show (19:22)
- 19.35 The Middle (13:24)
- 20.00 How I Met Your Mother (17:24) Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.
- 20.25 Léttir sprettir
- 20.45 The Night Shift (4:8) Nýtt lækna-drama í anda Grey's Anatomy sem gerist á bráðamóttökunni í San Antonio og fjallar um ástir og örlög lækna.
- 21.30 Mistresses (9:13) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við karlmann. Þættirnir eru byggðir á samnefndri breskri þáttaröð.
- 22.15 Covert Affairs (5:16) Þriðja þáttaröðin af Covert Affaris sem fjallar um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leyniþjónustunni, CIA. Annie Walker er nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún er skyndilega kölluð til starfa.
- 23.00 Enlightened
- 23.30 NCIS
- 00.15 Major Crimes
- 01.00 Those Who Kill
- 01.45 Louie
- 02.10 The Blacklist
- 02.50 Backdraft
- 05.05 How I Met Your Mother
- 05.25 The Middle
- 05.50 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 07.00 Real Madrid - Sevilla
- 14.20 Shellmótið
- 15.00 Meistaradeild Evrópu. Bayer Leverkusen - Man. Utd.
- 16.45 Pepsímörkin 2014
- 18.15 Real Madrid - Sevilla
- 20.05 Forrest Griffin The Ultimate Fighter Þáttur um Forrest Griffin frá UFC.
- 21.15 Formúla 1 - Ungverjaland
- 23.55 Demantamótin

## SPORT 2

- 14.45 Football League Show 2014/15
- 15.15 Man. Utd. - Aston Villa
- 17.00 Gianfranco Zola
- 17.30 Enska úrvalsdeildin - upphitun
- 18.25 Arsenal - Man. City
- 20.10 Goals of the Season 2013/2014
- 21.05 Guinness International Champions Cup 2014

- 20.00 Hrafnabing 20.30 Hrafnabing 21.00 Fæðuþólf 21.30 Á ferð og flugi

- ÚTVARP  
FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2  
FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1

## STÖÐ 3

- 18.40 Guys With Kids
- 19.00 Hart of Dixie (2:22)
- 19.45 Romantically Challenged (6:6)
- 20.10 Sullivan and Son (7:10) Gamanþættir um ungan lögfræðing sem söðlar um í lífinu og tekur við kráarrekstri föður síns í Pittsburgh.
- 21.25 Gang Related (4:13) Hörku-spennandi þættir um sérstaka deild innan lögreglunnar í Los Angeles sem fæst eingöngu við hættulegustu og erfíðustu sakamál.
- 23.00 Ravenswood (10:10) Spannandi þættir um fimm ókunnuga einstaklinga sem tengjast nánum böndum og takast á við bölvun sem hvílir á bænum þeirra Ravenswood.
- 23.40 The 100 (11:13)
- 00.20 Hart of Dixie (2:22)
- 01.05 Romantically Challenged (6:6)
- 01.25 Sullivan and Son
- 02.40 Gang Related
- 04.20 Tónlistarmyndbönd

## Krakastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveins
- 07.45 Elías 07.55 UKI 08.00 Brunabíllarnir
- 08.22 Ljótí andurunginn og ég 08.44 Gulla og grænjaxlarnir
- 08.56 Rasmus Klumpur og félagar
- 09.00 Ævintýri Tinna 09.25 Latibær 09.47 Hvellur keppnisbill
- 10.00 Könnuðurinn Dóra 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 10.45 Dóddi litli og Eyrnastór 10.55 Sumardalsmyllan
- 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveins
- 11.45 Elías 11.55 UKI 12.00 Brunabíllarnir
- 12.22 Ljótí andurunginn og ég 12.44 Gulla og grænjaxlarnir
- 12.56 Rasmus Klumpur og félagar
- 13.00 Ævintýri Tinna 13.25 Latibær 13.47 Hvellur keppnisbill
- 14.00 Könnuðurinn Dóra 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 14.45 Dóddi litli og Eyrnastór 14.55 Sumardalsmyllan
- 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveins
- 15.45 Elías 15.55 UKI 16.00 Brunabíllarnir
- 16.22 Ljótí andurunginn og ég 16.44 Gulla og grænjaxlarnir
- 16.56 Rasmus Klumpur og félagar
- 17.00 Ævintýri Tinna 17.25 Latibær 17.47 Hvellur keppnisbill
- 18.00 Könnuðurinn Dóra 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 18.45 Dóddi litli og Eyrnastór 18.55 Sumardalsmyllan
- 19.00 Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið
- 20.20 Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

- 17.55 Strákarnir
- 18.20 Frasier
- 18.45 Friends
- 19.05 Seinfeld
- 19.30 Modern Family
- 19.55 Two and a Half Men
- 20.15 Örlagadagurinn (15:30)
- 20.45 Heimsókn
- 21.00 Breaking Bad (4:8)
- 21.45 Chuck (7:22)
- 22.30 Cold Case (16:23)
- 23.15 Boardwalk Empire
- 00.10 Without a Trace
- 00.55 E.R.
- 01.40 Örlagadagurinn
- 02.15 Heimsókn
- 02.30 Breaking Bad
- 03.15 Chuck
- 04.00 Cold Case
- 04.45 Boardwalk Empire
- 05.40 Tónlistarmyndbönd

## BÍÓSTÖÐIN

- 12.00 Parental Guidance
- 13.45 Happy Gilmore
- 15.15 Playing For Keeps
- 17.00 Parental Guidance
- 18.45 Happy Gilmore
- 20.15 Playing For Keeps
- 22.00 Little Miss Sunshine
- 23.45 How I Spent My Summer Vacation
- 01.20 Scorpion King 3. Battle for Re
- 03.05 Little Miss Sunshine

## RÚV

- 08.00 EM í frjálsum íþróttum Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum sem haldið er í Zürich.
- 16.35 Disneystundin
- 16.36 Finnabogi og Felix
- 16.58 Nýi skólinn keisarans
- 17.20 Sígildar teiknimyndir
- 17.30 Tákn málsfréttir
- 17.40 EM í frjálsum íþróttum Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum sem haldið er í Zürich.
- 18.35 Hróturinn Hreinn
- 18.45 Fum og fát
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 EM í frjálsum íþróttum Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum sem haldið er í Zürich þar sem fylgst verður með 100 metra grindarhlaupi karla. Einnig verður fylgst með 100 metra hlaupi karla.
- 20.00 Með okkar augum (5:6) Einlæg og skemmtileg þáttaröð þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni lífandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt.
- 20.30 Mánudagsmorgnarnir (5:10)
- 21.15 Frú Brown (5:7) (Mrs. Brown Boys) Margverðlaunaðir gamanþættir um kjaftvora húsmóðurina Agnes Brown í Dublin. Höfundur og aðalleikari er Brendan O'Carroll, en þættirnir hafa m.a. hlotið BAFTA-verðlaun.
- 21.45 Íslenskar stuttmyndir (Snjó) Ungur drengur vaknar, en virðist enn staddur í draumi. Íslensk stuttmynd eftir Jón Egil Bergþórsson. e.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurféttir
- 22.20 EM í frjálsum íþróttum (Samantekt)
- 22.30 Muammar Gaddafi - Hin hliðin (Mad Dog - Inside the Secret World of Muammar Gaddafi)
- 00.00 Glæður
- 00.55 Fréttir
- 01.05 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.00 My Mom Is Obsessed
- 16.45 Psych
- 17.30 Dr. Phil
- 18.10 Catfish
- 18.55 King & Maxwell
- 19.40 America's Funniest Home Videos (43:44)
- 20.05 Save Me (12:13)
- 20.30 America's Next Top Model (9:16)
- 21.15 Emily Owens M.D (12:13) Emily Owens er nýtskrifaður læknir og hefur fengið starf á stórum spítala í Denver. Henni finnst hún loksins vera orðin full-orðin og fagnar því að gagnfræðaskóla-árin eru að baki þar sem hún var hálfgerður lúði, en ekki líður á löngu áður en hún uppgötvar að spítalamenningin er ekki svo ólík klíkunum í gaggó.
- 22.00 Vexed (1:6) Vexed er stutt gaman/dramaðaröð sem var skrifuð af Howard Overman.
- 22.45 The Tonight Show
- 23.30 Leverage
- 00.15 House of Lies
- 00.40 Vexed
- 01.25 The Tonight Show
- 02.10 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

- 08.00 PGA Championship 2014 12.00 Golfing World 2014 12.50 LPGA Tour 2014 14.50 US Open 2014 20.50 Golfing World 2014 21.40 LPGA Tour 2014 23.25 Feherty

- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin





Way of Life!

# SX4 S-CROSS

## Nýr fjórhjóladrifinn sjálfskiptur Suzuki S-Cross.

### Verð aðeins kr. 4.880.000



SX4 S-Cross er nýjasti jeplingurinn frá Suzuki. Einstaklega rúmgott farþega- og farangursrými er eins og hannað fyrir kylfinga. Nægilegt pláss fyrir 2-3 golfset og 2 kerrur í farangursrými. S-Cross kemur með öflugri og sparneytinni vél. Eyðsla aðeins 5,7 l/100 km í blönduðum akstri



### ALLGRIP

Golfvörurnar á myndunum  
fást í Golfskálanum, Mörkinni 3  
[www.golfskalinn.is](http://www.golfskalinn.is)

#### MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:

- All Grip, eitt fullkonnasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaut aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkan rúður

### Komið og reynsluakið



SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOÐ Í YFIR  
40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS



## BEST Á GRILLIÐ



Lax eða bleikja sem er búin að standa í ísskáp í þrjá daga, sett á birkifjöl, er mjög gott. Sneidd sæt kartafla sem er búin að liggja í blöndu af sætri sojasósu og olíu eða pensluð með teriyaki.

Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla á Dalvík.

## Leikstjórar Matrix taka upp á Íslandi

Lana og Andy Wachowski taka upp Netflix-seríuna Sense8 hér á landi og leita að íslenskum aukaleikum.

Leikstjórnarnir Lana og Andy Wachowski hafa valið Ísland sem einn af tókustöðum nýrrar sjónvarps-seríu, Sense8. Systkinin er vel þekkt í Hollywood þar sem þau leikstýrðu og skrifuðu meðal annars Matrix-þrileikinn og Cloud Atlas og skrifuðu V for Vendetta. Tökur hefjast hér á landi 26. ágúst og standa til 6. september en Eskimo-Casting leitar nú að íslenskum aukaleikum fyrir seríuna. Opnar prufur fara fram í húsakynnum Eskimo í Bolholti 4, 2. hæð, í dag og á morgun frá 15–18.

„Við leitum að fólki á aldrinum 18-70 ára af öllum stærðum og gerðum og engrar leikreynslu er krafist. Einnig leitum við að fólki sem er vant hjúkrunar- og læknisstörfum sem og klassískum tónlistarmönnum,“ segir Andrea Brabin, eigandi Eskimo, en um er að ræða einn til tvo tökudaga fyrir íslensku leikarana á tökutímabilinu.

Serían Sense8 er framleidd fyrir Netflix og ætlað er að hún komi út árið 2015. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það framleiðslufyrirtækið True North sem aðstoð-

→ Lana hét áður Laurence en hún gekkst undir kynleiðréttingaraðgerð árið 2008.

ar tökuliðið hér á landi og er um viðamikla framleiðslu að ræða. Þá helst vegna þess að flestar tökurnar munu fara fram á höfuðborgarsvæðinu þar sem kennileiti borgarinnar á borð við Perluna og Hallgrímskirkju verða í lykilhlutverki. Ekki er vitað mikið um söguþráð seríunnar en söguhetjan ku eiga að vera íslensk.



TIL ÍSLANDS Systkinin Lana og Andy Wachowski ætla að hafa Reykjavík í stóru hlutverki í sinni fyrstu sjónvarps-seríu, Sense8.

## Tveir járnkarlar í röð

Pétur Einarsson fékk áhuga á líkamsrækt þegar hann var fertugur og var þá ekki í góðu formi. Tíu árum síðar er hann að taka þátt í sínu öðru járnkarlsmóti á sex vikum.

„Ég hef aldrei verið í betra formi og finnst þetta alltaf skemmtilegra og skemmtilegra,“ segir Pétur Einarsson járnkarl, en hann er að fara að taka þátt í sínu öðru járnkarlsmóti á sex vikum um næstu helgi. Hann keppti í járnkarlsmóti í Austurríki fyrir sex vikum og er nú að undirbúa sig þar sem hann keppir í öðru járnkarlsmóti í Svíþjóð.

Pétur, sem varð fimmtugur á árinu, segist þó ekki alltaf hafa verið svona mikill íþróttamaður. „Um fertugt var ég bara meðalskrifstofumaður með smá bumbu og drakk og reykti. Ég hætti þó að drekka og reykja um þrítugt en fór þá að borða meira og vaknaði svo upp við það að vera í engu formi og allt of þungur, þetta hafði svo mikil áhrif á andlega líðan,“ útskýrir Pétur. Hann ákvað að snúa við blaðinu og hljóp sitt fyrsta maraþon þegar hann var fertugur en kynntist svo þríþrautinni fljótlega.

Pétur hefur keppt í sjö maraþonum á tíu árum, meðal annars í Berlín, London, New York, Boston og Chicago. „Árið 2006 byrja ég að keppa í þríþraut og hef keppt um allan heim. Ég held ég sé búinn að keppa í svona fimmtán þríþrautarmótum síðan árið 2006,“ bætir Pétur við.

Járnkarlsmótið er í raun þríþraut nema vegalengdirnar eru mun meiri í járnkarlsmótinu. „Í járnkarlinum syndum við 3,8 kílómetra, hjólum 180 kílómetra og hlaupum 42 kílómetra en í hefðbundinni þríþraut eru þetta 1,5 kílómetra langt sund, hjólað í 40 kílómetra og hlaupnir tíu kílómetrar. Það er mikill munur þarna á og maður þarf að vera vel búinn undir járnkarlinn,“ segir Pétur.

Hann er eins og fyrr segir að fara að taka þátt í sínu öðru járnkarlsmóti á einungis sex vikum; er ekki erfitt að búa sig undir svona keppni? „Þegar ég tók þátt í minni fyrstu þríþrautakeppni var sagt við mig að það tæki svona sjö ár að undirbúa sig fyrir sinn fyrsta járnkarl. Nú æfi ég í um þrjá tíma á dag, sex daga vikunnar í sex til níu mánuði, þetta er gríðarlega mikill undirbún-



Í HÖRKUFORMI Pétur Einarsson járnkarl verður fimmtugur á árinu og hefur aldrei verið í betra formi.

MYNÐ/EINKASAFN



JÁRNKARLINN ER EKKERT LAMB AÐ LEIKA SÉR VIÐ

Járnkarl:  
Sund 3,8 km  
Hjólreiðar 180 km  
Hlaup 42 km

Hefðbundin þríþraut:  
Sund 1,5 km  
Hjólreiðar 40 km  
Hlaup 10 km

Pétur Einarsson kláraði járnkarlsmótið í Austurríki fyrir skömmu á tímanum 11:29:49 og ætlar sér að gera enn betur í Svíþjóð um helgina.

ingur, það er ekki séns á að klára svona keppni annars,“ segir Pétur.

Hann kláraði sitt fyrsta járnkarlsmót á tímanum 11:29:49. „Í mínum aldursflokk, 50 til 54 ára karlar, voru 323 skráðir, 240 kláruðu og ég var í 74. sæti. Það voru þrjú þúsund keppendur í heildina og meðaltíminn var um þrettán tímar þannig að ég var sáttur.“

Hann er þó ekki eini Íslendingurinn sem tekur þátt í járnkarlinum í Svíþjóð. „Við erum tólf manna hópur frá Þríkó, sem er þríþrautardeild Breiðabliks. Ég held að þetta sé stærsti hópur Íslendinga sem hefur farið svona saman út að keppa,“ segir Pétur, sem er staðráðinn í að bæta tíma sinn í Svíþjóð.

gunnarleo@frettabladid.is

## Halda karóki á hipster-búllu

Söngkonan Ásdís María Viðarsdóttir heldur karóikvöld ásamt kærastanum sínum, Árna Gunnari Eypórssyni, á Dolly, en þau íhuguðu að kalla það kæróki.

„Fólk gleymir því þínu hvað það er ótrúlega gaman að fara í karóki,“ segir tónlistarkonan Ásdís María Viðarsdóttir en hún heldur heljarinnar karókipartí á Dolly í kvöld klukkan 21.00 ásamt kærastanum sínum Árna Gunnari Eypórssyni.

„Við vorum að pæla í að kalla þetta kæróikvöld,“ segir Ásdís. „En fólk á smá erfitt með að bera það fram, þetta myndi þá hljóma eins og ákærurkvöld á Dolly sem væri hundrað prósent skrítið.“

Þaríð tók við karóikyndlinum af þeim Margréti Erlu Maack og Ragnheiði Másól sem héldu svipuð kvöld undir nafninu Hits and Tits.

„Það er svona ákveðið tabú að fara í karóki,“ lýsir Ásdís. „Ég sting

### → Besta karóiklagið?

Ásdís María syngur sjálf alltaf Think Twice með Celine Dion og segir það algjöra neglu. „Árni Gunnar tekur samt alltaf I Wanna Know What Love Is,“ segir Ásdís. „Ég verð alltaf enn þá meira skotin í honum þegar hann tekur það.“

oft upp á því á djamminu að fara á Obladi Oblada en það er aldrei tekið vel í það.“

Ásdís tók þá til sinna ráða og kemur með karóki til fólksins. „Við erum að draga karóki fram í dagsljósið á Dolly, hipsteralegustu búllu bæjarins, það er eiginlega fátíðlegt að við megum gera þetta þarna,“ segir söngkonan og hlær. baldvin@365.is



GLEÐIGJAFAR Kærustuparið segir það vera tabú að fara í karóki.

Í KVÖLD  
20:25

LÉTTIR SPRETTIR  
MEÐ RIKKU

Snýr aftur

MIÐVIKUDAGA KL. 20:25

## Rikka snýr aftur!

Rikka fer hringinn í kringum landið og skoðar spennandi útivist við allra hæfi. Hollt mataræði og hreyfing verða á sínum stað í þessari nýju seríu þar sem þú finnur allt til að koma þér af stað.

365.IS



**FARAND** **SIRKUS ÍSLANDS**  
— TJALDAR ÖLLU TIL —

REYKJAVÍK - ÍSAFJÖRÐUR - AKUREYRI - SELFOSS - KEFLAVÍK

# KEFLAVÍK

## 13. - 17. ÁGÚST

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [WWW.SIRKUSISLANDS.IS](http://WWW.SIRKUSISLANDS.IS)

Coca-Cola

TVG-ZIMSEN

Reykjavík  
CAPITAL AREA



BÍLALEIGA  
AKUREYRAR  
Midcar  
Europcar

midi.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Beint af Þjóðhátíð til Benidorm

Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal, 34 ára, dregur ekki af sér í skemmtanarlífinu frekar en áður. Hann skellti sér á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum yfir verslunarmannahelgina, tók vel undir í brekkusöngnum með Ingó Veðurguði og dansaði fram á rauða nótt. En það var ekki nóg því að um leið og ljósin í Dalnum slokknuðu hélt hann í djamm-paradísina Benidorm. Þar mun hann skemmta ásamt Friikka Dór og Steinda Jr.



- nej

### Frammarar kældu sig

Það var glatt á hjalla hjá þingmönnum Framsóknarflokksins í gær. Þar voru saman komin þau Karl Garðarsson, Vigdís Hauksdóttir og Frosti Sigurjónsson. Þau settust niður á góðum veitingastað við Austurvöll, steinsnar frá skrifstofum þingmanna, og kældu sig niður í góða veðrinu með sannkölluðum guðaveigum. Hvort þingmennirnir hafi verið að ræða störfín sem framundan eru skal ósagt látið, en Alþingi byrjar 9. september sem er mun fyrr en venja er. Og þeir voru fleiri sem nutu

blíðunnar. Már Guðmundsson sást í Nauthólsvík þar sem hann lék boccia. Af myndum að dæma virtist hann ekki hafa áhyggjur af stöðu sinni sem seðla-banka-stjóri.

- jhh



## Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Spyr hvort forstöðumenn geti ekki fundið sér annað starf
- 2 Þrífuraeyjan Grímsey: Þrífurarnir sem fæddust um helgina skyldir öðrum eineggja þrífurum
- 3 Umferðartafir í Reykjavík: Malbikað í sólinni
- 4 Lögreglan í Reykjavík leitaði barns
- 5 Norður-Kórea eins og þú hefur aldrei séð hana

**KitchenAid**  
THE MORE YOU USE IT  
THE BETTER IT LOOKS

**95**  
**50**  
1964-2014  
Einar Farestveit & Co.hf.  
Borgartúni 2B • Sími: 520 7900 • eif@eif.is • www.eif.is

# WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

## RENNDU ÞÉR Í FRÍIÐ!

## SALZBURG

— VERÐ FRÁ —

# 14.990 KR.

TÍMABIL: DES. 2014 - MARS 2015

**WOW MOMENT**

Það eina sem er betra en skíði í Austurrísku ölpunum eru skíði í Austurrísku ölpunum í búningum.

Lára Þórðardóttir



wowair.is